# FRÉTTABLAÐIÐ

65. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 17. MARS 2018




# Verður alltaf sveitastelpa

Leikkonan Katrín Halldóra Sigurðardóttir hefur leikið Elly í Borgarleikhúsinu fyrir sextíu og fimm þúsund Íslendinga. Hún segir það hafa verið sitt stærsta gæfuspor að hætta að neyta áfengis. → 30

## Leiðin til Afrin




Frásagnir félaga Hauks Hilmarssonar í Sýrlandi. →42



## Vinkonur í vísindum

Prófessorarnir Arna Hauksdóttir og Unnur Valdimarsdóttir. →36

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Austan og suðaustan 8-18 m/s, hvassast syðst. Rigning SA-lands, en annars úrkomulítið og víða bjart veður fyrir norðan. Heldur hægari á morgun og rigning með köflum S-til en áfram bjart N-til. SJÁ SÍÐU 52

# Milljarður reis



Hinn árlegi dansviðburður, Milljarður rís, fór fram í Hörpu í sjötta sinn í gær. Dansaði þar mikill fjöldi í samhug með konum af erlendum uppruna Sex konur af erlendum uppruna lásu frásagnir þeirra sem komið hafa fram undir formerkjum #MeToo á viðburði gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Torg tekur yfir rekstur Midi.is

**VIÐSKIPTI** Torg ehf., hefur tekið yfir rekstur midi.is. Midi.is annast miðasölu á ýmiss konar viðburði, svo sem leiksýningar, tónleika og íþróttaleiki. „Midi.is er eitt öflugasta fyrirtækið á sínu sviði á Íslandi. Það er virkilega spennandi að fá midi.is inn í Torg og samtvinna félagið og þá starfsemi sem fyrir er,“ segir Elmar Hallgríms Hallgrímsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Torgs ehf., og framkvæmdastjóri midi.is. Elmar segir stefnt að því að stórefla starfsemi midi.is með nýju og auknu vöruframboði. „Við ætlum okkur að sækja fram og vera leiðandi í miðasölu á Íslandi ásamt því að bjóða upp á nýjungar í sölu yfir netið,“ segir Elmar. Auk midi.is rekur Torg ehf. Fréttablaðið, frettabladid.is, Markaðinn og Glamour. – **ósk**

## Verður áfram í gæsluvarðhaldi

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmaður barnaverndar, grunaður um kynferðisbrot gegn að minnsta kosti átta börnum yfir tíu ára tímabil, verður áfram í gæsluvarðhaldi um sinn. Héraðsdómur Reykjaness féllst á áframhaldandi fjögurra vikna varðhald í gær.

Sævar Þór Jónsson, réttargæslumaður þriggja þolenda í málinu, segir líklegt að Reykjavíkurborg sé skaðabótaskyld vegna mistaka sem gerð voru þegar systir brotaþola tilkynnti um brot starfsmannsins til velferðarsviðs Reykjavíkur árið 2008, án þess að nokkuð væri aðhafst. Meint brot gegn einu barnanna stóðu yfir til 2010.

Vinnubrögð lögreglu voru líka gagnrýnd, því rannsókn hófst ekki fyrr en mánuðum eftir að kæra barst. Maðurinn var handtekinn í janúar. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan. – **þea**

## Fréttablaðið plús kynnt í dag

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið kynnir í dag Fréttablaðið plús. Um er að ræða fréttir, viðtöl, umfjallanir, minningargreinar og annað áhugavert og fréttnæmt efni sem eingöngu verður aðgengilegt á stafrænu formi Fréttablaðsins, það er í PDF-útgáfu blaðsins sem finna má á frettabladid.is og í snjallsímaforriti Fréttablaðsins.

Á næstu misserum mun ritstjórn blaðsins, í höfuðborginni og á landsbyggðinni, efla Fréttablaðið plús og framleiða fréttir og annað efni inn í alla útgáfudaga blaðsins, sex sinnum í viku, þar sem hægt verður að finna aragrúa efnis sem eingöngu verður aðgengilegt á stafrænu formi.

Í Fréttablaðinu plús í dag er framhald á viðamikilli umfjöllun um vini og samferðamenn Hauks Hilmarssonar, sem talið er að hafi fallið í stríðsátökum í Sýrlandi, og innlit á leiksýninguna Rocky Horror Show í Borgarleikhúsinu. – **ósk**




# Friða flugskýlisgrind frá hernámsárunum

**Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemdir við áform Minjastofnunar um að friðlýsa burðargrind og rennihurðir flugskýlis 1 sem Bretar reistu á Reykjavíkurflugvelli á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Stálgrindin jafnvel einstök á heimsvísu.**

**MINJAR** „Mjög fá önnur skýli af þessari gerð hafa varðveist og kann skýlið því að hafa varðveislugildi á heimsvísu,“ segir í umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar á Flugskýli 1 á Reykjavíkurflugvelli.

Minjastofnun Íslands hefur tilkynnt Reykjavíkurborg að stofnunin sé að undirbúa tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um að friðlýsa Flugskýli 1. „Lagt er til að friðlýsingin taki til stálburðargrindar skýlisins og upprunalegra rennihurða á göflum hússins,“ segir í bréfi þar sem borginni er lögum samkvæmt boðið að gera athugasemdir við áformin.

„Burðargrind skýlisins er upprunaleg og afar sérstök. Mjög fá önnur skýli af þessari gerð hafa varðveist og kann skýlið því að hafa varðveislugildi á heimsvísu,“ segir Minjastofnun. Flugskýli 1 sé fyrsta flugskýlið sem byggt hafi verið á Reykjavíkurflugvelli.

„Skýlið stendur við hlið gamla flugturnsins sem er friðlýst bygging. Saman mynda þau varðveisluheild sem hefur fágætisgildi á landsvísu,“ segir áfram um gildi skýlisins. Það stendur aftan við flugstjórnarmiðstöðina og er skammt frá Hótel Natura.

„Það er eitt fjögurra breskra flugskýla af gerðinni T-2 sem smíðuð voru og sett upp á Reykjavíkurflugvelli fyrir breska herinn af fyrirtækinu Teeside Bridge and Engineering Co. Ltd. Í Middlesbrough. Sama fyrirtæki smíðaði og setti upp Ölfusárbrúna á Selfossi árið 1945,“ segir Minjastofnun.

Þá er tekið fram að Flugskýli 1 sé eitt elsta mannvirkið á Reykjavíkurflugvelli. Sem slíkt tengist það sögu hernámsáranna og flugsögu Íslands. „Flest flugfélög sem starfað hafa hér á landi hafa haft aðstöðu í húsinu á ólíkum tímabilum.“

Málið var á dagskrá umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur í vikunni. Þar var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa borgarinnar. Hún er stutt: „Ekki eru gerðar athugasemdir við tillögu Minjastofnunar um friðlýsingu Flugskýlis 1.“ Formleg afstaða borgarinnar liggur hins vegar ekki enn fyrir því að málið hefur ekki verið afgreitt.

gar@frettabladid.is



Stálburðarvirki Flugkýlis 1 er jafnvel talið geta verið einstakt á heimsvísu að mati Minjastofnunar Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Skýlið stendur við hlið gamla flugturnsins sem er friðlýst bygging. Saman mynda þau varðveisluheild sem hefur fágætisgildi á landsvísu.**
>
> Minjastofnun Íslands

**MEISTARAVERK**

# 傑作

**SÝNING Í KAUPTÚNI 6 Í DAG KL. 12–16**

FLAGGSKIPIÐ ER LENT. VERTU MEÐ ÞEIM FYRSTU Á ÍSLANDI
TIL AÐ SJÁ **LEXUS LS 500h**.

Lexus LS 500h sameinar allt það besta sem hönnun og tækni Lexus hefur upp á að bjóða. Fullkomnasti bíll sem Lexus hefur þróað; innsýn í það sem koma skal í heimi lúxusbifreiða.

Ljúffengar veitingar í boði. Verið velkomin.



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING

**TÖLUR VIKUNNAR** 11.03.2018 TIL 17.03.2018

**16.200**

framhaldsskólanemar lærðu erlend tungumál skólaárið 2016-2017. Skólaárið 2014-2015 lærðu 17.400 erlend tungumál. Fækkunin í tungumálanámi er í samræmi við um 1.500 nemenda fækkun á framhaldsskólastigi á tímabilinu. Færri skylduáfangar í erlendum tungumálum vegna styttra náms kunna að hluta til að vera skýring á fækkun nema í tungumálanámi.

**24,8**

milljarða króna greiðir Landsbankinn í arð á þessu ári sem rennur nánast að öllu leyti til ríkisins.

**130**

innbrot í heimahús voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá desember til febrúar.



**110**

prósenta ávöxtun skilaði Framtakssjóður Íslands. Eiginlegri starfsemi sjóðsins, sem var stofnaður síðla árs 2009, er nú lokið.



**84.724**

tonn var fiskafli íslenskra skipa í febrúar. Á 12 mánaða tímabili frá mars 2017 til febrúar 2018 hefur heildarafli aukist um tæp 276 þúsund tonn eða 28 prósent samanborið við 12 mánaða tímabil ári fyrr.



**1**

milljón króna var hækkun launa og hlunninda forstjóra N1 á mánuði í fyrra samanborið við árið áður. Laun og hlunnindi forstjórans námu tæpum 5,9 milljónum króna á mánuði í fyrra. Stærstu eigendur N1 eru lífeyrissjóðir hér á landi.

## Þrjú í fréttum
## Áhyggjur, svifryk og skattur

**Tryggvi Gunnarsson**
*umboðsmaður Alþingis*



kvaðst hafa áhyggjur af aðgengi venjulegs fólks að dómstólum vegna mikils kostnaðar. Mikilvægt væri að tilmælum hans til stjórnvalda væri hlýtt. Tryggvi kvaðst stundum hafa fengið bágt fyrir störf sín hjá fyrirsvarsmönnum stofnana ríkisins og sagði jafnframt stjórnvöld bregðast illa og seint við óskum um upplýsingagjöf.

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson**
*umhverfisráðherra*



sagði eðlilegt að horfa þyrfti til úrræða eins og að takmarka umferð þegar svifryksmengun væri mikil rétt eins og þegar takmarkanir væru á umferð þegar veður væri slæmt. Þeir sem viðkvæmastir væru fyrir svifryki mættu ekki verða eins konar fangar mengunarinnar.

**Jón Atli Benediktsson**
*rektor Háskóla Íslands*



sagði lagningu fjármagnsskatts á styrktarsjóði lama sjóðina. Stærstu sjóðirnir væru allt að þrír milljarðar og væri ríkið að taka 60 til 100 milljónir í fjármagnstekjuskatt af þeim. Það fé mætti nýta í allt að 20 nýja styrki árlega.

# Vonsviknir kennarar búast við að nýr samningur verði felldur

**Atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning grunnskólakennara hófst í gær. Viðmælendur Fréttablaðsins eru vonsviknir með þriggja prósenta hækkun. Væntingar til vinnuveitenda eftir fagra orðræðu undanfarið.**

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðsla um kjarasamning Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga hófst í gær. Viðmælendur Fréttablaðsins telja sennilegt að kjarasamningurinn verði felldur.

Nýr samningur var undirritaður 13. mars síðastliðinn og gildir frá 1. apríl til 31. mars á næsta ári. Samið er um þriggja prósenta hækkun launa á því tímabili. „Þetta eru algjör vonbrigði, algjör vonbrigði. Ég skil ekki að menn skuli leggja þetta fyrir stéttina,“ segir Hermann Valsson, kennari í Austurbæjarskóla. Hann býst við því að samningurinn verði felldur.

Ríkharður Sverrisson segir að samningurinn hugnist sér ekki. „Það er ekki minnst einu orði á það varðandi jöfnun lífeyrisréttinda, hvernig launin okkar ættu að jafnast út á móti,“ segir hann. Það sé líka sérstakt að Félag grunnskólakennara semji fyrir ófaglærða leiðbeinendur í skólanum. „Mér finnst kjarasamningurinn festa það enn betur í sessi að það sé einhver sátt um að það sé til eitthvert starf sem heitir leiðbeinandi. En grunnskólakennari er verndað starfsheiti. Ég held að þetta sé eina starfsgreinin í landinu þar sem er hægt að veita hverjum sem er undanþágu.“



Grunnskólakennarar greiða atkvæði um nýjan kjarasamning um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

### Helstu atriði samningsins eru þessi

- Launabreytingar
- Horfið er frá vinnumati
- Undirbúningur hverrar kennslustundar er aukinn
- Tími til annarra faglegra starfa er minnkaður
- Nýr menntunarkafli
- Greitt er fyrir sértæk verkefni

Ríkharður segir þó að það séu góðir punktar í samningnum líka. Til dæmis að vinnumatið hafi verið fellt út. „En ég held að fólki finnist þriggja prósenta hækkun bara vera lágmarkshækkun. Þetta er bara það sem allir eru að fara að fá. Menn hefðu viljað sjá eitthvað meira, sérstaklega miðað við orðræðuna sem hefur verið undanfarið,“ segir Ríkharður og vísar þar í orð menntamálaráðherra og ýmissa þingmanna.

Félagsmenn í Félagi grunnskólakennara samþykktu síðast kjarasamning í desember 2016, en í aðdraganda þess höfðu félagsmenn fellt samninga í tvígang.

Atkvæðagreiðsla um nýja samninginn stendur yfir fram til klukkan tvö á miðvikudaginn næstkomandi.

**jonhakon@frettabladid.is**





Jeep

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPA
COMPASS
LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE
VERÐLÆKKUN

DÍSEL 2.0L 140 HÖ. EÐA 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING
ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM

Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tau áklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan,Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur o.fl. Einnig fáanlegur með 170 hö. bensínvél, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

í dag, laugardag

kl. 12–16

# Páska sýning




**Stórsýning hjá öllum viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi**

Við tökum forskot á páskana og bjóðum fjölbreytt úrval bíla með veglegum kaupaukum og **Hybrid bíla á frábærum kjörum**. Páskaegg fyrir yngstu kynslóðina og tíu heppnir ökuþórar hljóta 75.000 Vildarpunkta Icelandair og páskaegg nr. 7 frá Nóa í reynsluakstursshappdrætti Toyota. Taktu fjölskylduna með og aktu brosandi inn í vorið á draumabílnum.

**Sértilboð á 15 völdum bílum**

**Reynsluakstursshappdrætti**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

NÓI SÍRÍUS

ICELANDAIR

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Drangey

María er sjötug og vill selja verslunina



María Maríusdóttir

Áhugasamir hafi samband við:

fasteignakaup@fasteignakaup.is

Erna Valsdóttir, sími 892-4717

Drangey ehf. / kt. 500169 6219

Mikið úrval af gjafavöru fyrir dömur og herra

· Töskur
· Hanskar
· Seðlaveski
· Ferðatöskur
· Tölvutöskur
· Belti
· Skart og skartgripaskrín

Góðar vörur
Sanngjarnt verð
Persónuleg þjónusta

Stofnsett 1934
Drangey
Smáralind
s. 528 8800
www.drangey.is

Flísalím og fúga fyrir fagmenn



Bostik Ardaflex Top 2 Flísalím
Frostþolið flíslím f. inni, úti, votrými og yfir hitalagnir
Gönguhæft eftir rúmlega 12klst
Þyngd: 25kg
Verð: 2.590 kr.
Fæst í 5kg poka, verð 1.595 kr.



Murexin FM 60 Flexfúga
Frostþolin flísafúga
Margir litir
Þyngd: 8kg
Verð: 1.990 kr.
Einnig til í 2kg, verð 740 kr.
Einnig til í 25kg, verð 2.690 kr.

| | | |
|---|---|---|
| Reykjavík | Klettháls 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Ástralía 5.-25. október

Þriggja vikna spennandi ferð um Ástralíu frá 5.-25. október.
Mikið innifalið

Kynntu þér ferðina betur á www.icelinetravel.com



Verð 649.000 á mann miðað við 2 í herbergi.

Upplýsingar í símum 845-1425 / 899-1295
eða á tölvupósti info@iceline.is



Bjarni Ben sagði Sigríði Andersen hafa átt mikið inni fyrir stuðningi meirihluta Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

# Bjarni skaut á Þorgerði Katrínu og smáflokka

**Formaður Sjálfstæðisflokksins segir gott traust og mikinn vilja til stjórnarsamstarfs. Stjórnarmyndunin hefði verið söguleg. Hann gerði stuðning Viðreisnar við vantraust á dómsmálaráðherra að umtalsefni við setningu landsfundar.**

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir Sigríði Andersen dómsmálaráðherra hafa staðið í miklum mótvindi á síðustu mánuðum, en Sjálfstæðisflokkurinn hafi verið henni mikill bakhjarl og gert henni kleift að standa upprétt. Bjarni ræddi stöðu Sigríðar við setningu landsfundar Sjálfstæðisflokksins í gær. Sigríður hefur, sem kunnugt er, sætt ámæli eftir skipan dómara í landsrétt og eftir að dæmdum kynferðisbrotamönnum var veitt uppreist æru.

„Ég veit ekki hvort ég geti sagt að það hafi verið vonbrigði að sjá fyrrverandi samstarfsflokk og fyrrverandi flokksfélaga okkar greiða atkvæði með fáheyrðri vantrauststillögu í síðustu viku, þar sem það er svo sem ekki við miklu að búast úr þeirri átt,“ sagði Bjarni.

Bjarni sagði að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, hefði þó einhvern tímann komið kvenkyns stjórnmálamanni til varnar. „Það virðist bara ekki eiga við um Sigríði Andersen sem hefur staðið sig vel og átti mikið inni fyrir stuðningi meirihluta Alþingis og ykkar. Hún stendur sterkari eftir,“

Bjarni sagði að milli núverandi stjórnarflokka ríkti gott traust og mikill vilji til samstarfs. „Bæði til að vinna þau verk sem vitað er að þarf að vinna, en líka til að takast á við öll þau mál sem koma óvænt upp. Til þess að þarf styrk og reynslu sem er ekki öllum gefin, sérstaklega ekki smáflokkum sem eru að eigin mati aðallega í því að rugga bátnum en detta svo bara útbyrðis í öllum gusuganginum,“ sagði Bjarni.

> Við höfum áður átt gott samstarf við Framsókn, en það er ekki sjálfgefið að ná saman við Vinstri græn, sem eru hinum megin á pólitíska ásnum.
>
> Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins og fjármálaráðherra

Bjarni sagði að myndun ríkisstjórnar með VG og Framsóknarflokknum væri á margan hátt söguleg. „Við höfum áður átt gott samstarf við Framsókn, en það er ekki sjálfgefið að ná saman við Vinstri græn, sem eru hinum megin á pólitíska ásnum,“ sagði hann.

Í ræðu sinni vísaði Bjarni til þess að verkefni ríkisstjórnarinnar fram undan væru fjölmörg. „Við ætlum að halda áfram að lækka skatta á þessu kjörtímabili. Tekjuskatturinn mun lækka. Tryggingagjald mun lækka. Þetta er stefna okkar. Þetta er skrifað í stjórnarsáttmálann. Þetta mun gerast. Fyrstu skrefin verða tekin strax á næsta ári.“

Þá sagði hann að ætlunin væri að auka stuðning við nýsköpun og þróun. Virðisaukaskattur af bókum yrði afnuminn og höfundarréttargreiðslur færðar úr tekjuskatti í fjármagnstekjuskatt.

Landsfundur stendur fram á sunnudag. Í dag verður fyrirspurnatími með forystu flokksins og ráðherrum, auk þess sem málefnastarf hefst í sal. Á morgun verður kosning forystu flokksins og stjórnmálaályktun afgreidd. Að auki mun oddviti flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar, Eyþór Arnalds, ávarpa fundinn.

jonhakon@frettabladid.is

# Gefur lítið fyrir vanda innan þingflokks

**STJÓRNMÁL** Á þingflokksfundi VG á mánudaginn verður reynt að bera klæði á vopnin og ræða um það sem aflaga hefur farið í samskiptum innan þingflokksins. Tveir þingmenn, Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Andrés Ingi Jónsson, hafa eins og frægt er orðið bæði samþykkt vantraust á einn ráðherra í ríkisstjórn VG sem og að samþykkja ekki stjórnarsáttmála

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, þingflokksformaður VG, sagði í viðtali við Fréttablaðið í gær að samskipti innan þingflokksins hafi verið stirð allt frá því þing kom saman eftir kosningar.



Katrín Jakobsdóttir.

„Það er óhætt að segja að samskiptin eru erfið innan þingflokksins. Það er ekkert sérstaklega við mig frekar en aðra en þau eru svolítið erfið og hafa verið það og það er ekkert nýtt,“ sagði Bjarkey.

Forsætisráðherra gefur lítið fyrir að samskiptin séu stirð og erfið og segir að þetta sé mál sem verði afgreitt innan þingflokksins. „Það er nú þannig að ég hef verið á þingi í tíu ár. Það hafa oft verið ólíkar skoðanir innan VG og ég held að það séu engar ástæður til að ætla að við getum ekki leyst þetta,“ segir Katrín. „Það er krefjandi að vera í stórum verkefnum eins og að vera í ríkisstjórn, við þekkjum það, og skoðanir eru ólíkar. Andrés og Rósa eru félagar í okkar hreyfingu eins og ég og allir aðrir.“

Í næstu viku verða þingstörf með eðlilegum hætti en í síðustu viku hafa staðið yfir nefndastörf. – **sa**




Suzuki Ignis er nýr valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt utan sem innan.

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótor en er einnig fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Flugvélar að æra þau Ævar og Guðrúnu

**Guðrún Kristjánsdóttir og Ævar Kjartansson á Nönnugötu segja flugumferð keyra um þverbak í miðbænum. Heilbrigðiseftirlitið vitnar til Isavia um að flugumferð hafi minnkað. Umhverfisráð Reykjavíkur minnir á samkomulag um nýjan stað fyrir einka- og kennsluflug.**

**UMHVERFISMÁL** „Mér finnst svo sérkennilegt að þessi litla þjóð okkar skuli ekki vera framsýnni en það að vera með flugvöll í hjarta miðbæjarins," segir listakonan Guðrún Kristjánsdóttir, íbúi á Nönnugötu í miðbæ Reykjavíkur.

> **Það sem kemur mér líka á óvart er að umsögn heilbrigðiseftirlitsins sé beint upp úr svörum Isavia. Það er eins og þeir hafi engar rannsóknir sjálfir gert.**
>
> Guðrún Kristjánsdóttir listakona

Guðrún og eiginmaður hennar, Ævar Kjartansson útvarpsmaður, skrifuðu í fyrrasumar bréf til umhverfis og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar vegna hávaða- og olíumengunar frá flugumferð.

„Hvunndagurinn verður á einhvern óljósan hátt óttablandinn. Sérstaklega á góðviðrisdögum, því þá fer hávaðinn yfir öll velsæmismörk," segir í bréfi hjónanna sem lagt var fyrir á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsráðs með umsögn frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Hjónin hafa búið við Nönnugötu í 45 ár. Þau segja hávaðann og olíuþefinn í vissri vindátt angra þau mikið. Í fyrrasumar hafi þó keyrt um þverbak.

„Á sólríkum dögum má oft telja smárellur og þyrlur sem taka á loft á 4 til 5 mínútna fresti og valda ólýsanlegum hávaða. Í brekkunni frá Hallgrímskirkju niður í Hljómskálagarð er hávaðinn sennilega hvað mestur, en allur miðbærinn er undirlagður," er rakið í bréfinu.

„Nú er svo komið að flugvélahávaðinn nær fram yfir miðnætti og byrjar eldsnemma á morgnana. Umferð þyrla hefur aukist stórlega og útsýnisflug og/eða kennsluflug einnig."

Umhverfisráð fékk umsögn heilbrigðiseftirlitsins. Hún er byggð á gögnum frá Isavia, sem annast rekstur flugvalla hérlendis.

Kemur fram að þótt „flughreyfingum" við Reykjavíkurflugvöll hafi vissulega fjölgað 2014 til 2016 miðað við næstu þrjú ár þar á undan hafi „flughreyfingum" við völlinn fækkað sé horft tuttugu ár aftur í tímann.

„Þessi gögn styðja því ekki þá fullyrðingu kvartanda að stóraukin flugumferð sé yfir miðbæ Reykjavíkur," segir í umsögninni.

Þá kemur fram að heilbrigðiseftirlitið hafi ekki gert mælingar á hávaða frá flugumferð í tilefni kvartana. „Ástæðan er sú að ekki er hægt að greina hávaða frá flugi frá bakgrunnshávaða, svo sem umferð."



**Guðrún Kristjánsdóttir og Ævar Kjartansson segja sér vart vært í garði sínum á Nönnugötu á góðviðrisdögum vegna ólýsanlegs hávaða frá flugumferð. „Hvunndagurinn verður á einhvern óljósan hátt óttablandinn."** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Guðrún segir það koma mjög óvart á að flugumferð sé sögð hafa dregist saman. Það sé ekki sú tilfinning sem þau Ævar hafi. Augljóst sé til dæmis að þyrluflug hafi aukist mikið. Einkaþotum fjölgi einnig.

„Það sem kemur mér líka á óvart er að umsögn heilbrigðiseftirlitsins sé beint upp úr svörum Isavia. Það er eins og þeir hafi engar rannsóknir sjálfir gert," segir Guðrún.

Að sögn Guðrúnar eru þau ekki að kvarta stórlega undan áætlunarflugi. „Það er miklu meira álag frá litlum rellum sem gefa frá sér mikinn hávaða," undirstrikar hún. Fólk ætti að spyrja sig hvort það vilji menga höfuðborgina með hávaða.

Þrátt fyrir umsögn heilbrigðiseftirlitsins bókar umhverfis- og skipulagsráð að mikilvægt sé að brugðist verði við kvörtunum íbúa vegna aukins hávaða af flugumferð. Flugrekstraraðilar eigi eftir föngum að minnka ónæði sem íbúar verða fyrir.

„Svo virðist sem það sé einkum hringsól lítilla flugvéla og þyrluflug sem veldur mestu ónæði. Ráðið minnir á að fyrir liggur samningur milli ríkis og borgar frá 25. október 2013 um að innanríkisráðuneytið og Isavia skuli hafa forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn nýr staður," segir ráðið.

**gar@frettabladid.is**



Krakkabankinn

Þeyttu skífum með DJ Yamaho

DJ námskeið fyrir 14 til 17 ára í útibúi Íslandsbanka í Norðurturni

17. mars kl. 13–14

Natalie Gunnarsdóttir, öðru nafni DJ Yamaho, fer yfir það helsta sem allir plötusnúðar þurfa að hafa á hreinu og fá þátttakendur að spreyta sig á samskonar tækjabúnaði og er notaður á stærstu næturklúbbum heims.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is




The Power to Surprise

## Reynsluaktu Kia til að sigra!

Allir sem reynsluaka Kia í mars og apríl eiga möguleika á að **vinna flug, gistingu og miða fyrir tvo á leik Argentínu og Nígeríu í St. Pétursborg**, þann 26. júní. Ekki missa af þessu tækifæri! Komdu og reynsluaktu, heppnin gæti verið með þér í liði.

**Við tökum vel á móti þér í Bílaumboðinu Öskju og hjá söluumboðum Kia um land allt.**

Kia cee'd SW World Cup Edition á HM tilboði frá:

**2.890.777 kr.**

Verð áður: ~~3.190.777 kr.~~

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is · kia.com
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Jarðarberjastríð milli matvöruverslana

**Costco skók markaðinn í fyrra með lægra verði á jarðarberjum sem rokseldust en hefur dregist aftur úr. Fréttablaðið tók púlsinn á jarðarberjastríði verslana. 118 prósenta verðmunur milli verslana á innfluttum berjum. Íslenskir garðyrkjubændur neita að gefast upp.**

**NEYTENDUR** Eftir að Costco hóf að selja jarðarber á lægra kílóverði en áður hafði þekkst hér á landi í fyrra hafa innlendir samkeppnisaðilar og framleiðendur neyðst til að bregðast við. Jarðarberjaverðstríð ríkir nú þar sem matvöruverslanir keppast margar við að bjóða sem hagstæðast verð á berjunum, sem Íslendingar virðast svo sólgnir í.

Costco skók markaðinn í fyrra en kílóverð jarðarberja hefur hækkað þar um 21,8 prósent síðan í haust. Nú er svo komið að kílóverð jarðarberja hjá Costco reyndist það næsthæsta hjá þeim fimm verslunum sem Fréttablaðið gerði verðathugun hjá. Athugunin leiddi í ljós að 118 prósenta verðmunur er á ódýrasta og dýrasta kílóinu af innfluttum jarðarberjum. Aðeins ein verslun bauð upp á íslensk ber, sem skýrist af því að jarðarberjavertíðin er ekki hafin. Íslensku berin reyndust ríflega þrefalt dýrari en þau ódýrustu innfluttu.

Fréttablaðið sagði frá því í febrúar að innflutningur á ferskum jarðarberjum frá Bandaríkjunum átjánfaldaðist í fyrra vegna opnunar Costco. Jarðarberin hafa verið ein söluhæsta vara Costco frá opnun en innflutningur fór úr 26 tonnum árið 2016 í 465 tonn í fyrra. Aðrar verslanir og íslenskir framleiðendur tóku á sig högg vegna þessa. Nú virðast samkeppnisaðilar vera búnir að ná vopnum sínum og að því er virðist hagstæðari innkaupum erlendis.




**Íslendingar hafa tekið verðlækkunum á jarðarberjum opnum örmum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í verðathugun Fréttablaðsins í haust kostaði kílóið af jarðarberjum 1.266 kr. í Costco en stendur nú í 1.542 krónum. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu bjóða nú Bónus, Krónan og Nettó öll lægra kílóverð á sínum innfluttu jarðarberjum. Aðeins Hagkaup eru með hærra verð en Costco í könnuninni.

Krónan selur sömu bandarísku Driscoll's-jarðarber og Costco, í minni einingum þó, á 3 krónum lægra kílóverði en Costco.

Bónus hefur undanfarið boðið kíló af spænskum jarðarberjum á 1.098 krónur. Eftir leit í þremur verslunum á föstudag fengust þær upplýsingar hjá verslunarstjóra einnar þeirra að berin væru uppseld í öllum verslunum. Blaðamaður hafði skráð hjá sér verðið á fimmtudag í Kauptúni, en ódýrustu berin virðast búin í bili.

Nettó átti næstlægsta kílóverðið, 1.442 krónur kílóið, og var eina verslunin sem bauð upp á íslensk jarðarber. Kílóverðið á íslensku berjunum er fjarri því að vera samkeppnishæft, 3.445 krónur. Dýrustu innfluttu berin voru í Hagkaupum, á 2.396 krónur kílóið.

> **Framtíðin er björt hjá íslenskum jarðarberjabænum. Það er enn mikil eftirspurn.**
>
> Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri SFG

Íslenskir jarðarberjabændur fóru ekki varhluta af komu Costco í fyrra eins og fjallað hefur verið um. Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna, segir þó enn eftirspurn eftir framleiðslunni. Salan hafi vissulega dregist saman fyrst en því hafi verið mætt með verðlækkunum. Þegar upp var staðið hafi lítið farið til spillis.

„Við seldum á afslætti svo auðvitað urðu tekjur minni og þá var uppskeran í haust vonbrigði. En við seldum nær öll berin. Íslenska jarðarberjavertíðin fer af stað í næsta mánuði og lítur bara mjög vel út og framtíðin er björt hjá íslenskum jarðarberjabændum. Það er enn mikil eftirspurn hjá kaupmönnum og neytendum.“

Athugun Fréttablaðsins var gerð fimmtudaginn 15. mars í Bónus og Costco í Kauptúni og föstudaginn 16. mars í verslunum Nettó og Krónunnar á Granda og Hagkaupi í Kringlunni. Skráð var niður ódýrasta uppgefna kílóverð á jarðarberjum.

**mikael@frettabladid.is**

ORKUSTOFNUN

Hvernig hleður maður **rafbíl**?

**Kynning á hleðslu rafbíla á Orkustofnun, mánudaginn 19. mars kl. 12:00-13:00.**

Sigurður Ástgeirsson hjá Ísorku heldur fyrirlestur á vegum Orkustofnunar, í samstarfi við Grænu orkuna - samstarfsvettvang um orkuskipti.

Salurinn opnar kl. 12:00 og verður boðið upp á léttar veitingar í upphafi fundar. Fyrirlesturinn hefst kl. 12:15 og verður góður tími til umræðna að honum loknum.

Skráning á www.os.is

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is

NÝTT




Sjálfbærni og samfélagsábyrgð

Nóa Síríus súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Nú verða allir trítilóðir!

Hvað gerist þegar þú sameinar ljúffengt Nóa páskaegg og hina sívinsælu og ómótstæðilegu Trítla? Jú, þá gerist eitthvað stórfenglegt. Þú verður bara að prófa til að sannfærast, en við ábyrgjumst ekki að þú getir hætt að gæða þér á öllu góðgætinu.

**Gjörið þið svo vel — það er nóg til fyrir alla.**

facebook.com/noisirius

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni

ftr.

**Framboð í trúnaðarstöður**

*Í samræmi við 33. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði auglýsir félagið hér með framboðsfrest til trúnaðarstarfa fyrir félagið.*

*Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til* ***miðvikudagsins 4. apríl, kl. 12 á hádegi.***

*Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR, Stórhöfða 31, 110 Reykjavík*

*Reykjavík 16. mars 2018*

*Stjórn FTR*

*Aðalfundur félagsins verður haldinn 18 apríl kl. 17*

www.ftr.is
facebook.com/felagtaekinfolksirafidnadi/

Gott í MATINN

TILBOÐ

Nú er tilboð á **MS rjóma** í öllum verslunum. Fáðu góðar hugmyndir á **gottimatinn.is.**




# Ríkissaksóknari tætir teflonið utan af Zuma

**Fyrrverandi forseti Suður-Afríku dreginn fyrir dóm. Ákærður fyrir fjárdrátt, spillingu, fjársvik og peningaþvætti. Zuma neitar þó sök og mun væntanlega verjast með kjafti og klóm þótt hann geti ekki lengur treyst á stuðning ríkisins.**



Jacob Zuma, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, verður dreginn fyrir dóm í umfangsmiklu spillingarmáli. NORDICPHOTOS/AFP

**SUÐUR-AFRÍKA** Jacob Zuma, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, verður dreginn fyrir dóm en hann er ákærður fyrir spillingu, fjárdrátt, fjársvik og peningaþvætti. Frá þessu greindi Shaun Abrahams ríkissaksóknari í gær en ákæran gegn Zuma er í sextán liðum. Sagðist Abrahams trúa því að sigurlíkur saksóknara í málinu væru góðar.

Hinn 75 ára gamli Zuma neyddist til að segja af sér í febrúar vegna umfangsmikilla spillingarmála og þrýstings samflokksmanna. Ljóst var að bæði stjórn og stjórnarandstaða ætluðu að styðja vantraust á hendur honum en Zuma varð fyrri til og sagði af sér sjálfur.

Þetta er langt frá því að vera eina spillingarmálið sem Zuma hefur verið sakaður um aðild að. Áður en hann sagði af sér var hann uppnefndur „teflonforsetinn“ vegna þess að hann stóð öll hneykslismál af sér.

Nú, þegar Zuma er ekki lengur forseti, er óljóst hvort honum takist jafn vel að verja sig þar sem hann fær ekki lengur stuðning frá hinu opinbera. Zuma hefur hins vegar alla tíð varið sjálfan sig með kjafti og klóm. Ljóst er að von er á langdregnum réttarhöldum.

Zuma hefur nú þegar farið fram á að ákæran verði felld niður enda hefur hann alltaf neitað sök í málinu, sem tengist um 250 milljarða króna vopnakaupasamningi sem ríkið gerði meðal annars við franskt fyrirtæki seint á tíunda áratugnum. Samningurinn var gerður áður en Zuma varð forseti en hann er talinn hafa þegið mútur frá franska vopnaframleiðandanum.

Fjármálaráðgjafi Zuma á þeim tíma sem samningurinn var gerður var sakfelldur fyrir milligöngu um mútugreiðslurnar árið 2005 og var Zuma á þeim tíma rekinn úr embætti varaforseta.

Ákæran sem Zuma þarf nú að verjast er eins og áður segir í sextán liðum. Þar af tengist einn fjárdrætti, tveir spillingu, einn peningaþvætti og heilir tólf fjársvikum.

Aðalritari Afríska þjóðarráðsins (ANC), ráðandi stjórnmálaafls Suður-Afríku og fyrrverandi félagi Zuma, sagði flokkinn í gær hafa fulla trú á suðurafrísku dómskerfi. Þjóðarráðið virti sjálfstæði dómstóla og væri á þeirri skoðun að allir ættu að vera jafnir fyrir lögunum.

**thorgnyr@frettabladid.is**

## Saga vopnakaupamálsins

- Samningurinn var gerður 1999 og var um stærsta vopnakaupasamning ríkisins eftir afnám aðskilnaðarstefnunnar að ræða.
- Fyrirtæki frá Þýskalandi, Ítalíu, Svíþjóð, Bretlandi, Frakklandi og Suður-Afríku voru aðilar að samningnum.
- Árið 2005 var Schabir Shaik dæmdur í fangelsi fyrir fjársvik og spillingu í sama máli og Zuma er nú ákærður fyrir aðild að.
- Zuma fór sjálfur fyrir dóm í vopnakaupamálinu 2006. Eftir að saksóknari sagðist ekki reiðubúinn að halda áfram eftir árslanga aðalmeðferð var málið sett á ís.
- Ríkissaksóknaraembætti Suður-Afríku tók árið 2009 þá umdeildu ákvörðun að fella ákæruna á hendur Zuma í vopnakaupamálinu niður, stuttu eftir að hann var kjörinn forseti.
- Millidómstig Suður-Afríku úrskurðaði svo að málið yrði tekið upp aftur árið 2016. Zuma tapaði þegar hann áfrýjaði málinu til hæstaréttar.

KASTARA-DAGAR

50% AFSLÁTTUR AF KÖSTURUM

RAFVÖRUMARKAÐURINN
Rafvörumarkaðurinn við Fellsmúla | 108 Reykjavík | Sími: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA



## Hálft hundrað þúsunda flúði

**SÝRLAND** Allt að 50.000 almennir borgarar eru sagðir hafa flúið vígstöðvarnar í Afrin-borg og Austur-Ghouta í gær. Frá þessu greindi BBC.

Þar af flúðu að minnsta kosti 20.000 frá Austur-Ghouta, þar sem uppreisnarmenn reyna að verjast þungri sókn stjórnarhers Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, og Rússa. Um þúsund hafa dáið frá því sókn þeirra þyngdist til muna í febrúar.

Hin 30.000 flúðu frá Afrin-borg þar sem Tyrkir hafa nú innikróað hersveitir Kúrda.

Hið sjö ára langa stríð í Sýrlandi hefur kostað 12 milljónir Sýrlendinga heimili sín. Tæplega sex milljónir eru á flótta utanlands og rúmlega sex milljónir á vergangi í heimalandinu. Þá er talið að tæp hálf milljón hafi fallið í stríðinu. **– þea**


FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
T-Roc
Nýr og ferskur
Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum seldum T-Roc í mars.
Karoq
Sá nýjasti frá ŠKODA
Comfortline + pakki fylgir frítt með í mars
• Þriðja sætaröð
• Lyklalaust aðgengi
• Aðfellanlegir speglar
• LED aðalljós (Dynamic)
Andvirði 490.000 kr.
Í boði sjö manna
Tiguan Allspace
Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum pöntuðum Kodiaq og Karoq í mars.
Kodiaq
Fullt hús
jeppa og jepplinga
Outlander PHEV
Vinsælastur í flokki jeppa og jepplinga 2017
Q5
Audi Q5 Sport Quattro er á sérstöku tilboðsverði í mars.
Úrvalið af jeppum og jepplingum frá Volkswagen, Audi, Škoda og Mitsubishi hefur aldrei verið meira í HEKLU. Komdu og nýttu þér frábær tilboð á fram- og fjórhjóla gæðingum sem gera aksturinn betri á alla vegu. Hlökkum til að sjá þig!
Eclipse Cross
Aukahlutapakki að verðmæti 200.000 kr. fylgir öllum Mitsubishi sem pantaðir eru í mars.
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
HEKLA
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

LAND ROVER

# LAND ROVER OPNUNARHÁTÍÐ Í DAG FRÁ 12–16



Við efnum til veglegrar opnunarhátíðar í nýjum og glæsilegum sýningarsal Jaguar Land Rover við Hestháls. Við bjóðum ykkur velkomin að heimsækja okkur í dag milli klukkan 12–16, þiggja léttar veitingar frá Brauð & Co og upplifa allt það nýjasta og flottasta frá Land Rover.

Á opnunarhátíðinni frumsýnum við nýjar gerðir af Range Rover og Ranger Rover Sport í nýju útliti og með nýjum glæsilegum innréttingum. Að auki erum við með allar hinar gerðirnar í glæsilegum útgáfum.

Verið velkomin í heimsókn og reynsluakstur.

landrover.is

**LAND ROVER HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK**
SÍMI: 525 6500
jaguarlandrover@jaguarlandrover.is

ABOVE & BEYOND




ENNEMM / SÍA / NM87179

JAGUAR

# JAGUAR OPNUNARHÁTÍÐ Í DAG FRÁ 12-16




Við efnum til veglegrar opnunarhátíðar í nýjum og glæsilegum sýningarsal Jaguar Land Rover við Hestháls. Við bjóðum ykkur velkomin að heimsækja okkur í dag milli klukkan 12–16, þiggja léttar veitingar frá Brauð & Co og upplifa allt það nýjasta og flottasta frá Jaguar.

Á opnunarhátíðinni frumsýnum við nýjan Jaguar E-PACE sportjeppa sem er fyrsti millistóri jeppinn frá Jaguar sem lítur dagsins ljós. Ofur sportbíllinn Jaguar F-TYPE verður til sýnis í glæsilegri blæjuútgáfu sem enginn áhugamaður um fallega bíla ætti að láta fram hjá sér fara.

Verið velkomin í heimsókn og reynsluakstur.

jaguarisland.is

THE ART OF PERFORMANCE

JAGUAR HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500
jaguarlandrover@jaguarlandrover.is

JAGUAR




ENNEMM / SÍA / NM80387

# Efast ekki um ásakanirnar í garð Rússa

**Atlantshafsbandalagið styður þétt við bakið á Bretum í Skrípal-deilunni. Jeremy Corbyn efast enn og nýtur ekki stuðnings tuga þingmanna flokks síns. Rússar hafa ekki áhyggjur af alþjóðlegum stuðningi við Breta og krefjast enn sýnis af eitrinu sem notað var í tilræðinu við Skrípal-feðgin.**

Þórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



**BRETLAND** Engin ástæða er til að efast um það mat breskra yfirvalda að Rússar hafi eitrað fyrir Sergei og Júlíu Skrípal með taugaeitri í Salisbury þann 4. mars síðastliðinn. Þetta sagði Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, í gær. Sagði hann jafnframt að Bretar stæðu ekki einir í málinu heldur myndu ríki Atlantshafsbandalagsins fylkja sér að baki ríkisstjórn Theresu May.

Sergei Skrípal var rússneskur gagnnjósnari fyrir Breta. Hann var fangelsaður í heimalandinu árið 2006 en fékk hæli í Bretlandi 2010 við njósnaraskipti og hefur búið þar síðan.

„Það er mikilvægt að Rússar skilji hverju þeir tapa á því að haga sér á þann hátt sem þeir hafa gert,“ sagði Stoltenberg enn fremur og bætti við að Rússar hefðu með þessu ekki verið að haga sér á óábyrgan hátt í fyrsta skipti enda hafi Bandaríkjamenn ítrekað sakað Rússa um tölvuárásir og ólögleg afskipti af forsetakosningum ársins 2016.

Eins og Stoltenberg sagði þá standa Bretar vissulega ekki einir í málinu. Bandaríkjamenn, Frakkar, Þjóðverjar, Ástralar og yfirvöld í Eystrasaltsríkjunum hafa fylkt sér að baki Breta, þrátt fyrir að Rússar hafi ítrekað neitað sök í málinu.

Boris Johnson, utanríkisráðherra Bretlands, endurtók ásakanirnar í gær. Sagði hann yfirgnæfandi líkur á því að Vladimír Pútín, forseti Rússlands, hefði fyrirskipað árásina. „Við höfum ekkert gegn Rússum. Þetta er engin Rússafælni. Deilan er bara á milli okkar og stjórnar Pútíns. Hún snýst um ákvörðun hans um að beita taugaeitri á götum Bretlands, á götum evrópskrar borgar í fyrsta skipti frá seinna stríði.“

Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins í Bretlandi og þar með stjórnarandstöðunnar, er hins vegar ekki jafnviss. Í grein sem hann skrifaði í Guardian í gær varaði hann við því að draga ályktanir of fljótt, áður en nægileg sönnunargögn hefðu fundist. Fordæmdi hann árásina sjálfa og sagðist ekki útiloka að rússneska mafían hefði staðið að henni í stað yfirvalda.

Þingmenn Verkamannaflokksins eru þó ekki allir sammála formanni sínum. Þrjátíu þingmenn flokksins eru á meðal flutningsmanna þingsályktunartillögu um að breska þingið lýsi því yfir að Rússar hafi borið fulla ábyrgð á árásinni.

Rússar héldu áfram að neita því í gær að hafa staðið að árásinni. Sögðu Sergei Lavrov utanríkisráðherra og Dmítrí Peskov, talsmaður ríkisstjórnarinnar, jafnframt að von væri á tilkynningu um brottvísun breskra erindreka hvað úr hverju.

„Fyrr eða síðar munu Bretar þurfa að sýna svokölluðum bandamönnum sínum sönnunargögnin í málinu. Fyrr eða síðar þurfa þeir að rökstyðja ásakanir sínar,“ sagði Peskov. Hann kvaðst ekki hafa áhyggjur af stuðningi við Breta og ítrekaði beiðni Rússa um sýni af eitrinu sem notað var í árásinni svo Rússar gætu rannsakað það sjálfir.

Lögreglan í Wiltshire sagði í gær frá því að þeir einstaklingar, 131 að tölu, sem talið var að gætu hafa komist í tæri við eitrið hafi ekki sýnt nein einkenni eitrunar. Þá sagði sjúkrahúsið í Salisbury að 46 hafi leitað til læknis vegna áhyggja af eitrun en að engan hafi þurft að leggja inn.



Sergei Skrípal í Moskvu árið 2006. Hann er enn á gjörgæslu, ásamt dóttur sinni Júlíu, eftir efnavopnaárás. Árásin er sú fyrsta sem gerð er með efnavopni á götum evrópskrar borgar frá því í seinni heimsstyrjöldinni. NORDICPHOTOS/AFP

## Afturhvarf til kalda stríðsins

Ákvarðanir Breta og Rússa um að reka erindreka hvorir annarra úr landi eru afturhvarf til kalda stríðsins, ef marka má umfjöllun Washington Post. Miðillinn greindi frá því að ákvörðun Breta um að vísa 23 erindrekum, sem þeir telja raunar njósnara, úr landi væri sú umfangsmesta sinnar tegundar frá því 1985.

Þá, fyrir rúmum þrjátíu árum, ráku Bretar 25 meinta sovéska njósnara úr landi. Var það gert eftir að fyrrverandi KGB-liðinn Oleg Gordjevskí flúði til Bretlands og sagði þeim frá njósnaneti Sovétmanna.

Ef út í það er farið sagði Gordjevskí frá því árið 2008 að rússnesk yfirvöld hefðu eitrað fyrir honum í nóvember 2007 með þallíni.

Eftir brottvísanirnar 1985 hófst sams konar hanaslagur þar sem vísað var á brott á víxl. Það leiddi loks til þess að Bretar ráku 31 Sovétmann úr landi og Sovétríkin jafnmarga Breta.

# Novichok margfalt eitraðra en saríngas

**VOPN** Novichok-taugaeitrið hefur ekki verið á milli tannanna á fólki í áratugaraðir. Eftir meinta árás Rússa á Skrípal-feðgin hefur A-234 afbrigði efnisins þó fengið meiri athygli en nokkurn tímann áður. Efnið er taugaeitur, margfalt hættulegra en svokölluð VX-taugaeitur og saríngas.

Novichok, sem þýðir nýliði á rússnesku, er sameiginlegt heiti á hópi háþróaðra og banvænna efnavopna sem Sovétríkin þróuðu á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Verkefnið var háleynilegt, kallaðist Foliant, en efnafræðingurinn Víl Mírzajanov, sem kom að þróun novichok, greindi frá tilvist eitursins á tíunda áratugnum. Fyrir það var hann rekinn og fangelsaður, sakaður um föðurlandssvik.

> **Þetta er í raun algjör pynting. Það er ómögulegt að ímynda sér sársaukann. Jafnvel þótt þér sé byrlað eitrið í litlu magni muntu þjást svo vikum skiptir.**
>
> Víl Mírzajanov efnafræðingur

Mírzajanov flúði síðar til Bandaríkjanna þar sem hann birti formúluna fyrir efnavopnið í bók sinni, Ríkisleyndarmál. Í viðtali við Daily Mail í vikunni sagði Mírzajanov að eitrið væri lamandi. „Það veldur krampa víðs vegar um líkamann, svo slæmum að þú getur ekki andað. Ef skammturinn er nógu stór deyrðu af völdum novichok.“

„Þetta er í raun algjör pynting. Það er ómögulegt að ímynda sér sársaukann. Jafnvel þótt þér sé byrlað eitrið í litlu magni muntu þjást svo vikum skiptir. Þið getið ekki ímyndað ykkur hryllinginn. Þetta er svo slæmt,“ sagði efnafræðingurinn enn fremur.

Og svo virðist sem þau Skrípal-feðgin hafi þjáðst gríðarlega. Vitni sem sá til þeirra á veitingastaðnum Zizzi, þar sem Skrípal-feðgin snæddu áður en þau féllu í yfirlið og fundust á bekk fyrir utan, sagði við BBC að Sergei Skrípal hefði misst stjórn á skapi sínu, öskrað af öllum mætti og stormað út.

*Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir umsóknum um Nýræktarstyrki*

Styrkirnir eru veittir árlega til að styðja við útgáfu skáldverka höfunda sem eru að stíga sín fyrstu skref á ritvellinum og hvetja þá til frekari dáða á þeirri braut. Átt er við skáldverk í víðri merkingu orðsins.

Umsóknarfrestur er til 16. apríl 2018

*Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is*

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

**Aðalfundir deilda KEA 2018**

Verða haldnir sem hér segir:

**Deildarfundur Vestur** – Eyjafjarðardeildar verður haldinn miðvikudaginn 21. mars kl.15:30 í Leikhúsinu á Möðruvöllum

**Deildarfundur Út** – Eyjafjarðardeildar verður haldinn miðvikudaginn 21.mars kl. 17:30 í Safnaðarheimilinu í Dalvíkurkirkju

**Deildarfundur Þingeyjardeildar** verður haldinn miðvikudaginn 21. mars kl. 20:30 á Veitingahúsinu Sölku á Húsavík

**Deildarfundur Austur** – Eyjafjarðardeildar verður haldinn fimmtudaginn 22. mars kl. 15:00 í Gamla bænum á Öngulsstöðum í Eyjafjarðarsveit

**Deildarfundur Akureyrardeildar** verður haldinn fimmtudaginn 22. mars kl. 20:00 á Veitingahúsinu Greifanum, annarri hæð

Á fundunum verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum um störf deilda félagsins

*Deildarstjórnir*

KEA




## HANN HORFIR, SKYNJAR OG BREGST VIÐ

EyeSight Driver Assist Technology

**EyeSight** öryggiskerfið er eitt það fullkomnasta sem völ er á. Það tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna. Myndavélarnar senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta, greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. EyeSight kerfið gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt.

SUBARU

Confidence in Motion

ENNEMM / SÍA / NM87165

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Ford Volvo Mazda Peugeot Citroën

PÁSKAEGGJALEIT FYRIR LITLU BÖRNIN

# PÁSKA FJÖR BRIMBORGAR

## (G)EGGJUÐ TILBOÐ!

### CITROËN C4 CACTUS FEEL

SJÁLFSKIPTUR MEÐ NÁLÆGÐARSKYNJARA

VERÐ ÁÐUR: 2.940.000 KR.
**PÁSKATILBOÐ**
**2.540.000 KR.**

AFSLÁTTUR -400.000 KR.



### MAZDA6 VISION STATION

SJÁLFSKIPTUR

VERÐ ÁÐUR: 4.070.000 KR.
**PÁSKATILBOÐ**
**3.690.000 KR.**

AFSLÁTTUR -380.000 KR.



### VOLVO S60CC INSCRIPTION D3

SJÁLFSKIPTUR, EDITION ÚTFÆRSLA,
LEÐURÁKLÆÐI, BAKKMYNDAVÉL O.FL.

VERÐ ÁÐUR: 5.714.000 KR.
**PÁSKATILBOÐ**
**4.960.000 KR.**
**+ VETRARDEKK**

AFSLÁTTUR -754.000 KR.



AFSLÁTTUR -330.000 KR.

## MAZDA3 VISION

5 DYRA OG BEINSKIPTUR

VERÐ ÁÐUR: 3.260.000 KR.

**PÁSKATILBOÐ**

**2.930.000 KR.**



# FRÁBÆRT ÚRVAL!

## PEUGEOT 2008 ALLURE

SJÁLFSKIPTUR MEÐ BAKKMYNDAVÉL

VERÐ ÁÐUR: 3.250.000 KR.

**PÁSKATILBOÐ**

**2.890.000 KR.**

AFSLÁTTUR -360.000 KR.



## FORD KUGA TITANIUM S AWD

SJÁLFSKIPTUR, LEÐURÁKLÆÐI,
BAKKMYNDAVÉL O.FL.

VERÐ ÁÐUR: 5.610.000 KR.

**PÁSKATILBOÐ**

**5.190.000 KR.**

**+ VETRARDEKK**

AFSLÁTTUR -420.000 KR.



## Tilboð, páskaegg og páskaeggjaleit!
## Komdu í Páskafjör Brimborgar í dag

Það er óhætt að segja að páskatilboð Brimborgar séu alveg (g)eggjuð og ekki vantar úrvalið! Allir sem kaupa bíl í Brimborg fram að páskum fá páskaegg númer 7 frá Nóa Síríus og í dag verður páskaeggjaleit fyrir litlu börnin. Eitthvað verður stuðið þá!

***Komdu – við eigum rétta bílinn fyrir þig!***



**OPIÐ**
FRÁ 12-16
Í DAG

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

# Ógnin úr austri



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Þau tíðindi urðu í vikunni að leiðtogar þriggja evrópskra stórþjóða: Bretlands, Frakklands og Þýskalands, auk Bandaríkjanna sendu frá sér yfirlýsingu þar sem leiðtogarnir fordæmdu eiturárásina í Salisbury á Englandi. Greinilegt er að leiðtogarnir telja hafið yfir allan vafa að Rússar hafi staðið á bak við árásina.

Slík samstaða meðal leiðtoga hlýtur að teljast fréttnæm á tímum sundrungar í Evrópu vegna Brexit, og einangrunarstefnu Trumps Bandaríkjaforseta. Fyrir þá sem muna tímana tvenna er þetta heldur alls ekki óþekkt stef.

Rússland gegn hinum vestrænu bandamönnum. Nýtt kalt stríð.

Þótt viðbrögðin hafi verið óvenjulega samhent í þetta skiptið er þetta alls ekki í fyrsta skipti á liðnum árum sem grunur vaknar um afskipti Rússa á alþjóðlegum vettvangi. Breskir fjölmiðlar hafa sagt frá því að skoða eigi fleiri en tíu andlát þar í landi í þessu ljósi. Í öll skiptin var um að ræða annaðhvort landflótta Rússa eða menn sem stundað höfðu viðskipti í Rússlandi.

Frægasta dæmið er mál Alexanders Litvínenko sem eitrað var fyrir í miðborg London fyrir rúmum áratug. Dauði auðkýfingsins Borís Beresovskí vakti einnig grunsemdir.

Pútín Rússlandsforseti verður endurkjörinn í kosningum sem fara nú fram. Það vita allir. Brölt hans á alþjóðavettvangi hefur þann eina tilgang að styrkja stöðu hans heima fyrir. Mál eins og tilræðið við Skrípal-feðginin í Salisbury eykur einungis á styrk hans. Svikarar við Rússland kemba ekki hærurnar.

Í því samhengi eru viðbrögð hinna vestrænu leiðtoga heldur máttlítil. Nokkrum njósnurum er sparkað úr landi og breska konungsfjölskyldan fær ekki að fara úr landi.

Nú stendur þó til að innleiða löggjöf sem gerir breskum yfirvöldum kleift að gera illa fengnar eignir upptækar. Stærstu eignirnar sem þar eru undir eru fasteignir rússnesku ólígarkanna í London, og kannski helst enska knattspyrnuliðið Chelsea, sem er í eigu Romans Abramovich. Þessi löggjöf þarf þó vitaskuld að fara sína leið í breska þinginu.

Í þessu kristallast munurinn á Rússum og Vesturveldunum. Pútín þarf ekki að hafa áhyggjur af þingi eða þjóð. Hann gerir það sem honum hentar – þegar honum hentar.

Okkar lýðræðislega kerfi er í senn viðkvæmt og verðmætt. Það getur hins vegar stundum reynst þunglamalegt þegar mæta þarf einræðisherrum stál í stál.

Lýðræðislega kjörnir fulltrúar eru heldur ekki fullkomnir frekar en kjósendurnir sem veita þeim brautargengi. Í samanburði getum við þó prísað okkur sæla, eða eins og Churchill sagði: „Lýðræðið er versta stjórnarformið, fyrir utan öll hin.“

**Rússland gegn hinum Vestrænu bandamönnum. Nýtt kalt stríð.**


## Aðalfundur BÍ 2018

*Fimmtudaginn 26. apríl kl. 20.00 í Síðumúla 23*

Aðalfundur Blaðamannafélags Íslands árið 2018 verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl n.k. að Síðumúla 23, 3. hæð, 108 Reykjavík þar sem félagið er til húsa og hefst fundurinn stundvíslega kl. 20.00

**Dagskrá:**

Venjuleg aðalfundarstörf
Skýrslur frá starfsnefndum
Kosningar*
Lagabreytingar
Önnur mál

BÍ-félagar eru hvattir til að mæta

**Framboð til formanns BÍ þarf að berast skrifstofu BÍ ekki síðar en tveimur vikum fyrir boðaðan aðalfund.*


Gunnar




## Mín skoðun
## Guðmundur Steingrímsson



# Í vikunni barst mér bréf

Í vikunni bárust mér eins og öðrum Íslendingum sem eru fæddir árið 1972 boð frá yfirvöldum um að koma í samræmd próf í lok þessa mánaðar. Auðvitað hef ég búist við þessu bréfi. Þetta er fastur liður í samfélaginu. Allir þurfa að taka þessi próf með reglulegu millibili.

Nú er ekkert annað að gera en að setjast niður og opna bækurnar. Kaupa fullt af nammi og læra fram á nótt. Prófað verður í íslensku, ensku og stærðfræði. Það er svolítið óljóst af hverju þessi próf eru lögð fyrir fólk. Það hefur í sjálfu sér ekkert verið rætt. Fólk bara tekur þau. Ég er svolítið kvíðinn. Sumir segja að niðurstaðan hafi áhrif á það hvernig manni gengur í lífinu. Ef maður stendur sig vel getur maður búist við því að fá hærri laun. Ef maður stendur sig ekki vel, þá er dregið af manni í launum. Ef maður fellur getur maður gleymt þessu. Aðrir segja að þetta skipti engu máli.

### Hinn fullkomni fáránleiki

Þetta er að sjálfsögðu uppspuni. Það er hins vegar áhugavert að velta fyrir sér hvað væri fáránlegt í þessu dæmi. Til að mynda þetta: Ég vona að sem flestir sjái hversu asnalegt það væri að leggja svona mælikvarða á hæfileika fólks, með tilheyrandi brölti og tilkostnaði. Einstaklingur með slaka málvitund, sem les lítið og er illa skrifandi, getur verið mesti snillingur sem landið á í hugbúnaðargerð. Manneskja sem ekki getur diffrað (flestir) getur verið landsins besti bakari. Einhver sem ekki kann fullkomna ensku er mögulega okkar mesta aflakló á sjó. Samræmdur mælikvarði á getu fólks í fjölbreyttu, lifandi samfélagi er fullkomlega – og ég segi það aftur – fullkomlega fáránleg hugmynd. Hún er absúrd.

### En gerum þetta samt við börnin

Einhvern tímann í sólkerfi langt, langt í burtu ákvað einhver, einhvern tímann, að það væri samt svolítið snjallt að gera svona við börnin okkar. „Dembum á börnin svona samræmdu döti,“ sagði Zorglub á plánetunni Ráðuneyti. „Látum þau fá kvíðakast og enginn veit almennilega til hvers! Múhahaha!“

Í alvöru. Hver ákvað þetta? Hvenær? Hver var pælingin? Aftur hið augljósa: Allir vita hvað börn og unglingar eru mismunandi. Hæfileikar þeirra, rétt eins og í tilviki fullorðinna, liggja á alls konar ólíkum sviðum. Kennarar eru með börnunum okkar hálfan daginn nánast allan ársins hring í meira en áratug. Ég myndi segja að við ættum að líta svo á að hlutverk kennaranna sé einmitt þetta: Að hjálpa börnunum okkar á mótunarskeiði lífsins að finna hæfileika sína og rækta þá. Ef skólakerfið gerir þetta ekki, þá ættum við að sleppa því að hafa skólakerfi.

### Enginn pípari án Laxness

Samræmd próf hafa engu við þetta göfuga markmið að bæta. Og hin samræmda meinloka um samræmda þekkingu er allt um lykjandi. Eitthvað það dapurlegasta sem maður sér í nútímasamfélagi er ung manneskja sem ekki fær að mennta sig í því sem hún hefur áhuga á vegna þess að hún hefur ekki ennþá lesið bók eftir Laxness og tekið íslenskupróf í henni.

Það er engin tilviljun að ég nefni þetta dæmi, sem er raunverulegt. Það situr í mér. Djókið er allt á kostnað unga fólksins. Allir vita að Laxness skeytti engu um próf og skrifaði sérviskulega íslensku. Hann fékk samt Nóbelsverðlaunin. Hið magnaða er að einhverri stofnun hefur tekist að gera bækur eftir Laxness að hindrun, þegar þær ættu einmitt frekar að vera fyrirmynd og löngu tímabær áminning um þetta: Hættum að trolla únga fólkið. Hjálpum því heldur að blómstra.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

## Glæsilegur

# Hyundai Tucson

Fjórhjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskiptur, bensín eða dísil




ENNEMM / SÍA / NM87132

**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

**Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 4.790.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

## Nýjast

**Domino's-deild karla, 8-liða úrslit**

### Haukar - Keflavík 83-72

**Haukar:** Kári Jónsson 24/5 fráköst, Emil Barja 14/9 fráköst/6 stoðsendingar, Haukur Óskarsson 14, Paul Jones 11/5 fráköst, Breki Gylfason 8, Hjálmar Stefánsson 8, Finnur Atli Magnússon 2, Kristján Leifur Sverrisson 0/11 fráköst.
**Keflavík:** Daði Lár Jónsson 20, Christian Jones 18/12 fráköst/5 stoðsendingar, Ágúst Orrason 12, Guðmundur Jónsson 8, Hörður Axel Vilhjálmsson 6, Ragnar Örn Bragason 5, Magnús Már Traustason 3, Reggie Dupree 0/5 stoðsendingar.

*Haukar leiða einvígið 1-0. Liðin mætast öðru sinni á þriðjudaginn.*

### Tindastóll - Grindavík 96-92

**Tindastóll:** Antonio Hester 33/9 fráköst, Sigtryggur Arnar Björnsson 24/6 fráköst, Pétur Rúnar Birgisson 18/11 fráköst/7 stoðsendingar, Viðar Ágústsson 7, Hannes Ingi Másson 5, Chris Davenport 5, Helgi Freyr Margeirsson 3, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 1, Axel Kárason 0/5 fráköst.
**Grindavík:** Dagur Kár Jónsson 26/8 stoðsendingar, J'Nathan Bullock 25/5 fráköst, Sigurður Þorsteinsson 19/14 frákóst, Jóhann Árni Ólafsson 8/5 fráköst, Ingvi Þór Guðmundsson 7/6 fráköst, Ólafur Ólafsson 4/6 fráköst, Þorsteinn Finnbogason 2, Ómar Örn Sævarsson 1.

*Tindastóll leiðir einvígið 1-0. Liðin mætast öðru sinni á þriðjudaginn.*

## Kári í jötunmóð



**Endurkoma í lagi** Kári Jónsson sneri aftur eftir fingurbrot og skoraði 24 stig þegar Haukar unnu Keflavík, 83-72, í fyrsta leik liðanna í 8-liða úrslitum Domino's deildar karla í gærkvöldi. Haukar tóku völdin strax í upphafi leiks og létu þau ekki af hendi þrátt fyrir að það hafi hægst aðeins á þeim í seinni hálfleik. Varnarleikur Hauka var sterkur allan tímann og gerði sóknarmönnum Keflvíkinga erfitt um vik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ




# Lætur ekkert stöðva sig

**Kolbeinn Sigþórsson er í íslenska landsliðshópnum sem mætir Mexíkó og Perú í tveimur vináttulandsleikjum í Bandaríkjunum síðar í þessum mánuði.**

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson tilkynnti í gær 29 manna hópinn sem hann tekur með til Bandaríkjanna fyrir leikina gegn Mexíkó og Perú.

Eru þetta síðustu æfingaleikirnir áður en Heimir þarf að taka lokaákvörðun um hvaða leikmenn hann velur í 23 manna hópinn fyrir Heimsmeistaramótið í Rússlandi og er þetta því síðasta tækifærið fyrir leikmenn sem eru að banka á dyrnar til að minna á sig.

Kolbeinn Sigþórsson er í fyrsta sinn í landsliðshópnum síðan í 2-5 tapinu gegn Frökkum í 8-liða úrslitum Evrópumótsins en Heimir segir að þeir hafi óskað eftir því að Nantes hleypti honum í verkefnið til þess að þeir gætu skoðað í hvaða ástandi hann væri, bæði á æfingum og í leik.

„Við vitum hvaða gæði hann hefur og hvað hann getur fært liðinu, ef hann nær aftur að komast í sitt besta stand getur hann reynst þessu liði dýrmætur. Svo veitir hann liðsfélögum sínum aðhald, hann getur gert atlögu að lokahópnum rétt eins og Albert Guðmundsson sem nýtti tækifæri sitt í Indónesíu frábærlega," sagði Heimir í gær og hélt áfram:

„Þetta er líka auðvitað frábært fyrir hann að vera vonandi að sjá fyrir endann á þessum erfiðu meiðslum og sýnir karakterinn sem hann hefur, hann lætur ekkert stoppa sig."

Heimir tekur 29 manna hóp með til Bandaríkjanna, þar á meðal fyrirliðann Aron Einar Gunnarsson en Alfreð Finnbogason og Gylfi Þór Sigurðsson eru fjarverandi vegna meiðsla. Hann átti von á góðum æfingum og að menn væru ákafir í að sanna sig.

„Við höfum haldið okkur svona að mestu leyti við sama hópinn en það eru nokkur sæti laus ennþá og það er strákanna að koma sér á framfæri og gera atlögu að þessum sætum sem eru laus. Það verður höfuðverkur að velja úr þessa 23 leikmenn sem við tökum með okkur til Rússlands en það er okkar þjálfaranna að takast á við það."

Heimir greindi frá því að lokahópurinn yrði tilkynntur þann 11. maí næstkomandi en í aðdraganda mótsins mætir landsliðið Noregi og Gana á Laugardalsvelli. Fyrsti leikur Íslands er svo gegn Argentínu þann 16. júní næstkomandi í Moskvu. – kpt



**Kolbeinn er kominn aftur í landsliðið.** MYND/KSÍ

# Starfsemi Gildis - lífeyrissjóðs 2017

*Hrein eign sjóðsins í árslok var 517,3 milljarðar króna og hækkaði um 47,7 milljarða á milli ára. Á árinu greiddu 53.527 sjóðfélagar til Gildis og 22.255 fengu greiddan lífeyri úr sjóðnum. Samtals eiga 226.014 sjóðfélagar réttindi hjá sjóðum.*

### Eignir

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 512.863 m.kr. í árslok 2017 og hækkaði á árinu um 45.287 m.kr. Hrein eign séreignardeildar í árslok 2017 var 4.468 m.kr. og hækkaði um 357 m.kr. frá fyrra ári.

**Eignir samtryggingardeildar skiptast þannig:**

| | |
|---|---|
| **29,2%** | Erlend verðbréf |
| **27,4%** | Ríkistryggð skuldabréf |
| **19,3%** | Innlend hlutabréf |
| **6,0%** | Skuldabréf fjármálafyrirtækja |
| **5,9%** | Skuldabréf fyrirtækja |
| **5,5%** | Sjóðfélagalán |
| **3,4%** | Önnur skuldabréf |
| **3,4%** | Innlán og aðrar eignir |



Góð afkoma nú skýrist helst af góðri ávöxtun erlendra hlutabréfa, sem hækkuðu um 13,3% í íslenskum krónum á árinu, en einnig skiluðu innlend skuldabréf góðri afkomu. Vægi erlendra eigna nam 32,7% í árslok, samanborið við 27,1% í árslok 2016. Stefna sjóðsins er að auka vægi erlendra eigna enn frekar á komandi árum með það að markmiði að auka áhættudreifingu sjóðsins.




### Stjórn sjóðsins

Gylfi Gíslason (formaður), Harpa Ólafsdóttir (varaformaður), Áslaug Hulda Jónsdóttir, Freyja Önundardóttir, Guðmundur Ragnarsson, Kolbeinn Gunnarsson, Konráð Alfreðsson og Þórunn Liv Kvaran.

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Árni Guðmundsson.

| Efnahagsreikningur | í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | **2017** | **2016** |
| Eignarhlutir í félögum og sjóðum | 247.949 | 221.474 |
| Skuldabréf | 247.608 | 241.430 |
| Bankainnistæður | 18.047 | 6.043 |
| Aðrar fjárfestingar | 81 | 57 |
| Kröfur | 3.700 | 2.647 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 355 | 367 |
| Skuldir | -384 | -331 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **517.356** | **471.687** |

| Breytingar á hreinni eign | í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | **2017** | **2016** |
| Iðgjöld | 23.014 | 19.354 |
| Lífeyrir | -15.365 | -14.348 |
| Framlag ríkisins vegna örorku | 1.527 | 1.301 |
| Hreinar fjárfestingartekjur | 37.299 | 5.922 |
| Rekstrarkostnaður | -806 | -743 |
| Aðrar tekjur (gjöld) | 0 | 268 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 45.669 | 11.753 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 471.687 | 459.934 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **517.356** | **471.687** |

| Kennitölur samtryggingardeildar | | |
|---|---|---|
| | **2017** | **2016** |
| Hrein nafnávöxtun | 7,7% | 1,2% |
| Hrein raunávöxtun | 5,8% | -0,9% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 5,4% | 5,7% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 0,5% | 0,1% |
| Eign umfram heildarskuldbindingar (%) | -1,6% | -2,7% |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 32.966 | 30.761 |
| Fjöldi launagreiðenda | 5.835 | 5.449 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 22.255 | 20.331 |
| Rekstrarkostnaður – hlutfall af iðgjöldum | 3,2% | 3,5% |
| Rekstrarkostnaður – hlutfall af eignum | 0,16% | 0,16% |
| Árlegur rekstrarkostnaður á hvern sjóðfélaga | 3.364 kr. | 3.342 kr. |

### Ársfundur 2018

Ársfundur sjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 12. apríl kl. 17.00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá fundarins verður auglýst síðar.

## FRIDAY

Fjölskyldusófinn, hægri eða vinstri tunga. Brúnt eða dökkgrátt áklæði. Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm



**22%** AFSLÁTTUR

**218.392 kr.** ~~279.990 kr.~~

## DURHAM

Hægindastóll. Brúnt leður. Armar og grind úr viði.



**25%** AFSLÁTTUR

**59.993 kr.** ~~79.990 kr.~~

## SALLY

Hægindastóll. Brúnt eða svart PU-leður.



**22%** AFSLÁTTUR

**89.692 kr.** ~~114.990 kr.~~

## HUDSON

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Grátt slitsterkt áklæði. Stærð: 286 x 239 x 99 cm



**26%** AFSLÁTTUR

**199.793 kr.** ~~269.990 kr.~~

## CLEVELAND

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm



**22%** AFSLÁTTUR

**89.692 kr.** ~~114.990 kr.~~

IDdesign

## NEW WILSON

Borðstofustóll. Tágarseta. Svört eða viðarlit viðargrind og lappir.



**29%** AFSLÁTTUR

**9.993 kr.** ~~13.990 kr.~~

## BRISTOL

Hægindastóll. Grátt sléttflauel.



**25%** AFSLÁTTUR

**29.993 kr.** ~~39.990 kr.~~

## ANDROS

3ja sæta sófi. Grátt eða blátt sléttflauel. Stærð: 216 x 85 x 77 x cm



**20%** AFSLÁTTUR

**119.992 kr.** ~~149.990 kr.~~

## NATUZZI EDITION

**B923** 2ja eða 3ja sæta sófi úr hvítu eða svörtu gæðaleðri.

**25%** AFSLÁTTUR



2ja sæta: 168 x 99 x 89 cm

**217.493 kr.** ~~289.990 kr.~~

3ja sæta: 218 x 99 x 89 cm

**254.993 kr.** ~~339.990 kr.~~




**Reykjavík** Bildshöfði 20 | **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 | **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

Þú finnur nýjasta blaðið okkar á www.husgagnahollin.is



# Fjölbreytt og spennandi fyrir páskana í Höllinni

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

Stækkanlegt í 219,5 cm með innbyggðum stækkunum.

## MONTREUX
Borðstofuborð. Spónlögð hnota.
Stærð: 180 x 90 x H: 75 cm

70.192 kr. ~~89.990 kr.~~

22% AFSLÁTTUR

## BELINA
Borðstofuborð, viður/hvítt, stækkanlegt.
Stærð: 100 x 170/270 H: 74 cm



Belina borðstofuborðið er 170 cm langt en stækkanlegt í 270 með stækkunum sem fylgja



89.991 kr. ~~99.990 kr.~~

10% AFSLÁTTUR

## EIFFEL
Eldhússtóll með krómlöppum.
Litir: Rautt, turkis, grátt, svart eða hvítt.



34% AFSLÁTTUR

7.913 kr. ~~11.990 kr.~~

## HOVE
Borðstofustóll. Ljós-brúnt PU-áklæði og svartir fætur.



25% AFSLÁTTUR

14.993 kr. ~~19.990 kr.~~

## STORY
Borðstofustóll.
Svört eða grá skel og fætur og grátt áklæði í setu.



29% AFSLÁTTUR

9.993 kr. ~~13.990 kr.~~

## HYPE
Borðstofustóll, Dusty Rose, Mid-night eða svart PU og svartar lappir.



27% AFSLÁTTUR

21.893 kr. ~~29.990 kr.~~

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 3. apríl eða á meðan birgðir endast.*

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

# Verður á hlaupum alla helgina

Dagskrá HönnunarMars er einstaklega fjölbreytt og spennandi í ár. Dagskrástjóri HönnunarMars hvetur alla til að kynna sér dagskrána og setti saman lista yfir nokkra spennandi viðburði og sýningar fyrir lesendur.

Hátíðin HönnunarMars fer fram í tíunda sinn um helgina og um 400 þátttakendur eru með í ár. Það er því óhætt að segja að dagskráin í ár sé fjölbreytt og allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Elín Þorgeirsdóttir, dagskrárstjóri hátíðarinnar, mun hafa í nógu að snúast um helgina. „Ég verð á hlaupum um bæinn enda er rosalega margt að gerast. Ég ætla að nýta helgina vel og reyna að sjá eins mikið og ég mögulega get. Ég sem dagskrárstjóri er búin að vera að fylgjast með viðburðunum fæðast, mikið í gegnum netið, þannig að ég er orðin mjög spennt að sjá þá verða að veruleika.“

Spurð út í hvort hún mæli með einhverjum ákveðnum viðburðum fyrir þá sem vita ekki hvar þeir eiga að byrja segir Elín: „Ég hvet alla til að skoða heimasíðuna okkar því þar er hægt að skoða dagskrána eftir dögum, tegundum, svæðum og fögum. En svo eru það þessar stóru félagasýningar sem við mælum sérstaklega með,“ segir Elín og tekur sýningu FÍT í Hafnarhúsinu sem dæmi. „Svo er mikið um að vera á Korpúlfsstöðum, þar er Textílfélagið með stóra sýningu og þar verða uppákomur um helgina,“ segir Elín sem setti saman meðfylgjandi lista yfir spennandi viðburði á Hönnunarmars.

„Hátíðin er orðin rosalega stór og flott og hönnuðir hafa verið að undirbúa þetta í langan tíma þannig að ég hvet auðvitað alla til að fara og skoða dagskrána og upplifa.

gudnyhronn@frettabladid.is



Elín Þorgeirsdóttir, dagskrárstjóri HönnunarMars, mun hafa nóg að gera um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Mælt með á HönnunarMars

**Hafnarhús**
- FÍT 2018 – ein af stærtu sýningum HÖ-MA

**Geysir HEIMA**
- Theodora Alfredsdottir
- STUDIO A
- Ólöf Rögnudóttir x FÓLK REYKJAVIK
- SOUVENIR / MINNING

**Korpúlfsstaðir**
- Verðum í bandi – samsýning meðlima Textílfélagsins

**Hönnunarsafnið, Garðabæ**
- Undraveröld Kron by Kronkron: 1.200 pör af skóm
- Safnið á röngunni með Einari Þorsteini Ásgeirssyni
- ÐYSLEXTWHERE

### Annað áhugavert

**Harpa**
Wave by GENKI INSTRUMENTS

**MUN á Barónsstíg**
Nýjungar kynntar á HönnMunarmars.

**Gallerí Harbinger**
ILLIKAMBUR – MILLA SNORRASON X HANNA DÍS WHITEHEAD

**MENGI Óðinsgötu**
1+1+1+ Sweet Salone





## Um helgina, af hverju ekki að …

### LESA KRÓKÓDÍLASTRÆTIÐ EFTIR BRUNO SCHULZ




Pólski rithöfundurinn Bruno Schulz var skotinn til bana af nasistum þegar hann var tæplega fertugur. Hann hefur oft verið kallaður einn besti rithöfundur Póllands en eftir hann liggja þó einungis tvær bækur: Krókódílastrætið og Heilsuhæli undir merki stundaglassins. Hannes Sigfússon þýddi smásagnasafnið Krókódílastrætið árið 1994, en sögurnar í því byggja allar á æsku höfundar þar sem líflegar lýsingar minna helst á litrík málverk, en Bruno Schulz var einnig myndlistarmaður.

### FÖNDRA PÁSKASKRAUT

Páskafríið nálgast og því tilvalið að gleðja börnin með því að föndra svolítið páskaskraut. Það má til dæmis klippa greinar og setja í vasa og festa á þær málað pappírsskraut.



### HORFA Á UGLY DELICIOUS



Matreiðsluþættirnir Ugly Delicious á Netflix eru svo mikið meira en „bara“ matreiðsluþættir. Þarna er kafað ofan í kúltúrinn bak við nokkra þekkta og minna „fína“ rétti og alla þá núansa sem fylgja sögu matargerðar. Stjörnukokkurinn David Chang er maðurinn á bak við þessa þætti en hann ferðast þarna um allan heim til að rannsaka rétti eins og BBQ, djúpsteiktan kjúkling og steikt hrísgrjón í víða samhenginu.

### SJÁ BJARKA Á SÓNAR REYKJAVÍK



Bjarki Rúnar Sigurðarson eða bara Bjarki, er einn fremsti raftónlistarmaður heimsins í dag og, já, Íslendingur. Hann er meira að segja frá Blönduósi, þar sem hann samdi sín fyrstu lög. Bjarki hefur ekki mikið spilað á Íslandi en nú gefst okkur Íslendingum tækifæri til að sjá drenginn en hann spilar klukkan hálf eitt á SonarClub sviðinu á Sónar tónlistarhátíðinni sem fer fram í Hörpu nú um helgina.




Kynntu þér **Opel Mokka X** og pantaðu reynsluakstur á **opel.is**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–14

Bílabúð Benna

# Djarfur og sígildur söngleikur

Sýningin Rocky Horror í Borgarleikhúsinu er tryllt sjónarspil sem ýtir við siðferðisvitund áhorfenda.

Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir
asta@frettabladid.is



Söngleikurinn Rocky Horror var frumsýndur á stóra sviði Borgarleikhússins föstudaginn 16. mars en það er jafnframt afmælisdagur aðalleikarans, Páls Óskars. Óhætt er að segja að öll skilningarvit sýningargesta hafi verið þanin til hins ýtrasta að frumsýningu lokinni. Söngleikurinn er tryllt litagleði og snertir innsta kjarna áhorfenda og ýtir við siðferðisvitund þeirra.

Meginboðskapur hins sígilda söngleiks er að lifa lífinu, leynast ekki og komast út fyrir þægindarammann og segja „norminu“ stríð á hendur.

Rocky Horror fjallar um kærustuparið Brad og Janet sem leitar skjóls í gömlum kastala úti á landi í aftakaveðri eftir að springur á bílnum hjá þeim. Þar hitta þau fyrir klæðskiptinginn og vísindamanninn Frank-N-Furter og allt hans teymi sem inniheldur afar skrautlegar persónur. Unga parið glatar sakleysi sínu smám saman í þessum líflega félagsskap og lendir í ýmsum ævintýrum í kastalanum.

Rocky Horror er löngu orðinn klassískur söngleikur sem sýndur hefur verið víða um heim. Hann var frumsýndur í Royal Court leikhúsinu í London árið 1973. Upp úr söngleiknum var gerð bíómyndin Rocky Horror Picture Show árið 1975 sem á sér stóran aðdáendahóp.

Í sýningarskrá er sérstaklega tekið fram að atriði í sýningunni séu djörf og að börn séu á ábyrgð foreldra.

»

**PÁLL ÓSKAR, FRANK-N-FURTER, ÁTTI AFMÆLI Í GÆR, FRUMSÝNINGARDAG.**



Páll Óskar í hlutverki sínu sem Frank-N-Furter en það virðist sem sniðið fyrir hann. Hér er ekkert gefið eftir.



Sviðsmynd, búningar og gervi eru ýkt og íburðarmikil. Áskorun fyrir augu og eyru að fylgjast með – algjör litasprengja.



Vöðvatröllið Rocky er sköpunarverk vísindamannsins Frank-N-Furter. Hann er tákn sakleysingjans sem smátt og smátt fær smakk af forboðnum ávöxtum lífsins.



Krypplingurinn læðist um og fylgist vökulum augum með stóðlífinu sem á sér stað.



Söngvarinn Valdimar stígur sín fyrstu skref á leiksviði og – eignaði sér sviðið.

# Lék í 138 sýningum á leikárinu

Katrín Halldóra Sigurðardóttir fór krókaleið að draumi sínum að verða leikkona. Með viðkomu í eldhúsi í leikskóla, þrælþungum kennslustundum í beygingarfræði í Háskólanum og söngnámi í Danmörku. Katrín komst inn í leiklistarskólann í þriðju tilraun.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Ég hef lagt hjartað að veði í þessa sýningu. Ég held það hafi skilað sér," segir Katrín. FRÉTTABLAÐIÐ EYÞÓR

Katrín Halldóra Sigurðardóttir leik- og söngkona á að baki annasama og langa sýningartörn í hlutverki Ellyar á fjölum Borgarleikhússins. Sýningin er afar vinsæl, sextíu og fimm þúsund Íslendingar hafa séð hana. Sýningarnar eru orðnar 138 talsins og sú síðasta í bili í kvöld. Þær hefjast aftur í haust enda virðist ekkert lát á vinsældum. Þangað til leikur Katrín Halldóra í gamanleiknum Sýningin sem klikkar í leikstjórn Halldóru Geirharðsdóttur.

Það er mikill erill í Borgarleikhúsinu þegar blaðamann ber að garði. Um leikhúsið allt er skrautklætt fólk á ferð, syngjandi og raulandi línurnar sínar. Frumsýning á Rocky Horror nálgast.

**Núllstillir sig**

Katrín hefur nánast búið í Borgarleikhúsinu undanfarið. Hún hefur líka verið í tveimur stórum verkefnum utan leikhússins. Hún er með hlutverk í Ófærð 2 og tók einnig þátt í Jólagestum Björgvins.

„Já, maður er stundum alveg búinn á því eftir helgina. Mánudagar eru rólegir dagar, þá geri ég lítið. Reyni að sofa. Ná góðri hvíld. Einhver sagði að ein sýning jafnaðist á við heila vinnuviku á skrifstofu. Ég trúi þessu, maður gefur allt í þetta," segir Katrín sem segir álagið bæði andlegt og líkamlegt. Til að verja sig álaginu hugleiðir hún og stundar sjósund og kalda potta.

„Eftir langa sýningartörn er ég algjörlega búin á því að öllu leyti og þá er nauðsynlegt að hlusta á líkamann og taka það alvarlega að hann þarf að hvíla. Annars myndi maður brenna út fljótlega. Ég reyni að sofa eins lengi og ég get í törnum, það er langbest fyrir röddina og þannig er líkaminn þá búinn að hlaða sig fyrir næstu átök. Eins hugleiði ég og fer mikið í gufubað, sjósund og kalda potta. Það er algjörlega brilljant að dýfa sér ofan í, núllstillir mann alveg – þú getur ekki hugsað um neitt annað en að anda inn og út og blóðflæðið í líkamanum spýtist af stað og manni líður svo vel eftir á."

**Í miðasöluleik**

Katrín hefur alið með sér draum um að verða leikkona frá barnsaldri. Móðir hennar, Ragnheiður Kristín Hall, vann í miðasölunni í Þjóðleikhúsinu. Katrín fékk oft að koma með henni í vinnuna.

„Það var líf mitt og yndi að fá að vera þarna í leikhúsinu. Krakkar fóru í búðarleik þegar þeir voru litlir, ég fór hins vegar í miðasöluleik. Prentaði út miða og gaf fólki. Svo hélt ég heilu leiksýningarnar í fjölskylduboðum. Oft ansi dramatísk og þung verk. Lék kvalafulla dauðdaga á gólfinu. Mesta sportið fannst mér nefnilega að fara á fullorðinsleikritin. Ég var mikið þarna, að deyja úr draugahræðslu, þræða gangana og fylgjast með fyrstu fyrirmyndum mínum í leikhúsinu. Ein sýning er mér sérstaklega minnisstæð, Þrek og tár. Í henni léku Steinunn Ólína, Edda Heiðrún Backmann og Hilmir Snær. Ég horfði oft á þessa sýningu. Og líka eftir að hætt var að sýna hana, þá horfði ég á hana á spólu heima hjá mér. Ég man að þarna fann ég fyrst þessa ógurlega sterku tilfinningu, að mig langaði einn daginn til þess að standa á sviði. Og framkalla líka þessar sterku tilfinningar hjá áhorfendum," segir Katrín frá.

> FERILLINN VAR NÝHAFINN. ÞETTA HEFÐI GETAÐ ORÐIÐ MINN BANABITI. ÉG HUGSAÐI, ÞÁ ER EINS GOTT AÐ GERA ÞETTA VEL.

**Er „nobbari"**

Katrín ólst upp í Mosfellsbæ þar til hún varð tíu ára. Þá flutti hún á Neskaupstað með fjölskyldu sinni. „Ég var þar öll unglingsárin. Ég segi alltaf að ég sé frá Neskaupstað. Þar er heima fyrir mér. En svo var ég reyndar að flytja í Mosfellsbæ núna og mér finnst það æðislegt. Allt í einu púslaðist allt saman. Mér fannst ég alltaf vera gestur í þeim hverfum þar sem ég bjó áður í Reykjavík en núna þegar ég er að keyra heim úr vinnunni, þá finnst mér ég vera að keyra heim.

Ég vissi ekki að umhverfið hefði svona mikil áhrif á mig. Ég myndi auðvitað finna þessa tilfinningu líka á Neskaupstað. Þetta eru staðir þar sem mér finnst gott að vera," segir Katrín. „Ég segi alltaf að ég sé „nobbari" því föðurættin er Norðfirðingar. Ég kemst sjaldan heim á Neskaupstað vegna vinnunnar. Áður fór ég alltaf um hver jól. Núna fer ég helst á sumrin. Þetta er algjör paradís," segir Katrín og nefnir nokkra staði sem koma upp í hugann. „Fannadalurinn, Seldalurinn, ég gæti haldið áfram. Mér þykir meira að segja vænt um Oddsskarðið sem ég þræddi við hvert tækifæri um leið og ég var komin með bílpróf, í öllum veðrum. Til að komast á böllin!" Útskýrir hún og hlær. „Nú eru komin göng svo foreldrar þurfa ekki að liggja andvaka eftir unglingunum sínum. Ég skildi aldrei af hverju mamma beið alltaf eftir mér þegar ég var á balli. Ég skil það auðvitað í dag."

Katrín á tvö eldri systkini. Bæði starfa sem lögfræðingar. Faðir hennar, Sigurður Rúnar Ragnarsson, er sóknarprestur á Neskaupstað. Móðir hennar, Ragnheiður, vinnur á skrifstofu Síldarvinnslunnar.

„Þau tengjast ekki leikhúsheiminum á nokkurn hátt. Ég hefði aldrei fengið þessa innsýn í heim leiklistar ef það hefði ekki verið vegna mömmu. Þó að nú væri ég flutt langt í burtu frá leikhúsinu þá var samt gott að flytja á Neskaupstað. Erfitt stundum að vera í fámenninu, en gott. Ég verð alltaf sveitastelpa. Það breytist aldrei. Ég þarf að hafa svolítið pláss, ég þarf að sjá til fjalla og hafa kyrrð. Það er það sem ég er alin upp við og sæki í."

**Ekki á réttri hillu**

Katrín fór í framhaldsskóla í Neskaupstað. Að honum loknum fluttist hún til Reykjavíkur. Staðráðin í því að verða leikkona. Það átti hins vegar eftir að taka Katrínu þrjár tilraunir að hljóta inngöngu í Leiklistarskólann.

„Það er erfitt að fá höfnun. En þetta átti allt að fara svona. Ég gerði margt á þessum árum áður en ég komst að í Leiklistarskólanum. Sumt gekk vel, annað ekki, segir hún og brosir út í annað. „Ég var til dæmis ekki á réttri hillu í íslenskunámi í Háskóla Íslands. Ég náði nokkrum mánuðum þar. Ég segi oft frá því að síðasta kennslustundin snerist um beygingarhátt þátíðar á tímum víkinga. Þá bara gafst ég upp og hætti að mæta.

Ég hef líka mikla ástríðu fyrir matreiðslu. Ef ég væri ekki í leiklist eða söng, þá væri ég kokkur. Ég eldaði á veitingastöðum og á leikskóla Hjallastefnunnar. Naut þess mjög. Ég reyndi svo aftur inngöngu í Leiklistarskólann og var hafnað í annað sinn," segir Katrín sem ákvað að reyna fyrir sér í söng.

**Sterkari til leiks**

„Ég fór út til Danmerkur í söngnám og var þar í heilan vetur. Þegar ég kom heim komst ég inn í söngnám á djass- og rokkbraut í FÍH. Það var æðislegur tími, ég fílaði mig svo svakalega í djassinum. Í allri þeirri músík og senu. Ég fann að ég gæti gert þetta allan daginn. Allt lífið! En samt fann ég fyrir þessari löngun. Að læra leiklist. Ég ákvað að láta slag standa og sækja um í þriðja sinn og ef ég á að vera alveg hreinskilin þá var það bara svolítið erfitt fyrir egóið. Ég sagði til dæmis engum frá því að ég væri að þreyta prófin í þriðja sinn," segir hún.

„En svo kemst ég inn. Og þá gerist það að ég finn fyrir sorg. Þyrfti ég að kveðja sönginn? En svo fer allt eins og það á að fara. Ég áttaði mig á því að ég kom sterkari til leiks með sönginn í farteskinu. Ég fann að ég gat haldið söngkonudraumnum lifandi í náminu. Ég var með frábæra söngkennara, Björk Jónsdóttur og Kjartan Valdimar píanóleikara. Stundum voru bestu stundir mínar í náminu með þeim. Ég finn fyrir svo sterkri frelsistilfinningu þegar ég syng. Og það skemmtilegasta sem ég geri er að leika. Að fá að gera hvort tveggja, það er nú gæfan ein."

**Kraftur og frelsi**

Katrín fékk sitt fyrsta hlutverk í Þjóðleikhúsinu, í verkinu Í hjarta Hróa hattar. „Það var töfrum líkast að ég skyldi fá hlutverk í Þjóðleikhúsinu strax eftir útskrift. Og tengja þannig við æskudrauminn," segir Katrín.

Katrínu hafði alltaf dreymt um að syngja lög Ellyar. Þegar Gísli Örn Garðarsson leikstjóri hafði samband við hana þurfti hún ekki að hugsa sig um.

„Fólk sagði stundum við mig að ég líktist henni svolítið. Og ég var upp með mér. Mig hafði lengi langað að gera eitthvað úr lögum Ellyar. Svo er ákveðið að setja upp sýningu um

**ÞÆR STUDDU MIG BÁÐAR ENDALAUST Í LEIKLISTINNI, HÖFÐU ÓBILANDI TRÚ Á MÉR OG ÞREYTTUST EKKI Á AÐ SEGJA MÉR HVAÐ ÞÆR HLÖKKUÐU TIL AÐ SJÁ MIG LEIKA „Á STÓRA SVIÐINU“ EINN DAGINN. ÞETTA KENNDI MÉR AÐ TAKA HEILSUNNI EKKI SEM SJÁLFSÖGÐUM HLUT, LÍFIÐ ER OFT HVERFULT OG ÓGEÐSLEGA ÓSANNGJARNT.**

Elly í Borgarleikhúsinu. Og ég fékk tilboð sem ég gat ekki hafnað. Ég þekki lögin hennar vel. Og tengi líka við margt sem Elly hefur sagt um sönginn. Til dæmis þegar hún talaði um þessa frelsistilfinningu í söng. Tilfinning sem er erfitt að útskýra. Kraftur, frelsi. Hún lýsti tilfinningunni þannig að hún byrjaði í tánum og færi upp eftir öllu og niður aftur, henni liði dásamlega vel. Mér líður eins,“ segir Katrín.

### Tilfinningaferðalag

Katrín segir vissa áhættu hafa verið fólgna í því að taka að sér hlutverkið. „Ég var aðeins búin að vera að vinna í eitt og hálft ár. Ferillinn var nýhafinn. Þetta hefði getað orðið minn banabiti. Ég hugsaði, þá er eins gott að gera þetta vel. Ég setti mér það markmið að það yrði Elly sem væri á sviðinu. Ekki ég. Ég myndi segja hennar sögu. Mér finnst svo geggjað hjá Borgarleikhúsinu og Gísla Erni að hafa ákveðið að segja hennar sögu. Það hefði alveg verið hægt að setja upp sýninguna um Villa. Elly snertir einhverja taug í okkur öllum. Saga hennar er mögnuð og fyrir mig, nýútskrifaða, að fá að leika svona hlutverk var algjör draumur. Ég ákvað frá fyrsta degi að leggja allt í þetta. Ég finn það á sýningum að fólk hlustar á hverja nótu. Þessi lög eru hluti af okkur, þetta er tímavél og fólk fer í tilfinningaferðalag. Það er vandmeðfarið að fjalla um heila mannsævi í leiksýningu. Ég hef lagt hjartað að veði í þessa sýningu. Ég held það hafi skilað sér,“ segir Katrín.

### Hefur ekki breyst

Og nú þegar hún lítur til baka. Yfir krókótta leiðina að leikhúsinu. Með alls kyns útúrdúrum. Með viðkomu í eldhúsi í leikskóla, þrælþungri beygingarfræði í Háskólanum og söngnámi í Danmörku. Er þá ekki óhætt að segja að draumurinn hafi ræst?

Katrín játar og segir leiðina þó aldrei hafa getað orðið öðruvísi. „Ég er með margt gott í farteskinu einmitt þess vegna. Svona átti þetta að fara. Já, ég get sagt að draumurinn hafi ræst, ég er enn að klípa mig yfir að þetta sé ekki bara einn stór draumur. Ég fæ gífurlega mikið út úr því að leika og syngja og ég hef verið svo ótrúlega heppin með skemmtileg verkefni og samstarfsfólk,“ segir Katrín sem segir þó velgengnina ekki breyta miklu. Farsældin sé fyrst og fremst fólgin í því að fá að starfa við það sem hún elskar að fást við.

„Velgengnin breytir engu sérstöku öðru en því að núna er ég stoppuð úti á götu og spurð: „Ert þú ekki Elly stelpan?” Líka af fólki sem vill tala um sýninguna og þakka fyrir sig, sem er bara krúttlegt. Ég hef ekkert breyst sem manneskja, vona ég. Ég reyni bara að taka þessu öllu saman með stóískri ró og njóta þess að takast á við verkefnin sem koma bæði stór og smá.“

Maður Katrínar er Hallgrímur Jón Hallgrímsson. Hann er skógarhöggsmaður hjá Reykjavíkurborg og trommuleikari í rokkbandinu Sólstöfum. „Ég er ekki rokkari, ég fæ bara svona að fylgjast með. Við höfum verið saman í átta ár. Hann er líka alinn upp í Mosfellsbæ svo að við deilum þeirri tilfinningu að finnast við vera komin heim,“ segir Katrín.

### Á fullorðinn stjúpson

Þau Hallgrímur hittust í Reykjavík í gegnum sameiginlega vini. Katrín eignaðist stjúpson sem er nú að verða tvítugur. Hún segir þá feðga vera það dýrmætasta í sínu lífi.

„Ég var svo ótrúlega heppin að hann Óðinn fylgdi með Hallgrími. Hann var reyndar bara 12 ára pjakkur þá en er allt í einu núna að verða tvítugur og að útskrifast sem bifvélavirki í vor! Hann er ofboðslega gott eintak og okkar samband hefur alla tíð verið gott, við erum miklir vinir. Það eru fáir með jafn góðan húmor og Óðinn, alveg frá því að ég kynntist honum hefur hann verið með hárfína kaldhæðni og hann sér skemmtilegar hliðar á hlutunum. Það eina sem er að er að við erum með mjög ólíkan smekk á kvikmyndum! En ég er held ég alveg að verða búin að kenna honum að horfa á eitthvað annað en amerískt fjöldaframleitt rusl. Það að Óðinn fylgdi með hefur bara hvatt mig til að vanda mig þeim mun betur, vera alltaf til staðar og vera fyrirmynd. Þeir feðgar eru það fallegasta og dýrmætasta sem ég á.“

**EFTIR AÐ ÉG EIGNAÐIST HUNDINN, HANA EDITH, ÞÁ BRÁÐNAÐI EITTHVAÐ Í HJARTANU Á MÉR.**

Getur þú hugsað þér að eignast einhvern tíma börn?

„Hefðir þú spurt mig fyrir nokkrum árum hefði ég sagt þvert nei. Ég ætlaði mér sko alls alls ekki að eignast börn. En í dag svara ég þessari spurningu játandi. Ég gæti vel hugsað mér að eignast börn í náinni framtíð og stækka fjölskylduna. Eftir að ég eignaðist hundinn, hana Edith, þá bráðnaði eitthvað í hjartanu á mér. Það að hugsa um eitthvað ➡


Tækifæri

Það eru Tækifærisdagar hjá okkur. Líttu inn og gerðu góð kaup.

2016 · 2017 Framúrskarandi fyrirtæki




BOSCH
Kæli- og frystiskápar, Serie 4
„VitaFresh“-skúffa sem tryggir ferskleika grænmetis og ávaxta. „LowFrost“-tækni: Lítil klakamyndun.
H x b x d: 201 x 60 x 65 sm.
Tækifærisverð (hvítur): KGV 39VW31
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.
Tækifærisverð (stál): KGV 39UL30
99.900 kr.
Fullt verð: 139.900 kr.



BOSCH
Ryksuga
Einstaklega hljóðlát: 57 dB. Orkuflokkur A. Útblástur A. Parkett og flísar, flokkur A. HEPA-sía.
Tækifærisverð: BGL 85Q57
37.900 kr.
Fullt verð: 54.900 kr.




BOSCH
Þvottavél, Serie 4
Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Sérkerfi meðal annars: Dúnkerfi, mjög stutt kerfi (15 mín.), íþróttafatnaður, skyrtur o.fl.
Tækifærisverð: WAN 2828SSN
82.900 kr.
Fullt verð: 109.900 kr.




SIEMENS
Uppþvottavélar með Home Connect, iQ500
14 manna. Sjö kerfi. Fjögur sérkerfi. Zeolith®-þurrkun. Hljóð: 42 dB. Hnífaparaskúffa og -karfa. „aquaStop“-flæðivörn. Wi-Fi: Hægt að stjórna aðgerðum úr snjallsíma eða spjaldtölvu með Home Connect-appinu.
Tækifærisverð (hvít): SN 457W16MS
Tækifærisverð (stál): SN 457S16MS
124.900 kr.
Fullt verð: 159.900 kr.




BOSCH
Þurrkari, Serie 6
Gufuþétting, enginn barki. Sjálfhreinsandi rakaþéttir. Sérkerfi meðal annars: Ull, handklæði, íþróttafatnaður, hraðkerfi 40 mín. o.fl.
Tækifærisverð: WTW 854S9SN
117.900 kr.
Fullt verð: 149.900 kr.




SIEMENS
Bakstursofn, iQ300
Hagkvæmur, 67 lítra ofnrými. Fimm hitunaraðgerðir. Hraðhitun.
Tækifærisverð: HB 20AB212S
59.900 kr.
Fullt verð: 79.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Opið virka daga frá kl. 8.30 – 18 og á laugardögum frá kl. 11 – 14.

LÝKUR Í DAG
LAUGARDAG

HEILSU-
DÝNUR OG
HEILSURÚM

25%
TIL
50%
AFSLÁTTUR

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM



Seljum í stuttan tíma eldri gerðir rúma, sýningareintök og skiptidýnur með veglegum afslætti.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

Betra BAK









Ég verð alltaf sveitastelpa. Það breytist aldrei. Ég þarf að hafa svolítið pláss, ég þarf að sjá til fjalla og hafa kyrrð. Það er það sem ég er alin upp við og sæki í.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

annað en rassgatið á sjálfum sér er öllum hollt, myndi ég halda, hvort sem það eru dýr eða börn. Það gefur manni ótrúlega mikið og stækkar mann sem manneskju. Foreldrahlutverkið er samt stærsta hlutverkið og maður þarf að vera alveg tilbúinn í það, þannig að það kemur bara að því þegar það kemur að því,“ segir Katrín.

### Fylgja henni á sviðið

Flestir þeir sem leggja listsköpun fyrir sig þurfa að tengja við tilfinningar sínar og reynslu. Sorg og missir mótaði Katrínu og herti hana í að eltast við drauminn.

„Ég missti ömmu mína, Katrínu Hall, og föðursystur, Hönnu Stínu, með stuttu millibili 2008. Það var mjög erfitt að ganga í gegnum þá sorg því þær báðar voru mér afar kærar og nánar. Ég átti fyrirmynd í þeim báðum og þessi missir mótaði mig mikið. Þær studdu mig báðar endalaust í leiklistinni, höfðu óbilandi trú á mér og þreyttust ekki á að segja mér hvað þær hlökkuðu til að sjá mig leika „á stóra sviðinu“ einn daginn. Þetta kenndi mér að taka heilsunni ekki sem sjálfsögðum hlut, lífið er oft hverfult og ógeðslega ósanngjarnt. Þær kenndu mér líka að standa á mínu, njóta lífsins á meðan það er og elta draumana mína. Báðar voru þær dásamlegar manneskjur, kærleiksríkar og hlýjar og með góðan húmor og mér þykir afskaplega vænt um það þegar fólk kemur til mín eftir sýningu og segist hafa fundið fyrir þeim með mér á sviðinu, þær eru alltaf með mér.“

### Mesta gæfusporið að hætta að drekka

En svo er það gæfan sem hefur ekki síður mikil áhrif á það hvert leiðin liggur. Katrín segir eitt stærsta gæfusporið hafa verið að ákveða að hætta að drekka.

„Ég gæti talið svo margt upp sem er gæfa í mínu lífi, til dæmis það að hafa farið í söngnámið og leiklistarnámið eða það að hafa kynnst Hallgrími og allan okkar tíma saman. En ég væri þó aldrei að telja þetta allt saman upp ef það hefði ekki verið fyrir þá stóru ákvörðun sem ég tók fyrir fimm árum að hætta að neyta áfengis. Ég fann að það átti ekki við mig lengur. Áfengisneysla bætti nákvæmlega ekki neinu við líf mitt, tók meira af mér en það var nokkurn tíma að gefa mér.

Áfengið heldur manni líka svo mikið niðri og allt verður svo samdauna, tilfinningarnar í flækju og fylgikvillarnir oftast kvíði og vanlíðan. Það þarf hugrekki til þess að

> ÁFENGIÐ HELDUR MANNI LÍKA SVO MIKIÐ NIÐRI OG ALLT VERÐUR SVO SAMDAUNA, TILFINNINGARNAR Í FLÆKJU OG FYLGIKVILLARNIR OFTAST KVÍÐI OG VANLÍÐAN.

þora að horfast í augu við þetta, þora að viðurkenna það að þetta er ekki málið og þora að gera eitthvað í málunum.

Ég elska að lifa áfengislausu lífi og það er gífurlegt frelsi þegar maður uppgötvar að maður þarf það alls ekki til þess að skemmta sér. Ég væri aldrei að gera það sem ég er að gera í dag ef ég væri alltaf á barnum, ég náði einhvern veginn aldrei að fylla upp í sjálfa mig. Ég fúnkera best sem ég sjálf og get tekist á við hvaða verkefni sem koma upp, í lífi og starfi, hvenær sem er og alltaf verið til staðar. Það er góð tilfinning og svo sannarlega var þetta mitt stærsta og fallegasta gæfuspor.“

### Að spegla sig og skoða

Katrín segist aðspurð eiga sér ótal fyrirmyndir. Hún telur það mikilvægt.

„Maður getur alltaf séð eitthvað í öllu sem hægt er að taka sér til fyrirmyndar. Það er gaman að spegla sig í öðrum og skoða sjálfan sig. Allir hafa eitthvað sem þú getur horft til, sem hefur áhrif á þig og líf þitt og hvetur þig áfram; brosið, hlýjuna, vinnusemina, opnunina, dugnaðinn, gáfurnar, hugarfarið, hæfileikana, skapgerðina, kærleikann. Það fer eftir hvað það er hverju sinni; vinkonan sem var að fæða sitt fyrsta barn, maðurinn sem situr við hliðina á þér á tónleikum og grætur, leikkonan sem þú horfir á í bíó eða einhver sem þú lest viðtal við í blöðunum, sá/sú sem skúrar gólfið í vinnunni eða jafnvel náttúran ef út í það er farið. Fyrirmyndirnar eru út um allt.“

### Liggja í hláturskasti á æfingum

Nú er Katrín að æfa hlutverk sitt í verkinu Sýningin sem klikkar. Verkið fjallar um leikhóp í Borgarleikhúsinu sem setur upp morðgátu og allt fer úrskeiðis. Verkið fékk Olivier-verðlaunin sem besti gamanleikurinn í Bretlandi árið 2015 og er enn í sýningum þar í landi. Halldóra Geirharðsdóttir leikstýrir og Katrín fer með hlutverk sýningarstjóra í verkinu. „Ég hélt alltaf að grínið yrði það fyrsta sem ég myndi gera eftir útskrift. Ég hef nefnilega mikið starfað með Improv Ísland. Núna er hins vegar loksins komið að því að ég fæ að grínast á sviði,“ segir Katrín og dásamar leikstjórn Halldóru.

„Hún er ein okkar allra besta leikkona. Grínið er hennar element, hún er svo sjúklega klár og veit alveg hvað hún er að gera með okkur og hverju hún vill ná fram. Það er búið að vera svo fáránlega gaman á æfingum, svo gaman að við liggjum oft í hláturskasti og getum ekki æft. Um daginn var æfingin sjálf eins og grínskets, þar sem við vorum hvert í sínu horni að æfa hvernig á að rotast við að labba á hurð eða detta út um glugga eða detta á andlitið. Það er mjög erfitt að halda andliti á sviðinu því þau sem leika á móti mér í þessari sýningu eru svo fáránlega fyndin, geggjaður leikhópur. Þetta er sýning sem ég held að mestu fýlupúkar eigi eftir að skemmta sér mjög vel á. Fólk á eftir að koma í leikhúsið og hlæja heilt kvöld og fara svo út í vorið með bros á vör. Það er svo nærandi.“

*Hvernig sérðu framtíðina fyrir þér?* „Framtíðin er full af alls konar verkefnum sem lífið býður upp á. Það verður nóg að gera næstu árin í vinnu og heima fyrir. Ég reyni bara að vera opin fyrir öllu og elta það sem kemur. Að treysta ferðalaginu og það leiðir mann alltaf í skemmtilegar áttir.“

Blaðamaður stenst ekki freistinguna að spyrja. Hvaða lag getur hún alls ekki sungið? „Það er sakbitin sæla að reyna við I Have Nothing með Whitney Houston, þetta er fáránlega erfitt lag og hún var náttúrulega drottning háu tónanna. Það verður seint hægt að toppa hana!“

# BAUHAUS®

bauhaus.is









HELGARTILBOÐ
**79.995.-**
~~99.995.-~~

Broil King
Great Barbecues Every Time

**Baron 340 gasgrill**
3 Dual Tube brennarar, 8,8 kW/klst. Hliðarbrennari, 2,7 kW/ klst. Grillflötur 48 x 44 cm. Grind úr steypujárni. Lok úr gljábrenndu stáli. Skápur undir gaskút. Niðurfellanlegt hliðarborð.



HELGARTILBOÐ
**119.995.-**
~~119.995.-~~

Broil King
Great Barbecues Every Time

**Crown 490 gasgrill**
4 brennarar og hliðarbrennari. Grillflötur 64 x 44 cm. Með snúningstein og grillgrind úr steypujárni. Skápur fyrir gaskút.



HELGARTILBOÐ
**15.995.-**
~~19.995.-~~

Nilfisk

**Háþrýstidæla**
C 110.7-5. PC X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 110 bör. Hámarksvatnsflæði 440 l/ klst. Handfang sem auðvelt er að tengja. Snúanleg slanga. Bætt geymsla fyrir úðabyssuna, stúta og snúru. Með fylgihlutum.



HELGARTILBOÐ
**27.995.-**
~~38.995.-~~

Nilfisk

**Háþrýstidæla**
C 130.2-8 PCAD. Hámarksdæluþrýstingur 130 bör, hámarksvatnsflæði 520 l/klst. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun, þrýstingsjöfnun.

Afslátturinn gildir helgina 16. - 18. mars 2018.
Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

# Einstakt samstarf



Hönnuðurinn Hubert de Givenchy og leikkonan Audrey Hepburn mótuðu tískuna svo eftir var tekið og voru nánir vinir

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is





Hinn heimsfrægi franski tískuhönnuður Hubert de Givenchy lést á dögunum 91 árs að aldri. Hann hannaði föt á margar frægar konur og má þar nefna Jackie Kennedy, Grace Kelly og Audrey Hepburn. Givenchy og Hepburn voru nánir vinir í áratugi eða allt þar til hún lést. Föt sem hann hannaði á hana vöktu hrifningu og aðdáun víða um heim. Konur vildu vera Audrey Hepburn í fötum hönnuðum af Givenchy. Samvinna þeirra tveggja hefur verið kölluð best heppnaða samstarf í sögu tískuiðnaðarins.

Hepburn og Givenchy hittust fyrst árið 1953 þegar hún kom til Parísar til að velja sér glæsikjóla fyrir myndina Sabrina. Á þessum tíma var Audrey Hepburn ekki orðin stjarna, það varð hún mánuði síðar þegar kvikmyndin Roman Holiday var frumsýnd í Bandaríkjunum. Givenchy stóð í þeirri trú að hann væri að fara að hitta Katharine Hepburn og varð fyrir vonbrigðum þegar hann sá hina ungu leikkonu. Hann heillaðist þó fljótlega. „Hún minnti á viðkvæmt dýr. Hún var með afar falleg augu og ákaflega grönn. Hún var töfrandi,“ sagði hann. Þau urðu miklir vinir og um margt lík. Þau áttu það sameiginlegt að vera afar skipulögð og vinnusöm og höfðu mikinn áhuga á fötum, blómum og garðyrkju. Þau voru fáguð og komu vel fram við fólk. „Það eru fáar manneskjur sem ég elska heitar,“ sagði Hepburn um þennan vin sinn.

Givenchy hannaði fötin sem Hepburn klæddist í fjölda kvikmynda. Þar er á meðal er hinn frægi svarti kjóll í Breakfast at Tiffany's. Hann hannaði einnig brúðarkjól hennar þegar hún gifti sig í annað sinn og skírnarkjóla sona hennar tveggja. Hepburn sagðist öðlast aukið sjálfstraust við að klæðast fötum frá honum.

Árið 1992 var Audrey Hepburn í Los Angeles og leið ekki vel. Hún fór í læknisrannsókn og var greind með banvænt krabbamein. Givenchy útvegaði einkaþotu svo hún gæti flogið til Sviss þar sem hún var búsett. Hann lét fylla þotuna af blómum. Þegar hún lá banaleguna á fallegu heimili sínu heimsótti Givenchy hana og hann var viðstaddur jarðarför hennar örfáum vikum seinna. Audrey Hepburn var 63 ára gömul þegar hún lést. „Hún var einstök og mun alltaf vera það,“ sagði Givenchy.



Givenchy og Audrey á gönguferð um París. Hann heldur um öxl hennar.

»

**ÞAÐ ERU FÁAR MANNESKJUR SEM ÉG ELSKA HEITAR,“ SAGÐI HEPBURN UM ÞENNAN VIN SINN.**





Samstarf Givenchy og Hepburn hefur verið kallað best heppnaða samstarf í sögu tískuiðnaðarins.

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 17. MARS 2018



# Tók stutta söngleikjapásu

Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikur Janet Weiss, eitt aðalhlutverkið í rokksöngleiknum Rocky Horror Picture Show, sem frumsýnt var í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi við gríðarlega góðar undirtektir. →2

„Miðað við viðbrögðin sem við höfum fengið á ég von á að þetta verði dúndursýning. Við byrjuðum að æfa í janúar og undanfarnar vikur hafa verið mjög annasamar. Fátt annað en Rocky Horror Picture Show hefur komist að í mínu lífi,“ segir Þórunn Arna. MYND/ANTON BRINK


*Sjávarréttapanna*

*2 fyrir 1*

Vinsælasti rétturinn okkar!
Þrjár tegundir af ferskasta fiski dagsins ásamt humri, rækjum og bláskel. Sjávarréttasúpa og salatbar innifalið.

*4.900 fyrir tvo*

Klipptu út auglýsinguna og hafðu með þér.
Gildir til 31. maí 2018



SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Grandagarði 9 - Sími 517 3131 - sjavarbarinn.is




habitat TEKK COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 |
OPIÐ MÁN-FÖS 10-18 | LAU 11-17 OG SUN 13-17 | VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS

Framhald af forsíðu ➺

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Miðað við viðbrögðin sem við höfum fengið á ég von á að þetta verði dúndursýning. Við byrjuðum að æfa í janúar og undanfarnar vikur hafa verið mjög annasamar. Fátt annað en Rocky Horror Picture Show hefur komist að í lífi mínu,“ segir Þórunn Arna Kristjánsdóttir sem leikur Janet Weiss, eitt aðalhlutverkið í þessum sívinsæla söngleik.

Hún notaði gærdaginn til að fara í ræktina og slakaði síðan vel á áður en stóra stundin rann upp. „Á frumsýningardegi finn ég alltaf bæði fyrir stressi og eftirvæntingu og held að það sé bara heilbrigt. Í mínum huga er frumsýningardagur einnig hátíðisdagur. Við erum að uppskera árangur eftir mikla vinnu undanfarnar vikur.“

Þórunn er ekki óvön því að standa á sviði og leika og syngja en hún var í einu stærsta hlutverkinu í Mamma Mia sem sýnt var í Borgarleikhúsinu en sú sýning sló öll aðsóknarmet fyrr og síðar. „Ég fékk hálfs árs söngleikjapásu en var rosa spennt að byrja aftur, þetta er svo gaman. Rocky Horror og Mamma Mia eru gjörólíkir söngleikir og það gerir leiklistina einmitt svo skemmtilega. Hún er svo fjölbreytt og maður er aldrei að gera það sama,“ segir Þórunn sem er að vonum ánægð með viðtökurnar í gærkvöldi en þakið ætlaði bókstaflega að rifna af leikhúsinu vegna fagnaðarláta.



„Ég fékk hálfs árs söngleikjapásu en var rosa spennt að byrja aftur, þetta er svo gaman. Rocky Horror og Mamma Mia eru gjörólíkir söngleikir og það gerir leiklistina einmitt svo skemmtilega,“ segir Þórunn Arna. MYND/ANTON BRINK

## Tónlistarnámið leiddi hana út í leiklistina

Þórunn er frá Ísafirði og var ung að aldri þegar hún hóf tónlistarnám sem leiddi hana síðar út í leiklistina. „Hluti af því að alast upp á Ísafirði er að læra á hljóðfæri við tónlistarskólann, sem er ótrúlega flottur skóli. Við Ísfirðingar erum ekkert smá ríkir að eiga þennan skóla. Ég byrjaði í forskóla sex ára gömul, fór svo í fiðlunám og síðar píanónám samhliða því. Á unglingsárunum byrjaði ég í söngnámi og var í öllum kórum og strengjasveitum sem hægt var. Þetta var bara lífið mitt fyrir vestan,“ rifjar Þórunn upp.

Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði flutti hún til Reykjavíkur til að fara í frekara nám. „Ég fann snemma að hjartað sló í leiklistinni. Ég vissi vel að það væri harður heimur og erfitt að komast í góðan leiklistarskóla og var stöðugt að reyna að finna út hvort það væri eitthvað annað sem mig langaði að gera. Ég fór því í söngnám við Listaháskólann og lauk því en fann svo sterkt að mig langaði að standa á sviði. Það var draumur sem ég gat ekki annað en látið rætast,“ segir Þórunn um tildrög þess að hún lagði leiklistina fyrir sig. Hún útskrifaðist frá leiklistardeild Listaháskóla Íslands 2010 og hefur leikið í fjölmörgum sýningum síðan þá.

„Tónlistarnámið á Ísafirði var mjög góður undirbúningur fyrir leiklistarnámið og þar liggur minn grunnur. Sigríður Ragnarsdóttir, sem lengst af var skólastjóri tónlistarskólans, er ein af mínum fyrirmyndum í lífinu. Eljan og krafturinn sem hún setti í tónlistar- og menningarlífið á Ísafirði er aðdáunarvert. Þegar ég kem vestur finn ég alltaf fyrir mikilli hlýju og velvild bæjarbúa og þykir mjög vænt um það.“

## Svakaleg vika að baki

Vinnutími leikara er óreglulegur en Þórunn segir það henta sér ágætlega. „Það er bara partur af lífinu og ég pæli ekkert sérstaklega í því. Vissulega getur verið mikið púsluspil að skipuleggja vinnuna og fjölskyldulífið, ekki síst því maðurinn minn, Vignir Rafn Valþórsson, er líka leikari og leikstjóri. Hann var með frumsýningu á miðvikudaginn á leikritinu Hans Blær eftir Eirík Norðdahl sem sýnt er í Tjarnarbíói og ég í gær þannig að þessi vika er búin að vera svakaleg fyrir heimilislífið,“ segir Þórunn.



Þórunn og Haraldur Ari Sefánsson í hlutverkum sínum í Rocky Horror Show.

> Á frumsýningardegi finn ég alltaf bæði fyrir stressi og eftirvæntingu og held að það sé bara heilbrigt.

## Kynntust í sumarleikriti

Leiklistin leiddi þau Þórunni og Vigni Rafn saman en þau eiga saman fjögurra ára dóttur. „Hann var að útskrifast sem leikari frá Listaháskólanum þegar ég var að byrja í náminu. Leiðir okkar lágu svo saman í sumarleiklistarverkefni þar sem við kynntumst betur. Við höfum gott fólk í kringum okkur sem er boðið og búið að aðstoða okkur. Foreldrar okkar beggja hafa t.d. reynst okkur ótrúlega vel. Við minnum hvort annað reglulega á hvað við erum heppin í þessum efnum. Vikurnar tvær fyrir frumsýningu er dóttir okkar mikið í pössun hjá ömmu og afa og hún tekur þessu róti ótrúlega vel en svona umstang getur auðvitað verið erfitt fyrir börn. Ég get þá leyft mér að einbeita mér algjörlega að leikhúsinu og er þakklát fyrir það. Þá er líka hugurinn algjörlega þar. Vinir mínir og fjölskylda eru orðin vön því að ég hverfi algjörlega af yfirborði jarðar þegar styttist í frumsýningu.“

## Fjallgöngur á dagskránni

Þegar Þórunn á frí notar hún tímann til að gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni og hún segir það vega upp á móti því hversu langir vinnudagarnir geti verið. „Mér finnst t.d. gaman að ferðast og skipulegg helst eina utanlandsferð á ári. Ég hef líka mikla ánægju af því að ferðast um Ísland. Í fyrra fórum við Vignir Rafn með vinum okkar í þriggja daga göngu um hálendið og eftir það verður ekki aftur snúið. Það var eitt það stórkostlegasta sem ég hef gert og við erum þegar farin að skipuleggja næstu göngu. Reyndar á ég til að ofskipuleggja sumarfríið, kannski af því að ég vinn svo mikið. Ég hef upplifað sumur þar sem ég er ekkert heima hjá mér og gleymi stundum hvað það er líka dásamlegt að vera heima.“

Ólíklegt er að Þórunn verði mikið heima hjá sér á næstunni því aldrei áður hafa jafnmargir miðar selst á jafnstuttum tíma á eina leiksýningu og Rocky Horror Picture Show. „Við finnum að það er mjög mikill spenningur fyrir sýningunni og ég er að vinna með frábæru fólki. Ég bið ekki um meira.“

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | Máté Dalmay, mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Betri líðan og aukin orka

**Lifrin sinnir yfir 100 mismunandi störfum í líkamanum og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Active Liver reynist mörgum vel við að viðhalda heilbrigði lifrarinnar.**


Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.

Lifrin er stærsti kirtill líkamans, hún gegnir fjölmörgum hlutverkum og er aðal efnaskiptalíffæri líkamans. Í raun er hún efnaverksmiðja sem starfar allan sólarhringinn því án hennar ætti engin brennsla sér stað í líkamanum. Að auki væri blóðrásin ekki eðlileg, hormónabúskapurinn færi úr jafnvægi, óhreinindi myndu safnast upp í blóði og ótal margt fleira færi úr skorðum.

## Hreinsun eiturefna og virkjun D-vítamíns

Í kínverskum lækningum til forna var sagt: „Læknir sem getur stillt af starfsemi lifrarinnar, veit hvernig á að lækna hundrað sjúkdóma.“ Það er gríðarlega mikið til í þessu því hundruð mismunandi starfa eiga sér stað í lifrinni á hverjum degi og tengist hún beint eða óbeint allri líkamsstarfseminni. Lifrin er því vægast sagt mikilvægt líffæri og enginn getur verið án hennar. Hún stjórnar m.a. efnaskiptum og hreinsar eiturefni og óæskileg efni úr líkamanum.

## Lífsstíll hefur áhrif

Það geta verið margar ástæður fyrir því að lifrin virkar ekki eins og hún ætti að gera og fjölmargt í lífsstíl okkar sem getur haft áhrif þar á og ýtt undir fitusöfnun í lifur sem í daglegu tali kallast fitulifur. Fitulifur er hægt að laga og gott er að hafa í huga að það eru ákveðin matvæli sem ráðlegt er að neyta í hófi eða sleppa til að viðhalda heilbrigðri lifur, það eru:

## Áfengi og koffein

- Unnin matvara, ódýrar olíur og auka/gerviefni
- Ávextir og grænmeti sem innihalda mikið af skordýraeitri og illgresiseyði
- Dýr og afurðir þeirra sem eru „fjöldaframleidd“ (ekki lífræn)
- Sykraðir drykkir og snakk
- Unnið korn (hvít hrísgrjón, hveiti o.fl.)

## Active Liver

Active Liver frá New Nordic er gríðarlega vinsæl vara og fjölmargir finna fyrir almennt betri líðan og aukinni orku. Eins og nafnið gefur til kynna eflir þetta bætiefni lifrarstarfsemi og er aukin orka einmitt eitt af einkennum heilbrigðrar lifrar. Active Liver inniheldur mjólkurþistil og ætiþistil sem talin eru stuðla að eðlilegri starfsemi lifrar og galls. Í blöndunni er einnig efnið kólín* sem stuðlar að:




> **Ég fann fljótlega mun, orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri.**
>
> Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði

- Eðlilegum fituefnaskiptum
- Eðlilegri starfsemi lifrar
- Eðlilegum efnaskiptum er varða amínósýruna hómósystein

Að auki inniheldur Active Liver túrmerik og svartan pipar.

Jóna Hjálmarsdóttir sjúkraliði hefur notað Active Liver um nokkurt skeið og hefur þetta að segja: „Ég er mjög meðvituð um líkamsstarfsemina og veit að fita getur safnast á lifrina. Ég ákvað að prófa Active Liver eftir að ég sá að það er gert úr náttúrulegum efnum. Ég fann fljótlega mun, orkan jókst og mér finnst auðveldara að halda mér í réttri þyngd. Ég finn líka mun á húðinni en hún ljómar meira og er mýkri. Ég er mjög ánægð með árangurinn og mæli með Active Liver fyrir fólk sem hugsar um heilsuna og vill halda meltingunni góðri.“

## Vinnsla, geymsla & dreifing

Segja má að lifrin sé allt í senn vinnslustöð, geymsla og miðstöð dreifingar því allt sem við borðum, drekkum, öndum að okkur eða berum á húðina fer þar í gegn. Það skiptir því máli, eins og ávallt, að við hugum vel að því hvað við setjum í okkur og á því öll viljum við lifa lengi heilbrigð á líkama og sál.

- Kólín er vatnsleysanlegt næringarefni, skylt öðrum vítamínum eins og fólínsýru og þeim sem tilheyra B-vítamínfjölskyldunni. Kólín sinnir álíka hlutverkum og styður við bæði orku og heilastarfsemi ásamt því að halda efnaskiptunum virkum.


**Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna!**

Hágæða góðgerlar, heilbrigð bakteríuflóra.




**Bio-Kult Candéa**
Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.




**Bio-Kult Original**
Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.




**Bio-Kult Pro-Cyan**
Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.




**Bio-Kult Infantis**
Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Samvinna hönnuða og fanga

Stússað í steininum er yfirskrift samstarfsverkefnis Grallaragerðarinnar hönnunarstúdíós og Litla-Hrauns. Þróuð var vörulína sem framleidd er á verkstæðum fangelsisins. Sýnt á HönnunarMars.


Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@frettabladid.is




Verkefnið snýst um að finna leiðir til þess að efla starfsgetu og starfsánægju á vinnustofunum fanga á Litla-Hrauni. Mörg verkefnanna sem þar hafa verið unnin hingað til hafa ekki verið gefandi fyrir þann sem vinnur þau en í samtali okkar við fangaverðina og verkstæðisstjórana komumst við að því að verkefni þar sem fangarnir fengu tækifæri til að fylgja verkinu frá upphafi til enda hafa gefist miklu betur. „Maður þekkir tilfinninguna sjálfur, að byrja á einhverju og sjá það verða að fullkláruðum hlut,“ útskýrir Búi Bjarmar Aðalsteinsson, vöruhönnuður og stofnandi hönnunarstúdíósins Grallaragerðarinnar, en hann stýrði samstarfsverkefni hönnuða og fanga á Litla-Hrauni í sumar, um þróun vörulínu sem framleidd er á verkstæðum Litla-Hrauns. Afraksturinn, sippubönd, tafl, klukka og leikfangabílar, er nú sýndur á HönnunarMars í Aðalstræti 2.

Búi segir verkefnið hafa verið krefjandi á margan hátt.

„Hugmyndin er að búa til portfolio af verkefnum sem geta bæði hjálpað föngum að finna eitthvað sem þeir hafa áhuga á og einnig að þjálfa upp starfshæfni,“ segir Búi. „Það blasir við að margir hafa ekki endilega reynslu af vinnu á trésmíðaverkstæði og því leggjum við upp úr að aðferðirnar séu einfaldar, hver og einn hlutur krefjist ekki sérþekkingar og ekki þurfi að nota nema tvö til þrjú verkfæri við smíðina. Að auki er fangelsi ekki eins og hefðbundinn vinnustaður, þarna staldrar fólk mislengi við og því ekki endilega hægt að viðhalda þekkingu. Svona verkefni byggjast einnig mikið á trausti og samskiptum, bæði við fangana og fangaverði,“ segir Búi. Miklar tilfinningar hafi fylgt vinnunni og margar áleitnar spurningar komið upp.

„Þetta er svo flókið mál, mikið tabú og svona verkefni gæti auðveldlega misskilist. Hvernig er best að miðla svona verkefni? Finnst okkur að fangar eigi skilið að koma aftur út í samfélagið? Við reyndum að hafa samband við sem flesta í þróunarferlinu og töluðum meðal annars við Stígamót og reyndum að fá skilning á því hvernig væri best að miðla verkefninu.

En þetta gekk vel. Það voru allir mjög jákvæðir. Ég held að allir hafi verið sammála um að allt sem við getum gert til þess að vinnan innan fangelsis stuðli að því að koma fólki aftur inn í samfélagið og koma í veg fyrir að fólk brjóti af sér aftur, eigi rétt á sér,“ segir Búi.



Afrakstur verkefnisins er nú sýndur í Aðalstræti 2 á HönnunarMars.



Verkefnið á að efla starfsgetu og starfsánægju innan fangelsisins.



**Búi Bjarmar Aðalsteinsson segir margar spurningar hafa vaknað í tengslum við verkefnið**


VORIÐ ER KOMIÐ Í TÍSKUNA



Tískan
Skipholti 21, 105 Reykjavík
Sími 551 0770 | www.tiskan.is
WEEKEND MaxMara
MaxMara
PENNYBLACK
persona by MARINA RINALDI




Marokkóbúar nota yfirleitt kúskús sem meðlæti með pottréttum sínum.

## Lamb að hætti Marokkóbúa

Þessi réttur á ættir að rekja til Norður-Afríku. Hann er bragðmikill en samt svolítið öðruvísi matreiðsla en við erum vön á lambakjöti. En það væri gaman að prófa. Uppskriftin miðast við fjóra.

**1 kg gott lambakjöt í bitum, til dæmis innralæri**
**1 laukur**
**4 stór hvítlauksrif**
**2 msk. fersk engiferrót**
**4 stórir vel þroskaðir tómatar**
**1 tsk. cumin**
**2 tsk. túrmerik**
**1 kanilstöng**
**3 dl kjötkraftur**
**100 g þurrkaðar apríkósur**
**1 dl möndluflögur**
**1-2 msk. harissa**
**Nokkrir dropar af sítrónusafa**
**Kóríanderlauf**
**Granateplakjarni**
**Salt og pipar**
**Olía**

Skerið kjötið í bita og saltið og piprið. Skerið lauk og hvítlauk í þunnar sneiðar og deilið tómötum í fjóra parta. Takið fræin úr og skerið þá enn smærra.

Hitið olíu á pönnu og steikið kjötið. Færið kjötið síðan yfir í góðan pott. Steikið lauk, hvítlauk og engifer á pönnunni þangað til allt fer að mýkjast. Bætið þá cumin, kanil og túrmerik út í. Steikið áfram í nokkrar mínútur en setjið síðan yfir kjötið. Setjið gjarnan smá vatn á pönnuna til að leysa upp bragð og setjið út í pottinn. Bætið tómötum, harissa-kryddi og kjötkrafti saman við. Látið malla undir loki í um það bil eina klukkustund.

Þá eru apríkósur og möndlur settar saman við. Látið réttinn malla áfram undir loki í 30 mínútur og hrærið af og til. Bragðbætið með smávegis sítrónusafa og meira harissa ef þörf er á því að rétturinn sé sterkari.

Harissa er norðurafrískt kryddmauk sem inniheldur meðal annars chili, tómat og hvítlauk. Ef harissa er ekki fáanlegt má nota sterka chili-sósu í staðinn.



Nú er
óþarfi
að skola
TESTED & RECOMMENDED
by
Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE
FAIRY
PLATINUM
ALL IN ONE
1ST TIME CLEANING ACTION
OUR BEST FOR
TOUGH
CHALLENGES
+ GREASY FILTER*
Hreinsar líka síuna
í uppþvottavélinni

# Vélmennum er tekið misvel

**Í borginni San Francisco og víðar eru öryggisvélmenni og sjálfkeyrandi bílar farnir að sjást á götum úti. Þessi fyrirbæri hafa þó fengið blendnar móttökur og sumir hafa einfaldlega ráðist á þau.**

**Oddur Freyr Þorsteinsson**
oddurfreyr@frettabladid.is



Í Kísildal í San Francisco í Bandaríkjunum, og reyndar víðar, eru öryggisvélmenni og sjálfkeyrandi bílar ekki lengur bara framtíðardraumur, heldur blákaldur raunveruleiki. Öryggisvélmenni frá fyrirtækinu Knightscope fara eftirlitsferðir um almenn rými og sjálfkeyrandi bílar frá fyrirtækinu GM Cruise eru á ferð um göturnar. En það eru ekki allir sáttir við framtíðina og viðbrögð fólks hafa verið misjöfn.

Fyrirtækið Knightscope var stofnað árið 2013 og framleiðir sjálfstýrð öryggisvélmenni sem heita K5. Vélmennin eru um 180 kg að þyngd og 150 sentimetrar á hæð og sinna t.d. eftirlitsferðum á bílastæðum, göngum skrifstofubygginga, íþróttaleikvöngum og í verslunarmiðstöðvum. Vélmennin eru búin öflugum skynjurum og myndavélum sem hjálpa þeim að greina milli meinlausra vegfarenda og grunsamlegrar hegðunar.

Stacy Stephens, einn af stofnendum fyrirtækisins, segir að vélmennin séu viðbót við hefðbundna löggæslu. Þau komi aldrei í stað lögreglumanna og öryggisvarða, heldur fylli þau í eyðurnar, því laganna verðir geti ekki verið alls staðar í einu. Vélmennin hafa líkt reynst vel við að sinna löggæslu á hættulegum svæðum sem lögreglumenn forðast að fara inn á.

En það eru ekki allir jafn ánægðir með þessa nýjung.

Í desember þurfti dýraathvarf í San Francisco að fjarlægja Knightscope vélmenni sitt, sem sinnti eftirliti í kringum athvarfið, vegna kvartana frá bæði íbúum svæðisins og heimilislausum, sem sögðu að vélmennið áreitti þau. Flestir létu duga að kvarta yfir vélmenninu, en ein manneskja breiddi dúk yfir vélmennið, sló það niður og hellti grillsósu á alla skynjarana. Í apríl á síðasta ári var líka drukkinn maður handtekinn fyrir að ráðast á og fella Knightscope-vélmenni í bænum Mountain View í Kaliforníu, þar sem Google hefur höfuðstöðvar sínar.




Vélmennin frá Knightscope hafa fengið heldur kaldar viðtökur. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

> „Ein manneskja breiddi dúk yfir vélmennið, sló það niður og hellti grillsósu á alla skynjarana.“

### Sama sagan með sjálfkeyrandi bíla

Sjálfkeyrandi bílar lofa góðu, því mannleg mistök valda flestum umferðarslysum. En samkvæmt opinberum skýrslum hefur mannleg árásargirni komið við sögu í tveimur af þeim sex árekstrum sem hafa orðið á árinu þar sem sjálfkeyrandi bílar koma við sögu.

Þann 10. janúar hljóp vegfarandi í San Francisco yfir götuna til að bjóða sjálfkeyrandi bíl frá GM Cruise byrginn. Bílinn hafði stansað til að hleypa fólki yfir götuna. Samkvæmt skýrslu frá GM Cruise æpti viðkomandi á bílinn og „sló hann með öllum líkamanum“ vinstra megin að aftan. Enginn slasaðist, en afturljós bílsins skemmdist.

Nokkrum dögum síðar, þann 28. janúar, réðst svo leigubílstjóri á bíl frá sama fyrirtæki í sama hluta borgarinnar. Bílstjórinn steig út úr bíl sínum til að nálgast sjálfkeyrandi bíl og sló í rúðuna við framsætið farþegamegin og rispaði hana.

Aðrir hafa reynt að stemma stigu við þessari þróun með löggjöf til að takmarka fjölda sjálfvirkra sendla og skattleggja vélmenni sem taka störf af fólki. Einn þeirra sagði: „Hvað er í gangi ef við kunnum ekki að meta það að geta farið út í búð án þess að lenda í árekstri við vélmenni?“



Bílar frá GM Cruise hafa orðið fyrir árásum. MYND/DLLU/WIKIPEDIA

Laugardaginn **24. mars** mun Fréttablaðið gefa út aukablaðið

**ALLT FYRIR HÓTEL & VEITINGAHÚS**

Allt ritstjórnarefni blaðsins er sérstaklega miðað á rekstraraðila þeirra þúsunda fyrirtækja sem starfa í gisti og veitingaþjónustu á Íslandi.

Blaðið er um leið frábær auglýsingamiðill fyrir öll fyrirtæki sem bjóða upp á rekstrarvörur og þjónustu fyrir hótel, gisti og veitingahús.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Ólafur H. Hákonarson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5433 / olafurh@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Sífellt kemur betur í ljós að hreyfing hefur mikil áhrif á fólk þegar það eldist.

# Hreyfing minnkar áhættu á vitglöpum

Áhætta kvenna á að fá heilabilun minnkar mikið ef þær eru í góðu líkamlegu formi. Þetta sýnir ný sænsk rannsókn en niðurstöður hennar voru birtar nýlega í hinu virta tímariti, The Medical Journal Neurology. Sérstaklega er tekið fram að þolið skipti máli. Samkvæmt rannsókninni gætu konur dregið úr áhættu á heilabilun um allt að 88% með góðri líkamsþjálfun. Jákvæð hugsun um að eldast getur sömuleiðis haft áhrif á sjúkdóminn. Helena Hörder, prófessor við háskólann í Gautaborg, sem stendur á bak við rannsóknina, segir að hún hafi verið viss um að hreyfing hefði áhrif en það kom á óvart hversu mikil áhrif hún hafði á líkamlegt og andlegt ástand kvenna. 191 kona á aldrinum 38-60 ára tók þátt í rannsókninni sem gerð var á löngum tíma.

Heilabilun eða vitglöp orsakast af truflunum í heila sem oft leiða til Alzheimer-sjúkdómsins sem er óafturkræfur. Um það bil 5,4 milljónir í Bandaríkjunum lifa í dag með Alzheimer-sjúkdóm, að því er fram kemur í CNN. Talið er að 50 milljónir manna í heiminum lifi með einhvers konar vitglöp og þeim fjölgar á hverju ári.

# Ljúffengar spínatpönnukökur

10–12 pönnukökur

**100 g spínat**
**3 egg**
**3 msk. ólífuolía, og meira til steikingar**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**
**½ l mjólk (eða möndlumjólk)**
**200 g heilhveiti**
**½ tsk. lyftiduft**



Settu spínat, egg, olíu, pipar og salt í matvinnsluvél eða blandara og maukaðu vel saman. Þeyttu mjólkina saman við og síðan heilhveiti og lyftiduft þegar blandan er orðin alveg slétt. Berðu örlitla ólífuolíu á þykkbotna pönnu, og steiktu eina pönnuköku til prufu. Bættu við svolítilli mjólk eða vatni ef soppan er of þykk, meira heilhveiti ef hún er of þunn. Steiktu þunnar pönnukökur úr deiginu eins og það endist til og strjúktu pönnuna með örlitlu af olíu á milli. Steiktu pönnukökurnar aðeins á annarri hliðinni, þar til yfirborðið er þurrt, og notaðu spaða til að renna þeim yfir á vinnuborð. Berðu pönnukökurnar t.d. fram með salatblöðum, maís, grænum baunum eða sykurbaunum, grófsaxaðri steinselju og jafnvel muldum fetaosti eða öðrum osti, ásamt sítrónubátum.
**Heimild: nannarognvaldar.com.**

# Litríkt páskabingó

Páskabingó Hinsegin kórsins verður haldið í félagsmiðstöðinni Hólmaseli en samkvæmt heimasíðu kórsins er þetta skemmtilegasta og litríkasta páskabingó ársins. Bingóið er liður í fjáröflun kórsins til að kosta ferð á evrópskt hinseginkóramót, Various Voices, sem haldið verður í München í maí. Þar munu um 100 kórar koma saman og verður Hinsegin kórinn stoltur fulltrúi Íslands. Lofað er flottum vinningum frá hinum ýmsu fyrirtækjum í bland við glens og gaman. Verð á stöku bingóspjaldi er 1.000 krónur og fara þrír saman á 2.500 krónur. Posi verður á staðnum og þá verða einnig til sölu vöfflur og kaffi fyrir svanga bingóspilara! Fyrir þá sem koma á bíl er mælt með því að leggja í bílastæði hjá Seljakirkju.

Hinsegin kórinn var stofnaður síðsumars 2011 og hefur vaxið og dafnað allar götur síðan. Markmið kórsins er að vera fordómalaus vettvangur fólks til að hittast og njóta söngs saman, vinna að þátttöku hinsegin fólks í menningarlífinu, vera jákvæð fyrirmynd og stuðla að sýnileika hinsegin fólks.






# Sjálfbærni að leiðarljósi

**Alvar og Aino Aalto höfðu framsýnar hugmyndir um sjálfbærni, gæði og notagildi. Í Norræna húsinu stendur nú yfir sýning á verkum þeirra og valinna hönnuða sem hafa starfað í þeirra anda..**

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Alvar Aalto var einn áhrifamesti arkitekt 20. aldar og áhrifa hans gætir enn langt út fyrir heimalandið Finnland og Norðurlöndin. Færri vita hversu afkastamikill hönnuður hann var á öllum sviðum,“ segir Kristín Ingvadóttir, verkefnisstjóri í Norræna húsinu, og bætir við: „Eitt af því sem einkennir ævistarf Aalto er að hann leit á hönnun sína sem „gesamtkunstwerk“ eða heildarlistaverk. Þessa nálgun má greinilega sjá hér í Norræna húsinu, þar sem bæði byggingin sjálf og öll upprunaleg húsgögn, ljós og lýsing og aðrir innanstokksmunir eru hannaðir af Aalto.“

Hönnun Aalto er sívinsæl og húsgögnin sem hann skapaði eru framleidd af Artek; fyrirtækinu sem hann stofnaði í Helsinki árið 1935 ásamt eiginkonu sinni Aino Aalto, Maire Gullichsen og Nils-Gustav Hahl. „Markmið þeirra var að selja húsgögn og efla nútímamenningu með sýningum og annarri fræðslu.“ Gæði og ending voru lykilatriði og næst á eftir falleg og sígild hönnun. Finnski harðviðurinn varð dýrmætt hráefni í hönnunina enda nóg af honum innan seilingar hönnuðanna. „Artek hefur allt frá upphafi leitað til fjölda finnskra og alþjóðlegra hönnuða sem hafa skapað vörur sem eru innblásnar af hönnun Aalto og eru trúar hugsjónum hans. Artek framleiðir húsgögn, ljós og innanstokksmuni sem eiga það sameiginlegt að vera falleg, hagnýt og einföld,“ segir Guðrún og bætir við: „Sýningin tekur fyrir húsgagna- og aðra innanhússhönnun eftir Aalto, sem og valda meistarahönnuði sem hafa starfað undir áhrifum frá honum. Allir hönnuðir á sýningunni eiga sammerkt að hafa unnið fyrir Artek. Markmiðið með sýningunni er ekki bara að kynna hina einstöku hönnun Aalto, heldur einnig framsýnar hugmyndir hans um gæði, sjálfbærni og sambandið milli góðrar hönnunar og betra samfélags,“ segir Kristín og nefnir að ávallt hafi verið hægt að fá varahluti í Artek húsgögn þannig að ef einn fótur gefur sig er hægt að fá annan í stað þess að húsgagnið sé ónýtt. Þannig hafi Artek húsgögn oft átt langa lífdaga og mikla og góða notkun. Sem dæmi um góða endingu Artek húsgagna má nefna að frá 1935 hefur um ein og hálf milljón stóla eftir Aalto verið seld víða um heim. Árið 2006 hóf Artek að safna notuðum Aalto húsgögnum og leita þau uppi á flóamörkuðum, í skólum og gömlum verksmiðjum. Sem leiddi til stofnunar Artek 2nd Cycle initiative, eða Artek önnur umferð, þar sem hægt er að kaupa þessi húsgögn eftir að búið er að koma þeim nærri upphaflegu formi og hefja þannig aðra umferð í lífi húsgagnanna. Þetta sýnir ekki aðeins langlífi Artek húsgagnanna heldur minnir okkur einnig á að velja vel það sem við kaupum og huga að gæðum og endingu og heiðra náttúrulega efniviðinn sem fór í að hanna þessa nothæfu hönnun.

Meðal hönnuða sem eiga verk á sýningunni eru Aino Aalto, Alvar Aalto og Johanna Gullichsen og þar má einnig sjá muni frá Artek, Iittala, Nikari og Woodnotes.

Sýningarstjóri er Ben af Schulten sem átti farsælan og langan feril sem hönnunarstjóri hjá Artek og hannaði fjölbreytt húsgögn og ljósgjafa.

Sýningin er hluti af 50 ára afmælisdagskrá Norræna hússins og framlag hússins til HönnunarMars 2018. Hún stendur til 2. september.



Kristín Ingvarsdóttir, verkefnastjóri hjá Norræna húsinu, í „stofunni“ hjá Aino og Alvar Aalto. MYND/VALLI



Hér má sjá dæmi um það hvernig finnsk hönnun hentar á allt heimilið. MYND/VIGFÚS BIRGISSON



Nikari kollarnir eru þekkt finnsk hönnun sem skoða má á sýningunni. MYND/VIGFÚS BIRGISSON



Alvar og Aino Aalto hönnuðu meðal annars sígilda gripi fyrir Iittala.



## Cetus Health Group

*Cetus Health Group (CHG) var stofnað árið 1998 og fagnar því 20 ára afmæli í ár. Fyrirtækið hefur aukið umsvif sín, meðal annars með yfirtökum á fyrirtækjum, og er umboðsaðili fyrir leiðandi vörumerki á heilbrigðismarkaði. Hjá CHG er framúrskarandi þekking, færni og reynsla af farsælu samstarfi við helstu heilbrigðisstofnanir landsins, svo sem LSH. Viðskiptavinir CHG eru traustir aðilar og birgjar eru leiðandi fyrirtæki á þessum vettvangi. Rekstur CHG grundvallast einkum á samningum sem gerðir eru við viðskiptavini í framhaldi af auglýstum útboðum.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess **www.cetus.is***

## Viðskiptastjóri lækninga- og rannsóknabúnaðar

Cetus Health Group (CHG) auglýsir laust til umsóknar starf viðskiptastjóra lækninga- og rannsóknabúnaðar. Staðan heyrir beint undir framkvæmdastjóra. Um er að ræða áhugavert tækifæri hjá fyrirtæki í miklum vexti. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Þátttaka í opinberum útboðum og verðfyrirspurnum
- Stjórnun samninga, sala og markaðssetning á lækninga- og rannsóknabúnaði
- Samskipti við viðskiptavini og birgja
- Þátttaka í námskeiðum í samstarfi við alþjóðlega birgja erlendis
- Stjórnun pantana og samskipti við flutningsaðila
- Gerð og eftirfylgni með rekstraráætlun lækninga- og rannsóknabúnaðar í samstarfi við framkvæmdastjóra
- Önnur tilfallandi stjórnunarstörf

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði rafvirkjunar eða rafeindavirkjunar
- Þekking á tækjum og búnaði á heilbrigðismarkaði
- Starfsreynsla innan heilbrigðisgeirans
- Reynsla af rekstri er kostur
- Sjálfstæði og vilji til að ná árangri
- Reynsla af ferli útboða er kostur
- Góð samskiptahæfni og jákvæðni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

*Nánari upplýsingar um starfið veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 26. mars 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



Mosfellsbær

Vilt þú starfa sem

# Byggingarfulltrúi í MOSFELLSBÆ?



**Mosfellsbær er ört stækkandi sveitarfélag þar sem áhugaverð verkefni eru daglegt viðfangsefni. Við leitum að öflugum byggingarfulltrúa í teymi okkar.**

Byggingarfulltrúi ber ábyrgð á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög (nr. 160/2010) og reglugerðir. Byggingarfulltrúi gefur út byggingarleyfi og hefur eftirlit með leyfisskyldum framkvæmdum og annast önnur verkefni sem kveðið er á um í mannvirkjalögum.

Byggingarfulltrúi starfar á umhverfissviði og leiðir faglega þróun byggingarmála innan sviðsins. Helstu verkefni felast í samskiptum við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við framkvæmdir í sveitarfélaginu. Þá annast byggingarfulltrúi útgáfu byggingarleyfa, yfirferð- og samþykkt aðaluppdrátta, verkfræði- og séruppdrátta og útgáfu vottorða og skráningu mannvirkja.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**

- Prófgráða í verkfræði,arkitektúr, tæknifræði eða sambærileg menntun í samræmi við ákvæði mannvirkjalaga skilyrði
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Að lágmarki fimm ára starfsreynsla skv. 25. gr. mannvirkjalaganna
- Byggingarfulltrúi skal hafa löggildingu sem hönnuður sbr. 25. gr. mannvirkjalaga
- Góð tölvukunnátta og þekking á forritum skilyrði
- Góð þekking á lögum og reglugerðum tengdum byggingarleyfum er æskileg
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir
- Hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli
- Sjálfstæð, frumkvæði og öguð vinnubrögð eru nauðsynleg
- Önnur skilyrði sbr. ákvæði mannvirkjalaga

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2018.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Hanna Guðlaugsdóttir, mannauðsstjóri, í síma 525 6700.

Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSÆKNI UMHYGGJA



# Hamrar hjúkrunarheimili

## Laus er staða aðstoðardeildarstjóra á Hömrum í Mosfellsbæ

Getum einnig bætt við okkur hjúkrunarfræðingum í fastar stöður og sumarafleysingar.
Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi.

**Nánari upplýsingar veita:**
Kristín Högnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar kristinh@eir.is
Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri edda@eir.is í síma 522 5700

**Hjúkrunarheimili**
**Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík**
**Sími: 522 5700**

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis**
auglýsir eftir vefritstjóra.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis**
auglýsir eftir skjalastjóra.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Embætti landlæknis

# Aðstoðarmaður landlæknis

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða skipulagðan og drífandi aðstoðarmann landlæknis. Í boði er fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð og sjálfstæð vinnubrögð, góða samskiptahæfni og fagmennsku.
Um er að ræða fullt starf. Næsti yfirmaður er landlæknir.

Umsóknarfrestur
**3. apríl**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6505**

Helstu verkefni
- Almenn skrifstofustörf, móttaka og úrvinnsla fyrirspurna.
- Skjalagerð og skjalavistun.
- Þátttaka í undirbúningi og skipulagningu funda og viðburða.
- Þátttaka í ferðabókunum, jafnt innanlands sem utan.
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila.
- Ýmis önnur verkefni sem til falla.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla af skjalavistun og meðferð mála.
- Starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu kostur.
- Reynsla af samskiptum við fjölmiðla kostur.
- Almenn og góð tölvukunnátta er skilyrði.
- Mjög gott vald á íslensku og ensku er skilyrði, Norðurlandamál er kostur.

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu. Hlutverk embættisins er í hnotskurn að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og öflugum forvörnum.

Laun eru skv. kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Vatnajökulsþjóðgarður

# Þjóðgarðsvörður - suðursvæði

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir lausa stöðu þjóðgarðsvarðar á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Starfstöð þjóðgarðsvarðar er í Skaftafelli.
Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur
**9. apríl**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6509**

Helstu verkefni
- Framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarðsins.
- Umsjón með daglegum rekstri og stjórnun svæðisins.
- Yfirumsjón með rekstri gestastofa og tjaldsvæða innan rekstrarsvæðisins
- Samskipti og samvinna við hagsmunaðila s.s. atvinnulíf, sveitarfélög, skóla og íbúa á nærsvæðum þjóðgarðsins.
- Leiða starf í faglegri umsýslu landvörslu og fræðslu.
- Þátttaka í stefnumótun þjóðgarðsins.
- Almenn stjórnsýsla og leyfisútgáfa fyrir suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannaforráðum.
- Þekking og reynsla af umhverfismálum og náttúruvernd.
- Reynsla og þekking af öryggismálum ferðamanna er kostur.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi.
- Skipulagshæfileikar og þjónustulund.
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku og enskukunnátta, frekari tungumálakunnátta kostur.

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

Vatnajökulsþjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði: norðursvæði, austursvæði, suðursvæði og vestursvæði. Á suðursvæði er meginstarfstöðin í Skaftafelli i (samkvæmt lögum nr. 60/2016 og reglugerð nr. 608/2008).
Vakin er athygli á því að lagaheimild er fyrir því að ráða tvo þjóðgarðsverði á þeim rekstrarsvæðum, þar sem eru tvær meginstarfstöðvar þjóðgarðsins. Til skoðunar gæti komið slík útfærsla á suðursvæði, en nú er einungis auglýst eftir þjóðgarðsverði með aðsetur í Skaftafelli.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Landhelgisgæsla Íslands

# Flugvirki

Landhelgisgæsla Íslands auglýsir lausa til umsóknar stöðu flugvirkja. Leitað er að sveigjanlegum aðila sem getur tekist á við fjölbreytt verkefni í krefjandi umhverfi. Allir sem réttindi og áhuga hafa, eru hvattir til að sækja um starfið. Um er að ræða fullt starf.
Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Þá þurfa umsækjendur að geta staðist öryggisvottunarkröfur samkvæmt lögum nr. 52/2006 og 34/2008.

Umsóknarfrestur
**3. apríl**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6506**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Viðurkenndu flugvirkjanámi lokið
- Afburða samskiptahæfni
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Framúrskarandi álags- og streituþol
- Góð íslensku- og enskukunnátta, hæfni til tjáningar í ræðu og riti

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslustofnun sem hefur það hlutverk að sinna löggæslu og eftirliti sem og leit og björgun á hafsvæðinu umhverfis Ísland. Þá fer Landhelgisgæslan einnig með daglega framkvæmd öryggis- og varnarmála samanber varnarmálalög.

Landhelgisgæslan áskilur sér rétt til að láta umsóknir gilda í sex mánuði frá dagsetningu þeirra.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Vilt þú taka þátt í framþróun byggðs umhverfis?

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR) óskar eftir að ráða metnaðarfulla einstaklinga sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi og skapandi verkefni á jákvæðan og faglegan hátt. Í boði eru fjölbreytt verkefni og sveigjanleiki í starfi hjá stofnun sem er í fararbroddi á sviði verklegra framkvæmda.

## VERKEFNASTJÓRI – UMHVERFISMÁL

Um er að ræða fullt starf en til greina kemur hlutastarf.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6507**

Starfssvið

- Miðlun þekkingar og reynslu FSR á sviði sjálfbærrar þróunar við skipulag, hönnun, byggingu, rekstur og viðhald mannvirkja, innan stofnunar sem utan
- Umsjón með umhverfisvottunarkerfum FSR
- Skilgreining viðmiða fyrir vistvænar áherslur í mannvirkjagerð
- Rýni gagna frá ráðgjöfum og verktökum
- Almenn verkefnastjórnun
- Þróun og innleiðing á frumkvæðisverkefnum
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í arkitektúr, verk-, tækni- eða byggingafræði. Meistarapróf er kostur
- Þekking á vistvænni hönnun í mannvirkjagerð
- Þekking á BREEAM er skilyrði
- Þekking á öðrum umhverfisvottunarkerfum er kostur
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Leiðtogahæfileikar og brennandi áhugi á vistvænni hönnun
- Þekking á BIM er kostur
- Frumkvæði og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti

## VERKEFNASTJÓRI – MANNVIRKJAGERÐ

Um er að ræða fullt starf.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6508**

Starfssvið

- Verkefnastjórnun í framkvæmdaverkefnum á vegum FSR
- Umsjón með áætlunargerð í hönnunarferli og/eða verklegum framkvæmdum
- Ráðgjöf til ráðuneyta og stofnana um húsnæðismál og verklegar framkvæmdir
- Gerð samninga og eftirfylgni þeirra
- Rýni útboðsgagna og gerð umsagna um áætlunargerð
- Þróun og innleiðing á frumkvæðisverkefnum

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í arkitektúr, verk-, tækni- eða byggingafræði. Meistarapróf er kostur
- Reynsla af hönnun og/eða verklegum framkvæmdum
- Reynsla af verkefnastjórnun á sviði hönnunar og/eða verklegra framkvæmda er kostur
- Þekking á notkun hönnunarhugbúnaðar
- Þekking á BIM og á hugmyndafræði vistvænnar hönnunar er kostur
- Frumkvæði og ögun í vinnubrögðum
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni í tjáningu í ræðu og riti

Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) er leiðandi afl á sviði opinberra framkvæmda. Okkar markmið er að bæta verklag og auka skilvirkni, hagkvæmni og gæði við framkvæmdir ríkisins. FSR er í fararbroddi við að innleiða vistvænar vinnuaðferðir og upplýsingalíkön mannvirkja (BIM) í byggingariðnaði á Íslandi. FSR vinnur samkvæmt vottuðu gæðastjórnunarkerfi ISO 9001 og er stöðugt unnið að því að auka gæði í starfsemi stofnunarinnar.

Lögð er áhersla á að starfsfólk sýni frumkvæði, fagmennsku og þjónustulund, njóti sín í starfi og hafi möguleika á að auka þekkingu sína og reynslu með markvissum hætti. FSR er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum og eru áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, hvattir til að sækja um.

Umsóknarfrestur
**3. apríl 2018**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent




# Bókhald

Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða nákvæman og talnaglöggan einstakling, sem hefur áhuga og reynslu af bókhaldsstörfum. Í upphafi er gert ráð fyrir að viðkomandi sinni eingöngu bókhaldsverkefnum en með tímanum bætast við önnur verkefni á sviði reikningshalds.

**Starfssvið:**
- Bókun reikninga
- Afstemmingar
- Tölfræðileg úrvinnsla
- Önnur tilfallandi verkefni á skrifstofu félagsins

**Hæfniskröfur:**
- Haldgóð reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð þekking á Axapta og Excel er kostur
- Nákvæmni, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Frumkvæði, jákvæðni og lipurð í samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk.**

Sækja skal um starfið á vef Capacent, **www.capacent.is**. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita Ásdís Hannesdóttir (**asdis.hannesdottir@capacent.is**) og Auður Bjarnadóttir (**audur.bjarnadottir@capacent.is**)

Eik fasteignafélag sérhæfir sig í eignarhaldi og útleigu á atvinnuhúsnæði. Félagið býður upp á framúrskarandi starfsaðstöðu og góðan starfsanda. Það er meðal stærstu fasteignafélaga landsins með tæplega 293 þúsund fermetra í yfir 100 fasteignum. Um 84% af eignasafni þess er á helstu viðskiptakjörnum höfuðborgarsvæðisins og eru leigutakar félagsins yfir 440 talsins. Hlutabréf félagsins eru skráð á aðallista kauphallarinnar Nasdaq.

EIK
FASTEIGNAFÉLAG

---

Félagsbústaðir

Félagsbústaðir hf. er sjálfstætt starfandi fasteignafélag í eigu Reykjavíkurborgar. Það á, rekur og leigir út tæplega 2.500 íbúðir í Reykjavík. Hjá fyrirtækinu starfa ríflega 20 manns. Félagið er staðsett miðsvæðis í Reykjavík og er vottað í hóp framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi 2017 af Creditinfo. Á framkvæmdasviði starfa 7 starfsmenn. Sviðið ber ábyrgð á framkvæmdum fyrir um 1,5 milljarða á hverju ári.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess, www.felagsbustadir.is

# Félagsbústaðir leita að verkefnastjóra og rafvirkja á framkvæmdasvið

Við leitum að aðilum sem hafa til að bera frumkvæði og geta unnið sjálfstætt, en jafnframt virkað vel í samvinnu stærri heildar.

## Verkefnastjóri á framkvæmdasviði

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Verkefnis- og gæðastjórnun byggingarframkvæmda
- Þróun nýrra fasteignaverkefna
- Samskipti við væntanlega notendur, arkitekta og framkvæmdaraðila
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Skilgreining framkvæmda og útboð þeirra
- Samskipti við iðnaðarmenn og verktaka
- Yfirferð og samþykkt reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, tæknifræði, byggingarfræði eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af verkefnisstjórnun á sviði fasteignaþróunar og nýtingu gæðakerfa við byggingu og rekstur fasteigna
- Reynsla af rekstri fyrirtækja og/eða byggingarframkvæmda
- Færni í hugbúnaði sem nýtist starfinu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku, töluðu og rituðu máli
- Sjálfstæð, nákvæm og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði, fagmennska og drifkraftur

## Rafvirki á framkvæmdasviði

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Viðgerðir og endurnýjun á rafkerfum og raflögnum
- Almenn umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum
- Samskipti við iðnaðarmenn og verktaka
- Yfirferð og samþykkt reikninga
- Samskipti við leigutaka
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Löggild iðnmenntun á sviði rafvirkjunar
- Reynsla af sambærilegu starfi og af byggingarframkvæmdum er nauðsynleg
- Færni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur og skipulögð vinnubrögð
- Þarf að geta tileinkað sér færni í þeim tölvukerfum sem starfið krefst
- Nákvæmni og samviskusemi

**Upplýsingar veitir: Sverrir Briem** - sverrir@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700




# Sérfræðingur í **fjármálum**

*Árlegur fjárhagsrammi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er um 40 milljarðar og það er algert lykilatriði að öll fjármálaumsýsla og kostnaðareftirlit ráðuneytisins sé bæði faglegt og skilvirkt.*

Starf sérfræðings í fjármálum byggir á miklum samskiptum við allar skrifstofur ráðuneytisins og stofnanir sem undir það heyra. Verkefnin eru bæði krefjandi og fjölbreytt og snúast m.a. um eftirfylgni með áætlanagerð stofnana, fjárhagsgreiningu og kostnaðareftirlit, þátttöku í nýsköpun á sviði fjármála og fjárreiða og kostnaðarmat frumvarpa.

Háskólamenntun sem nýtist í starfi, starfsreynsla á sviði fjármála og rekstrar og góð ensku- og íslenskukunnátta er áskilin

**Upplýsingar um stafið** veitir Guðrún Gísladóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu fjárlaga, rekstrar og innri þjónustu **gudrun.gisladottir@anr.is**

# Sérfræðingur í **ferðamálum**

*Ferðaþjónustan slær ný met á hverju ári og hlutverk skrifstofu ferðamála er að skapa ferðaþjónustunni hagkvæma og skilvirka umgjörð og treysta grundvöll hennar með skýrum leikreglum og stefnumótun.*

Starf sérfræðings í ferðamálum er mjög fjölbreytt og viðkomandi mun m.a. koma að stefnumótun, stýringu verkefna, þátttöku í vinnuhópum og nefndum, þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, samskiptum við Alþingi og hagsmunaaðila … og er þá aðeins fátt eitt talið.

Háskólamenntun sem nýtist í starfinu og mjög góð ensku- og íslenskukunnátta er áskilin.

**Upplýsingar um stafið** veitir Sigrún Brynja Einarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu ferðamála **sigrun.brynja.einarsdottir@anr.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars.**
Umsóknir skulu sendar á netfangið **postur@anr.is**
Bæði störfin er laus og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur** til að sækja um störfin. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Allar nánari upplýsingar um störfin og menntunar- og hæfniskröfur er að finna á starfatorg.is*

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Valka

valka.is

# VIÐ LEITUM AÐ RAFMAGNSHÖNNUÐI

**Valka leitar að rafmagnshönnuði til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni**

**Starfssvið:**

- Rafmagnshönnun fyrir vélar og heildarlausnir Völku í nánu samstarfi við rafvirkja og vöruþróunarteymi fyrirtækisins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun á sviði iðn-, verk- eða tæknifræði með áherslu á rafmagn er skilyrði
- Sveinsbréf í rafvirkjun er kostur
- Þekking á iðnstýringum er kostur
- Þekking á SW Electrical er kostur

Hlutverk okkar er að hanna og framleiða hátæknilausnir fyrir vinnslu á fiski með það að markmiði að auka afköst, nákvæmni og framleiðni í samræmi við óskir viðskiptavina okkar

Framtíð fyrirtækisins byggir á hæfu, heiðarlegu og framsæknu starfsfólki sem axlar ábyrgð og sýnir frumkvæði í starfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Róbert Hafsteinsson, framleiðslustjóri í síma 898-6090.

**Umsóknarfrestur er til og með 23. mars nk.**

Umsóknir sendist á **robert@valka.is**

Kria hönnunarstofa www.kria.is



JÁVERK

## Okkur vantar góðan vélamann...

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir að ráða áhugasaman vélamann með kranaréttindi til starfa. Fyrirtækið er með öfluga vökvabómukrana og flutningabíla með krönum. Starfið felst í að þjónusta viðskiptavini okkar og jafnframt þjónustu við eigin byggingarverkefni. Stefna JÁVERK er að vera með fyrsta flokks tæki til að tryggja viðskiptavinum okkar sem besta og öruggasta þjónustu.

**Hæfniskröfur:**

- Meirapróf og vinnuvélaréttindi á vökvabómukrana
- Íslenskumælandi
- Reynsla er kostur
- Stundvísi
- Þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Æskilegt er að viðkomandi einstaklingur gæti hafið störf sem fyrst

**Uppl. gefur Kristján I.Vignisson í síma 891-8888 eða á netfanginu kristjan@javerk.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**

JÁVERK er 25 ára öflugt, metnaðarfullt og vaxandi verktakafyrirtæki sem jafnframt rekur kranaleigu. Starfsmenn eru um 120 í dag og verkefnastaða fyrirtækisins er traust. JÁVERK leggur mikla áherslu á umhverfis-, öryggis-, og gæðamál. JÁVERK leggur áherslu á að ráða kraftmikla og metnaðarfulla einstaklinga sem sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnu.

Starfsmannastefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið er mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. JÁVERK er með starfsstöðvar bæði á Selfossi og Reykjavík.

Gagnheiði 28
IS-800 Selfoss
Iceland
Sími +354 480 1700
Fax +354 480 1701
www.javerk.is

# Metnaðarfullur sálfræðingur óskast

**VIRK leitar að reyndum sálfræðingi til að vinna í þverfaglegri teymisvinnu. Starfið felur meðal annars í sér að rýna beiðnir um þjónustu VIRK og taka viðtöl við einstaklinga sem vísað er í þjónustu. Sálfræðingur þarf að geta metið hvað hindrar atvinnuþátttöku hjá einstaklingi og hvernig best er að styðja hann í starfsendurhæfingarferlinu. Sálfræðingur mun einnig koma að öðrum verkefnum innan VIRK sem fela í sér þróun og umbætur á þjónustu.**

## Helstu verkefni

- **Skimun, greining og kortlagning á vanda einstaklinga í þjónustu VIRK**
- **Gerð áætlana fyrir starfsendurhæfingu**
- **Rýna framgang mála m.t.t. hindrana hvað varðar þátttöku á vinnumarkaði**
- **Samstarf við heilbrigðisstéttir varðandi einstaklinga í þjónustu VIRK**
- **Ákvarðanataka í málum einstaklinga í þjónustu VIRK**
- **Þróunar- og umbótastarf**

## Menntunar- og hæfnikröfur

- **Réttindi til að starfa sem sálfræðingur**
- **Að minnsta kosti fjögurra ára reynsla af klínískri vinnu í sínu fagi**
- **Jákvæð reynsla af þverfaglegri samvinnu**
- **Reynsla af verkefnastjórnun**
- **Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund**
- **Reynsla og þekking á sviði starfsendurhæfingar er kostur**
- **Þekking á vinnumarkaði, heilbrigðis- og félagsþjónustu er kostur**
- **Framhaldsmenntun á fagsviðinu er kostur**
- **Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti**



Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarþjónustu. VIRK hefur í samstarfi við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir skilað samfélagslegum ávinningi með aukinni þátttöku einstaklinga á vinnumarkaði og er leiðandi í rannsóknum og þróun á sviði starfsendurhæfingar. Að VIRK standa öll helstu samtök launamanna og atvinnurekanda á vinnumarkaði.

VIRK er metnaðarfullur vinnustaður þar sem lögð er áhersla á jákvæðan starfsanda og sterka liðsheild. VIRK kappkostar að skapa jákvæða menningu með traustu fagfólki. Gildi VIRK eru fagmennska, virðing og metnaður og er starfsfólk hvatt til að hafa gildin að leiðarljósi í störfum sínum.

**Nánari upplýsingar** um VIRK er að finna á **virk.is**

**Upplýsingar veita:** Leifur Geir Hafsteinsson **leifurgeir@hagvangur.is**
Geirlaug Jóhannsdóttir **geirlaug@hagvangur.is**

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is.**
Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.

**REIKNISTOFA BANKANNA** | Höfðatorg | Katrínartúni 2 | 105 Reykjavík | Sími: 569 8877 | www.rb.is

HEILSUGÆSLAN



## Sjúkraþjálfari - Iðjuþjálfi - Hjúkrunarfræðingur - Félagsliði - Sjúkraliði

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laus til umsóknar fimm 50-100% tímabundin störf í endurhæfingarteymi Heimahjúkrunar. Teymið er þverfaglegt og veitir skjólstæðingum þjónustu og hvatningu til að efla og auka lífsgæði. Tilgangurinn er að styrkja eldri borgara til að vera virkir í eigin lífi eins lengi og mögulegt er.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl.**

Heimahjúkrun Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins sér um heimahjúkrun fyrir Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð. Unnið er í þverfaglegum teymum sem hafa það að markmiði að gera sjúkum og/eða öldruðum kleift að dveljast heima. Teymin eru í miklu samstarfi við starfsfólk heilsugæslustöðva og sjúkrastofnana, aðila sem koma að málefnum aldraðra og fatlaðra í þessum þremur bæjarfélögum, ættingja og fleiri aðila.

### Iðjuþjálfi

Iðjuþjálfi óskast í 50% tímabundið starf frá 1. maí nk. til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda þeirra varðandi aðbúnað á heimili og úrræði
- Vinnur að reglulegu endurmati á þörfum skjólstæðinga í samræmi við meðferðaráætlun
- Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi, handleiðslu, fræðslu og starfsmannafundum
- Vinnur sjálfstætt við athuganir mat og ráðgjöf

Hæfnikröfur

- BS í iðjuþjálfun og starfsréttindi sem iðjuþjálfi
- Æskileg starfsreynsla er 5 ár
- Þekking á áhugahvetjandi samtalstækni
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í þverfaglegu teymi
- Góð almenn tölvuþekking
- Færni í töluðu og rituðu íslensku máli
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð

### Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast í 50% tímabundið starf frá 1. maí nk. til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda þeirra varðandi meðferð og þjálfun
- Vinnur að reglulegu endurmati á þörfum skjólstæðinga í samræmi við meðferðaráætlun
- Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi, handleiðslu, fræðslu og starfsmannafundum
- Vinnur sjálfstætt við athuganir mat og ráðgjöf

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjukrunarleyfi
- Æskileg starfsreynsla er 5 ár
- Þekking á áhugahvetjandi samtalstækni
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í þverfaglegu teymi
- Góð almenn tölvuþekking
- Færni í töluðu og rituðu íslensku máli
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð

### Nánari upplýsingar veitir

Sigrún K. Barkardóttir, svæðisstjóri Heimahjúkrunar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi

Sími: 513-6900

sigrun.kristin.barkardottir@heilsugaeslan.is

Sjá nánar á

**www.starfatorg.is**

**www.heilsugaeslan.is**

### Sjúkraþjálfari

Sjúkraþjálfari óskast í 50% tímabundið starf frá 1. maí nk. til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda þeirra varðandi hreyfingu og þjálfun
- Vinnur að reglulegu endurmati á þörfum skjólstæðinga í samræmi við meðferðaráætlun
- Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi, handleiðslu, fræðslu og starfsmannafundum
- Vinnur sjálfstætt við athuganir mat og ráðgjöf

Hæfnikröfur

- Löggilt sjúkraþjálfarapróf
- Æskileg starfsreynsla er 5 ár
- Þekking á áhugahvetjandi samtalstækni
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í þverfaglegu teymi
- Góð almenn tölvuþekking
- Færni í töluðu og rituðu íslensku máli
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð

### Félagsliði

Félagsliði óskast í 100% tímabundið starf frá 1. maí nk. til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda þeirra
- Vinnur að reglulegu endurmati á þörfum skjólstæðinga í samræmi við meðferðaráætlun
- Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi, handleiðslu, fræðslu og starfsmannafundum

Hæfnikröfur

- Menntaður félagsliði
- Reynsla af heimahjúkrun æskileg
- Þekking á áhugahvetjandi samtalstækni
- Faglegur metnaður og áhugi á að vinna við heimahjúkrun
- Sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku-og enskukunnátta
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð

### Sjúkraliði

Sjúkraliði óskast í 100% tímabundið starf frá 1. maí nk. til eins árs.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stuðningur og ráðgjöf til skjólstæðinga og aðstandenda þeirra
- Vinnur að reglulegu endurmati á þörfum skjólstæðinga í samræmi við meðferðaráætlun
- Tekur virkan þátt í þverfaglegu samstarfi, handleiðslu, fræðslu og starfsmannafundum

Hæfnikröfur

- Íslenskt sjúkraliðaleyfi
- Reynsla af heimahjúkrun æskileg
- Mikil samskiptahæfni
- Faglegur metnaður og áhugi á að vinna við heimahjúkrun
- Sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku-og enskukunnátta
- Gilt ökuleyfi
- Hreint sakavottorð

*Ábyrgð - Fagmennska - Traust - Þjónusta - Framþróun*

## Eldhús-Eldhús

Óskum eftir að ráða matreiðslumann eða manneskju vana eldhússtörfum í eldhúsið okkar **Hjá Dóra í Mjódd**. Íslensku kunnátta nauðsynleg.

***Uppl. í síma 557 3910 eða á staðnum mánudaga-föstudaga.***

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Starf lögfræðings hjá nýrri Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á nýrri Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar. Markmið stofnunarinnar er að auka gæði og öryggi félagsþjónustu og barnaverndar með því að styrkja stjórnsýslu og eftirlit í málaflokknum. Stofnunin mun sinna stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði félagsþjónustu og barnaverndar og verður hún hluti af velferðarráðuneytinu sem sérstök ráðuneytisstofnun.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt verkefni í nýrri stofnun þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Starfið felst einkum í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna sem tengjast málaflokkum stofnunarinnar, svo sem persónuvernd, túlkun laga- og reglugerða, stjórnsýsluverkefnum og verkefnum tengdum eftirliti. Viðkomandi mun einnig taka þátt í mótun innra starfs stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Samstarfshæfni.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku.
- Þekking á einu Norðurlandamáli æskileg.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu æskileg.
- Þekking og reynsla af málefnasviðum stofnunarinnar æskileg.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir, stjórnandi Gæða- og eftirlitsstofnunar í félagsþjónustu og barnavernd, sigridur.jonsdottir@vel.is eða í síma 545-8100.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá, starfsheiti og kynningarbréf með rökstuðningi um hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknir skulu sendar til velferðarráðuneytisins, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið postur@vel.is eigi síðar en mánudaginn 9. apríl 2018.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 17. mars 2018.*

JAFNLAUNAVOTTUN
2017 - 2020






## Okkur vantar meiraprófsbílstjóra og starfsmann í vöruhús í sumarafleysingar

Starf bílstjóra felur aðallega í sér vörudreifingu á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsmaður í vöruhúsi sér um vöruafgreiðslu og tæmingu á gámum.

Viðkomandi þarf að vera stundvís, með góða þjónustulund og sýna frumkvæði í starfi.

Allar frekari upplýsingar gefur Arnar Þ. Ólafsson

**Arnar / Sími 773 1630 / arnar@fraktlausnir.is**

fraktlausnir.is / fraktlausnir@fraktlausnir.is FRAKTLAUSNIR

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjármála- og stjórnsýslusvið**
- » Verkefnastjóri Lífsgæðaseturs á St. Jósefsspítala
- » Sérfræðingur í hagdeild á fjármálasviði

**Málefni fatlaðs fólks**
- » Sumar- og afleysingarstarf - Lækur
- » Sumar- og framtíðarstarf á heimili fatlaðs fólks
- » Sumarstarfsmenn á heimili fatlaðs fólks
- » Sumarafleysing á heimili fatlaðs fólks í Blikaási

**Grunnskólar**
- » Aðstoðarskólastjóri - Hraunvallaskóli
- » Sérkennari - Lækjarskóli
- » Stuðningsfulltrúi - Öldutúnsskóli

**Leikskólar**
- » Leikskólakennari - Hlíðarendi
- » Þroskaþjálfi - Víðivellir
- » Leikskólakennari - Víðivellir

**Sumarstörf**
- » Sumarstörf fyrir einstaklinga fædda 1997 eða fyrr
- » Sumarstörf ungmenna fædd 1998 - 2000
- » Sumarstörf ungmenna fædd 2001

**Umhverfis- og skipulagsþjónusta**
- » Yfirverkstjóri veitna
- » Iðnaðarmaður - fráveita

JAFNRÉTTISVIÐURKENNING JAFNRÉTTISRÁÐ 2017

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

JAFNLAUNAMERKIÐ

HAFNARFJÖRÐUR

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is



# SKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Tónlistarskóli Hafnarfjarðar óskar eftir að ráða skólastjóra til starfa. Skólinn var stofnaður 1950 og starfar nú á tveimur stöðum.

Starfið felur í sér að stýra skólanum en um 600 nemendur stunda nám við skólann og þar starfa 50 mjög vel menntaðir kennarar í 34 stöðugildum. Kennt er á öll helstu hljóðfæri auk söngs. Í skólanum er starfandi sinfóníuhljómsveit, lúðrasveitir auk fjölmargra annarra samspila.

Tónkvísl er rytmisk deild innan skólans þar sem mikil áhersla er lögð á samspil og kennt á öll helstu hljóðfæri sem tilheyra rythmískri deild.

Mikilvægt er að umsækjandinn sé tilbúinn til að leiða áfram það faglega starf sem byggt hefur verið upp í skólanum. Hann þarf að styðja við uppbyggilegan skólabrag og sameiginlega sýn á metnaðarfullt skólastarf. Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf í byrjun ágúst.

Sótt er um starfið á vef Hafnarfjarðarbæjar **hafnarfjordur.is**

Umsókn um starfið þarf að fylgja greinargóð starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar, fyrri störfum umsækjanda, menntun, stjórnunarreynslu og þeim verkefnum sem hann hefur unnið við og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna skólastjórastarfi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Dagleg stjórnun og rekstur skólans og faglegt forysta
- Umsjón með eftirliti og mati á þjónustu skólans
- Skipuleggur skólaárið og leggur fram starfsáætlun fyrir hvert skólaár
- Umsjón með þróunar- og umbótarstarfi og símenntun kennara

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- BA gráða í tónlist. Framhaldspróf á sviði tónlistar æskilegt
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Reynsla af kennslu í tónlistarskóla
- Reynsla af stjórnun, rekstri og opinberri stjórnsýslu æskileg
- Leiðtogahæfni
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður í vinnubrögðum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk.**

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Gunnarsson, skólastjóri **gungun@tonhaf.is**

*Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um starfið.*

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Aðstoðarmaður landlæknis | Embætti landlæknis | Reykjavík | 201803/567 |
| Þjóðgarðsvörður | Vatnajökulsþjóðgarður | Suðurland | 201803/566 |
| Flugvirki | Landhelgisgæsla Íslands | Reykjavík | 201803/565 |
| Verkefnastjóri umhverfismála | Framkvæmdasýsla ríkisins | Reykjavík | 201803/564 |
| Verkefnastjóri í mannvirkjagerð | Framkvæmdasýsla ríkisins | Reykjavík | 201803/563 |
| Lögfræðingur | Vegagerðin | Reykjavík | 201803/562 |
| Ræsting og umsjón fasteignar | Ríkisendurskoðun | Reykjavík | 201803/561 |
| Lektor í stjórnmálafræði | Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið | Reykjavík | 201803/560 |
| Lektor í uppeldis- og menntunarfræ | Háskóli Íslands, Menntavísindasvið | Reykjavík | 201803/559 |
| Dósent í færsluvísindum og barnal | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201803/558 |
| Veiðieftirlitsmenn | Fiskistofa | Hafnarfjörður | 201803/557 |
| Skjalastjóri | Alþingi | Reykjavík | 201803/556 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, göngudeild BUGL | Reykjavík | 201803/555 |
| Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar | Landspítali, bráðaöldrunarlækningadeil | Reykjavík | 201803/554 |
| Ráðgjafar/stuðningsfulltrúar | Landspítali, barna- og unglingageðdeild | Reykjavík | 201803/553 |
| Deildarlæknir/námsstaða | Landspítali, augndeild | Reykjavík | 201803/552 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, bráðaöldrunarlækningadeil | Reykjavík | 201803/551 |
| Sjúkraliðar | Landspítali, rannsóknakjarni | Reykjavík | 201803/550 |
| Lektor við ferðamáladeild | Háskólinn á Hólum | Sauðárkrókur | 201803/549 |
| Heimavistarstjóri | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201803/548 |
| Starfsmaður á lager | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201803/547 |
| Yfirsálfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201803/546 |
| Sérnámsstöður í heilsugæsluhjúkr | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðborgarsvæ | 201803/545 |
| Sjúkraliði í heimahjúkrun, sumaraf | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Höfuðborgarsvæ | 201803/544 |
| Vefritstjóri | Alþingi | Reykjavík | 201803/543 |
| Umsjónarmaður Reiðmannsins | Landbúnaðarháskóli Íslands | Hvanneyri | 201803/542 |
| Starfsnemi | Utanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201803/541 |
| Lögfræðingur | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201803/540 |
| Upplýsingafulltrúi | Dómsmálaráðuneytið | Reykjavík | 201803/539 |
| Stjórnarráðsfulltrúi | Utanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201803/538 |
| Ráðgjafar | Barnaverndarstofa, Stuðlar | Reykjavík | 201803/537 |
| Löglærður aðstoðarmaður dómara | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201803/536 |

# VILT ÞÚ VERÐA HLUTI **AF GÓÐU FERÐALAGI?**



## KERFISSTJÓRI
## NET OG SÍMAMÁLA

Isavia óskar eftir að ráða kerfisstjóra í net- og símamálum með góða þekkingu á Cisco netbúnaði og netkerfum. Kerfisþjónustan rekur eitt stærsta tölvu- og netkerfi á Íslandi. Gríðarleg áhersla er lögð á uppitíma kerfa. Lögð er áhersla á að nota nýjustu tækni við að leysa flókin vandamál.

Nánari upplýsingar veitir Axel Einarsson, deildarstjóri Kerfisþjónustu, **axel.einarsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur**

- Cisco CCNA gráða er kostur (R&S, Voice eða Wireless)
- Þekking á búnaði frá Cisco og Palo Alto er kostur
- Þekking á Cisco símaumhverfi er kostur
- Þekking á Cisco WiFi er kostur
- Almenn þekking á IP, Layer 2 og 3 samskiptum er æskileg

## KERFISSTJÓRI
## Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Isavia óskar eftir kerfisstjóra í notendaþjónustu við tölvukerfi Isavia á Keflavíkurflugvelli. Helstu verkefni eru notendaþjónusta, uppsetningar og viðhald á tölvum, pantanir, skráningar og samskipti við birgja. Gríðarleg áhersla er lögð á uppitíma kerfa. Lögð er áhersla á að nota nýjustu tækni við að leysa flókin vandamál.

Nánari upplýsingar veitir Axel Einarsson, deildarstjóri Kerfisþjónustu, **axel.einarsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur**

- Kostur að hafa lokið MS prófgráðu eins og MCSA eða MCITP
- Kostur að hafa lokið kerfisstjóranámi
- Kostur að hafa lokið CompTIA A+ gráðu
- Skilningur og þekking á Microsoft Windows umhverfi
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

**Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið.**

**Isavia hefur hlotið gullmerki PwC fyrir launajafnrétti og hvetjum við bæði konur og karla til að sækja um þau störf sem í boði eru.**

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

UMSÓKNARFRESTUR: **2. APRÍL**


Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!



www.hagvangur.is

HAGVANGUR

Hringur er flugumferðarstjóri í flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík. Hann er hluti af góðu ferðalagi.




## KERFISÞJÓNUSTA
### SUMARSTARF

Helstu verkefni eru eftirlit með tölvubúnaði í innritun og flugupplýsingaskjám, aðstoð við uppsetningu á vél- og hugbúnaði og uppsetningar og viðhald á tölvum, prenturum og öðrum jaðarbúnaði.

Nánari upplýsingar veitir Axel Einarsson, deildarstjóri Kerfisþjónustu, **axel.einarsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur**

- Góð þekking á Microsoft lausnum
- Þjónustulund og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Þekking á IP og netkerfum er kostur
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli
- Kostur að hafa lokið CompTIA A+ gráðunni

## FRAMTÍÐARSTÖRF
## HÚSVARÐA

Við leitum að ábyrgum og úrræðagóðum einstaklingum með sjálfstæð vinnubrögð til að sinna störfum húsvarða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um framtíðarstörf er að ræða í krefjandi umhverfi. Unnið er á dag- og næturvöktum.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Freyr Borgarsson, hópstjóri rekstrarstjórnstöðvar, **bjarni.borgarsson@isavia.is.**

**Hæfniskröfur**

- Aldurstakmark 20 ár
- Nám í iðnmenntun eða önnur sambærileg menntun/reynsla
- Góð kunnátta í ensku og íslensku
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

isavia

# VIÐSKIPTABLAÐAMAÐUR Á FRÉTTABLAÐIÐ

**VILTU SLÁST Í HÓP ÖFLUGUSTU VIÐSKIPTABLAÐAMANNA LANDSINS?**

Markaðurinn, fylgirit Fréttablaðsins um viðskipti og fjármál, óskar eftir blaðamanni í fullt starf á ritstjórn blaðsins.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- að hafa góða þekkingu og brennandi áhuga á viðskiptum og efnahagsmálum er skilyrði
- háskólamenntun á sviði hagfræði, viðskipta eða lögfræði er æskileg
- reynsla af blaðamennsku er æskileg
- að hafa gott vald á íslenskri tungu
- frumkvæði, öguð vinnubrögð og að geta unnið undir álagi

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Hörð Ægisson á netfangið hordur@frettabladid.is

**Umsóknarfrestur er til 21. mars.**

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

RÚV starfar í almannaþágu og hefur það hlutverk að vekja, virkja og efla. Öflugt og samhent starfsfólk RÚV skoðar samfélagið með gagnrýnum hætti, segir mikilvægar sögur og þróar nýjar leiðir til miðlunar.



## Birtingastjóri
### Auglýsingadeild

Laust er til umsóknar fullt starf birtingastjóra með þekkingu og reynslu af sölumálum og/eða bókhaldi. Unnið er í skemmtilegum og lifandi hópi í kraftmiklu, skapandi og metnaðarfullu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til 3. apríl.

## Sumarstarf - íþróttafréttamaður
### Íþróttir

Við leitum að liðsauka í 100% sumarstarf á vöktum. Starfið felst í að afla íþróttafrétta af innlendum og erlendum vettvangi og miðla þeim í útvarpi, sjónvarpi og á vefnum **www.ruv.is.**

Umsóknarfrestur er til 25. mars

Sótt er um á **umsokn.ruv.is** og þar er nánari upplýsingar að finna. Við hvetjum konur jafnt sem karla og fólk af ólíkum uppruna til að sækja um starfið.

Jafnlaunaúttekt PwC 2017

FISKISTOFA
TRAUST - FRAMSÆKNI - VIRÐING

# Starfsmenn óskast í veiðieftirlit

Fiskistofa óskar eftir að ráða 1-2 metnaðarfulla og jákvæða starfsmenn í veiðieftirlit í Hafnarfirði. Mannauður Fiskistofu er grunnstoðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðlun.

Starfandi veiðieftirlitsmenn er nær eingöngu karlar og er því athygli kvenna sérstaklega vakin á starfinu í þeim tilgangi að jafna kynjahlutföll í starfsgreininni, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

**Helstu verkefni:**
- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Haldgóð reynsla af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott heilsufar.
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Mjög góð hæfni í samskiptum nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Ösp Gylfadóttir mannauðs- og fjármálastjóri í síma 5697900. Ferilskrá á íslensku sem hefur m.a. að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila sem og kynningarbréf þar sem hæfni viðkomandi umsækjanda í starfið er rökstudd sendist í gegnum heimasíðu fiskistofu, www. Fiskistofa.is

**Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl 2018.**

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við SFR.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

**Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun með sex starfsstöðvar um land allt og eru höfuðstöðvar á Akureyri. Stofnunin annast stjórnsýslu á sviði sjávarútvegs og lax- og silungsveiði ásamt því að safna og vinna úr upplýsingum um þá málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is.**

# Starfsmenn á lager

ÓJ&K/SD óskar eftir hraustum, drífandi og jákvæðum starfsmönnum á lager.

**Starfssvið og hæfniskröfur:**
- Móttaka og frágangur á vörum í vöruhúsi
- Tiltekt og afgreiðsla á pöntunum
- Almenn lagerstörf
- Þjónustulund og lipurð í almennum samskiptum

ÓJ&K Ó. Johnson & Kaaber ehf
SD Sælkeradreifing ehf.

Umsóknir sendist á:
kjartan@ojk.is
merkt **OJK/SD lager**
fyrir 26. mars. n.k.

Jeppaþjónustan · Breytir

## Óskum eftir að ráða starfsmann á verkstæði okkar

Við leitum að vandvirkum og samviskusömun einstaklingi.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar á breytir@breytir.is eða í síma 567 7722 / 894 0630

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

## Stöður ráðgjafa

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi í sérúrræði undir stjórn Stuðla? Starfið felur í sér vinnu með unglingum þar sem starfsfólk fær þjálfun í viðurkenndum aðferðum eins og ART (Aggression Replacement Training). Um er að ræða átta til tíu 100% stöður í vaktavinnu til allt að tveggja ára. Starfsstöð verður á höfuðborgarsvæðinu.

**Starfssvið**
**Starfið felst m.a. í:**
- Samveru og samskiptum við unglinga.
- Samskiptum við foreldra.
- Tómstundastarfi með unglingum.
- Einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu við yfirmenn og sálfræðinga.

**Persónulegir eiginleikar**
Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

**Hæfnikröfur**
- Reynsla af vinnu með unglinga er æskileg t.d. í meðferðar-, tómstunda- eða íþróttastarfi.
- Umsækjendur þurfa að geta tileinkað sér þá meðferðarnálgun og þær verklagsreglur sem unnið er eftir á Stuðlum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt og í teymi.

Nánari upplýsingar um starfið er hægt að fá hjá Funa Sigurðssyni, forstöðumanni Stuðla, í síma 530 8800 eð funi@bvs.is.

Störfin eru auglýst með fyrirvara um að hentugt húsnæði finnist fyrir starfsemina. Við úrvinnslu umsókna um störfin gildir mat forstöðumanns Stuðla á hæfni og eiginleikum umsækjanda. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum SFR og ríkisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Auglýsingin gildir í 6 mánuði frá birtingu.

Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um menntun og fyrri störf. Umsóknir skulu berast til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík eða á netfangið bvs@bvs.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 3. apríl 2018.**

Fossaleynir 17 (Grafarvogi) |112 Reykjavík | www.studlar.is | mru@studlar.is

## GARÐASmiði

Óskum eftir starfsmanni í hellulagnir.

Mikil vinna framundan.

**Umsóknir berist á gardasmidi@gardasmidi.is**

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Starf sérfræðings hjá nýrri Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á nýrri Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar. Markmið stofnunarinnar er að auka gæði og öryggi félagsþjónustu og barnaverndar með því að styrkja stjórnsýslu og eftirlit í málaflokknum. Stofnunin mun sinna stjórnsýslu- og eftirlitsverkefnum á sviði félagsþjónustu og barnaverndar og verður hún hluti af velferðarráðuneytinu sem sérstök ráðuneytisstofnun.

Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi, áhugaverð og fjölbreytt verkefni hjá nýrri stofnun þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði.

Starfið felst í þróun og mótun kröfulýsinga, gæðaviðmiða og árangursmælikvarða auk annarra verkefna á málasviði stofnunarinnar. Viðkomandi mun einnig taka þátt í mótun innra starfs stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í félagsvísindum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Samstarfshæfni.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku.
- Þekking á einu Norðurlandamáli æskileg.
- Reynsla af starfi hjá félagsþjónustu sveitarfélags æskileg.

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir, stjórnandi Gæða- og eftirlitsstofnunar í félagsþjónustu og barnavernd, sigridur.jonsdottir@vel.is eða í síma 545-8100.

Með umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá, starfsheiti og kynningarbréf með rökstuðningi um hvernig viðkomandi uppfyllir hæfniskröfur fyrir starfið. Umsóknir skulu sendar til velferðarráðuneytisins, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík eða á netfangið postur@vel.is eigi síðar en mánudaginn 9. apríl 2018.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 17. mars 2018.*

JAFNLAUNAVOTTUN 2017 - 2020

---

StofnFiskur

## Fiskeldisfræðingur & Verkefnastjóri

Í boði eru spennandi störf hjá framsæknu fyrirtæki í örum vexti sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá skulu berast á netfangið unnur@stofnfiskur.is fyrir **26. mars 2018.**

www.stofnfiskur.is

### Fiskeldisfræðingur

**Stofnfiskur hf. óskar eftir að ráða fiskeldisfræðing í framtíðarstarf og tvo sumarstarfsmenn í hrognkelsaeldi fyrirtækisins í Höfnum, Reykjanesi.**

**Starfssvið og ábyrgð:**
- Almenn eldisstörf við eldi á laxi og hrognkelsum:
  - fóðrun og umhirða á fiski, seiðum og hrognum
  - þrif á eldiskerum og ýmiskonar viðhald
  - ýmis ábyrgðarverkefni samkvæmt fyrirmælum stöðvarstjóra/ aðstoðar stöðvarstjóra
- Vinna í samræmi við gæðakerfi

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Fiskeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Vinna vel í teymi
- Dugnaður, vandvirkni og skynsemi

*Frekari upplýsingar um starf fiskeldisfræðings má nálgast í síma 693-6310 eða hjá solvi@stofnfiskur.is*

### Verkefnastjóri

**Stofnfiskur hf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra í framleiðsludeild fyrirtækisins í Vogum.**

**Starfssvið og ábyrgð:**
- Ábyrgð á Frjóvgunarteymi Stofnfisks
- Ýmis sérverkefni sem tengjast framleiðslu hrogna
- Frumkvæði að úrbótum/nýjum verkefnum
- Skjalagerð tengd framleiðslu á hrognum
- Afleysingar fyrir framleiðslustjóra hrogna
- Vinna samkvæmt gæðakerfi félagsins

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Fiskeldismenntun og/eða menntun á háskólastigi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, hafa frumkvæði
- Góð kunnátta á skjalavinnslu í Word og Excel
- Vera opin/-inn fyrir fjölbreytni í starfi
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum, vinna vel í teymi
- Hafa getu til að vinna yfirvegað undir pressu

*Frekari upplýsingar um starf verkefnastjóra má nálgast í síma 693-6326 eða hjá elvar@stofnfiskur.is*

---



## Vilt þú vinna á líflegum vinnustað í sumar?

Við leitum að kraftmiklum og þjónustulunduðum liðsfélögum til sumarstarfa á þjónustustöðvar okkar um land allt í fjölbreytt störf í vaktavinnu. Þjónustustöðvar N1 eru líflegir vinnustaðir sem iða af mannlífi frá morgni til kvölds.

**Við leitum að:**
- Vaktstjórum (20 ára eða eldri)
- Starfsfólki í almenna afgreiðslu
- Aðstoðarfólki í eldhús (landsbyggðin)

Umsækjendur þurfa að vera liprir í mannlegum samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp. Reynsla af störfum í verslun og þjónustu er kostur.

Áhugasamir sæki um á **www.n1.is** – merkt sumarstörf 2018

Umsóknarfrestur til **7. apríl 2018.**

Við hvetjum bæði kyn til að sækja um auglýst störf hjá fyrirtækinu.

Framúrskarandi fyrirtæki

JAFNLAUNAVOTTUN VR

N1

## Starfsmaður óskast til starfa

### Efnarás óskar eftir liðsauka í spilliefna og raftækjamóttöku

**Hæfniskröfur:**
- Góð íslenskukunnátta
- Gott vald á tölvunotkun
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund
- Lyftararéttindi eru kostur en ekki skilyrði
- Enskukunnátta

**Helstu verkefni:**
- Starf í móttöku og skráningu
- Flokkun á efnum
- Taka í sundur rafeindabúnað
- Meðhöndlun spilliefna
- Störf á lager

**Umsóknarfrestur er til og með 28. mars 2018**
Umsóknum um starfið þarf að fylgja ferilskrá
***Umsóknir sendist á johannkarl@hringras.is***

EFNARÁS ENDURVINNSLA

*Efnarás er leiðandi fyrirtæki í móttöku raftækja til endurvinnslu og ráðstöfun spilliefna.*

---

# Verkstjóri
## þjónustuverkstæði

ARCTIC TRUCKS EXPLORE WITHOUT LIMITS



Arctic Trucks á Íslandi óskar að ráða reyndan og kraftmikinn verkstjóra á þjónustuverkstæði. Viðkomandi þarf að vera ábyrgðarfullur og skipulagður, auk þess að búa yfir mikilli þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Þjónustuverkstæði Arctic Trucks flutti nýverið í nýtt og stærra húsnæði þar sem boðin er smur- og viðgerðarþjónusta fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa, stóra sem smáa. Verkstæðið er viðurkennt þjónustuverkstæði fyrir Toyota og getur því framkvæmt allar ábyrgðar- og þjónustuviðgerðir á öllum Toyota bílum.

STARFSSVIÐ
- Verkstjórn og dagleg stjórnun á þjónustuverkstæði
- Bílaviðgerðir
- Umsjón með innkaupum fyrir þjónustuverkstæði
- Mannaforráð
- Samstarf við verkstæðismóttöku vegna innbókana og útskrifta á reikningum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
- Bifvélavirkjamenntun
- Góð reynsla sem bifvélavirki
- Reynsla af verkstjórn
- Góð almenn tölvukunnátta
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og þjónustulund

ARCTIC TRUCKS EXPLORE WITHOUT LIMITS

**Umsóknarfrestur er til 25. mars 2018**

Umsóknir sendist í gegnum www. talentradning.is.
Nánari upplýsingar veitir Bryndís, sími 773 7400, bryndis@talentradning.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF www.talentradning.is

**Arctic Trucks Ísland ehf.** | Kletthálsi 3, 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | info@arctictrucks.is

---

FLÓAHREPPUR Krakkaborg

– Okkur vantar –

## Leikskólakennara

**í 100% starf**

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 45-50 börn frá 9 mánaða aldri. Okkur vantar leikskólakennara á yngstu deildina okkar en þar dvelja 12 börn á aldrinum 9 mánaða-2 ára. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður mjög góður. Hér er góður starfsmannahópur, yndisleg börn og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans býður upp á óendanlega möguleika.

Ef þú ert leikskólakennari sem vilt vera virkur hluti liðsheildar, jákvæður og skapandi þá ættirðu ekki að hika. Við erum falin perla rétt fyrir utan Selfoss, 10 mínútna akstur. Ef þú hefur áhuga, komdu þá í heimsókn til okkar.

**Hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun, ef ekki fæst menntaður einstaklingur þá koma aðrar umsóknir til greina.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Metnaður og áhugi fyrir faglegu leikskólastarfi
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Allar umsóknir eru teknar til skoðunar og þeim svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Kennarasambands Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl n.k.**

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir leikskólastjóri í síma 480-0151. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið guggaholm@floahreppur.is.

---

# STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Umsjónarkennari á elsta stig
- Umsjónarkennari á miðstig
- Leiðbeinandi á tómstundaheimili

**Hofsstaðaskóli**
- Sérkennari
- Umsjónarkennari

**Urriðaholtsskóli**
- Deildarstjórar á leikskólastig
- Grunnskólakennarar á yngsta stig
- Íþróttakennari á yngsta stig
- Leikskólakennarar á leikskólastig
- Sérkennslustjóri á leikskóla- og yngsta stig
- Starfsfólk á leikskólastig

**Bæjarból**
- Deildarstjóri
- Verkefnisstjóri yfir hreyfingu
- Starfsmaður í eldhús

**Holtakot**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennari

**Lundaból**
- Leikskólakennari

**Miðskógar - heimili fatlaðs fólks**
- Starfsmaður - 60% starfshlutfall

**Fjölskylduvið**
- Starfsmenn í félagslega liðveislu

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is.**

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

---

# Ertu að leita að talent?
Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á
**www.talentradning.is**
talent@talentradning.is/bryndis@talentradning.is - **Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

# Árangur í verki

## Mannvit óskar eftir fagfólki í eftirfarandi stöður.

### Gæðastjóri

Gæðastjóri stuðlar að og styður við stöðugar umbætur í starfsemi Mannvits. Viðkomandi fer með gæða-, umhverfis-, vinnuverndar- og öryggismál. Gæðastjóri ber ábyrgð á að viðhalda og þróa stjórnunarkerfi fyrirtækisins ásamt úttektum og eftirfylgni.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking í rekstri stjórnunarkerfa skv. ISO 9001. Þekking á ISO 14001 og/eða OHSAS 18001 er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Gott vald á rituðri og töluðri íslensku og ensku.
- Leiðtogahæfni, góð samskiptafærni og jákvætt viðhorf.
- Nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi.
- Reynsla af straumlínustjórnun (Lean Management) er kostur.

### Reyndur burðarþolshönnuður

Viðkomandi þarf að geta tekið að sér alhliða burðarþolshönnun og hafa staðgóða og fjölbreytta reynslu af slíkri hönnun.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- M.Sc. gráða í verkfræði eða B.Sc. gráða í byggingartæknifræði með sérhæfingu í burðarþoli.
- Æskilegt að viðkomandi hafi að lágmarki 3 ára starfsreynslu af hönnun burðarvirkja.
- Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af vinnu með FEM-reiknilíkön.
- Reynsla af BIM hönnun og þekking á Tekla Structures er kostur.
- Reynsla af hönnunarstjórn og verkefnastjórn er kostur.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

### Byggingartækni- eða verkfræðingur á sviði samgangna og veitna

Viðkomandi þarf að geta sinnt verkefnum í veituhönnun, með sérstaka áherslu á hönnun veitna í þrívíddarhönnunarforritum. Einnig þarf viðkomandi að geta sinnt öðrum verkefnum sem snúa að þéttbýlistækni.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- B.Sc. eða M.Sc. gráða í byggingarverkfræði eða tæknifræði (áhersla á samgöngur og veitur er æskileg).
- Æskilegt er að viðkomandi hafi a.m.k. 3 ára starfsreynslu.
- Reynsla í veituhönnun (fráveita, vatnsveita og hitaveita) er æskileg.
- Þekking á þrívíddarhönnunarforritum (Autocad Civil 3d eða Microstation Inroads) er æskileg.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku, ensku og helst einnig á einu norðurlandamáli.

### Brunahönnuður

Mannvit óskar eftir að ráða reyndan brunahönnuð á mannvirkjasvið. Viðkomandi þarf að geta tekið að sér alhliða brunahönnun mannvirkja og hafa staðgóða og fjölbreytta reynslu af slíkri hönnun. Mannvit tekur jafnframt vel á móti umsóknum um sumarstarf fyrir nemendur sem eru nú þegar í námi eða stefna á framhaldsnám í brunahönnun.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- M.Sc. gráða í verkfræði með sérhæfingu í brunahönnun.
- Æskilegt að viðkomandi hafi 5-10 ára starfsreynslu af brunahönnun.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku, ensku og helst einnig á einu norðurlandamáli.

### Hljóðtæknimaður

Helstu verkefni eru hljóðvistarhönnun bygginga, kortlagning hávaða og hljóðmælingar.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- M.Sc. gráða í verkfræði með sérhæfingu í hljóðvist.
- Æskilegt að viðkomandi hafi starfsreynslu tengt hljóðvistarhönnun og/eða hljóðmælingum.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti, á íslensku, ensku og helst einnig á einu norðurlandamáli.

### Tæknimaður á sviði loftræstihönnunar

Viðkomandi þarf að geta sinnt verkefnum tengdum loftræstihönnun.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Tæknimenntun eða háskólamenntun á sviði verkfræði.
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Reynsla í hönnun loftræstikerfa í Revit og/eða MagiCad er kostur.
- Frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

### Bókari í árs afleysingar

Mannvit óskar eftir að ráða bókara í afleysingar í eitt ár frá og með maí 2018. Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu og reynslu af bókhaldi og Navision. Starfið felst í færslu bókhalds, afstemmingum og aðstoð við uppgjör.

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Góð þekking og reynsla af bókhaldsstörfum.
- Reynsla af verkbókhaldi.
- Þekking og reynsla af Navision.
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð.
- Frumkvæði, sjálfstæði og hæfni í mannlegum samskiptum.

---

### Umsóknarfrestur er til og með 30. mars.

Sótt er um störfin á heimasíðu Mannvits, www.mannvit.is, og eru umsækjendur vinsamlegast beðnir um að láta ferilskrá og kynningarbréf fylgja umsókn.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir, mannauðsstjóri í netfanginu mannaudssvid@mannvit.is.

Mannvit býður þjónustu á sviði verkfræði, jarðvísinda, umhverfis, byggingarefnarannsókna, verkefnastjórnunar og heildarumsjónar verkefna. Mannvit er eitt stærsta ráðgjafarfyrirtæki landsins á sviði verkfræði og tækni og þar starfar öflugur hópur reynslumikilla verkfræðinga og tæknimenntaðs starfsfólks með fjölþætta reynslu á flestum sviðum verkfræðiþjónustu. Mannvit er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður þar sem traust, víðsýni, þekking og gleði eru höfð að leiðarljósi.

---

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

MANNVIT

# SKÓLASTJÓRI **ÁLFTANESSKÓLA**

**Laus er til umsóknar staða skólastjóra Álftanesskóla sem er grunnskóli fyrir nemendur í 1. - 10. bekk.**

Nemendur skólans eru ríflega 400. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði og vinnubrögðum „Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga". Hefðir í skólanum, svo sem ,,útileikarnir" að hausti, tengjast m.a. staðsetningu skólans nálægt fjöru og fallegri náttúru.
**Sjá nánar um skólastarfið á vef skólans, alftanesskoli.is.**

Í Garðabæ er lögð rík áhersla á sjálfstæði skóla, fjölbreytni og valfrelsi sem felst meðal annars í því að foreldrar hafa fullt frelsi um val á skóla fyrir börn sín.
Skólastjóri tekur þátt í að móta metnaðarfullt skólasamfélag Garðabæjar með uppbyggilegum og framsýnum hætti.

**Helstu verkefni:**

- Að vera faglegur leiðtogi
- Að bera faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórna daglegri starfsemi og hafa forgöngu um mótun og framgang stefnu skólans
- Að vinna náið með starfsfólki að því að skapa frjótt námsumhverfi fyrir alla nemendur
- Að leiða og hvetja starfsfólk með það að markmiði að tryggja sem best vellíðan og árangur hvers og eins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu réttindi í grunnskóla
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kennslu
- Reynsla af starfsmannastjórnun og rekstri
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Góðir skipulagshæfileikar, lipurð og færni í samskiptum
- Áhugi og reynsla í að leiða þróunarstarf ásamt sveigjanleika og víðsýni

Staðan er laus frá og með 1. ágúst 2018.
**Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl 2018.**

**Nánari upplýsingar um starfið veita** Katrín Friðriksdóttir, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, s.525 8500, katrinf@gardabaer.is, og Kristín Sigurðardóttir, verkefnastjóri skólaskrifstofu, s. 525 8500, kristinsig@gardabaer.is.
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um rafrænt á ráðningarvef Garðabæjar https://starf.gardabaer.is.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS

## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**
- Frístundaleiðbeinendur í Vatnsendaskóla
- Heimilisfræðikennari í Snælandsskóla
- Kennarar í Vatnsendaskóla
- Kennari á eldra stigi í Smáraskóla
- Kennari í Kópavogsskóla
- Kópavogsskóli - kennarar fyrir skólaárið 2018-2019
- Myndmenntakennari óskast í Snælandsskóla
- Samfélagsfræðikennari í Salaskóla
- Sérkennari í Hörðuvallaskóla
- Sérkennari í Snælandsskóla
- Starfsfólk í Álfhólsskóla fyrir skólaárið 2018-2019
- Umsjónarkennari í Hörðuvallaskóla
- Þroskaþjálfi/sérkennari í Salaskóla

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í Læk
- Leikskólakennari á Grænatúni
- Leikskólakennari/leiðbeinandi í sérkennslu í Læk

**Velferðarsvið**
- Starfsmenn á heimili fyrir fatlað fólk
- Starfsmenn í þjónustuíbúðir fyrir fatlað fólk

**Annað**
- Starfsmaður hjá Sundlaug Kópavogs - Karl

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

# Fjármála- og rekstrarstjóri Alþingis

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir fjármála- og rekstrarstjóra sem hefur umsjón með fjármálum, almennum rekstri, upplýsingatækni og rekstri eigna Alþingis. Fjármála- og rekstrarstjóri á sæti í yfirstjórn skrifstofunnar ásamt skrifstofustjóra og varaskrifstofustjóra. Á skrifstofu Alþingis starfa um 110 starfsmenn. Fjármála- og rekstrarstjóri hefur umsjón með rekstraráætlun Alþingis og gerð þess hluta fjármálastefnu, fjármálaáætlunar og fjárlagafrumvarps er varðar rekstur Alþingis og stofnana þess.

ALÞINGI

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Umsjón með fjármálum og almennum rekstri Alþingis.
- Samskipti við þingmenn og starfsmenn Alþingis og aðila utan þess er tengjast rekstri þingsins.
- Forusta um fagleg vinnubrögð í þeim málaflokkum sem fjármála- og rekstrarstjóri hefur umsjón með.
- Umsjón með fasteignum Alþingis og öðrum eignum þess.
- Þátttaka í starfi stjórnenda skrifstofu Alþingis.
- Þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi.

**Hæfnikröfur**

- Meistaranám í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi.
- Marktæk starfs- og stjórnunarreynsla, þ.m.t. reynsla af mannaforráðum.
- Skipulags- og stjórnunarhæfileikar.
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Fullt vald á íslensku, gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli í ræðu og riti.
- Færni í framsetningu talna og gagna.
- Sveigjanleiki, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að vinna undir álagi.

**Frekari upplýsingar um starfið**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi forseta Alþingis og Félags starfsmanna Alþingis. Sótt er um starfið í gegnum ráðningarkerfi Orra. Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Skrifstofa Alþingis hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 3.4.2018.

Gildi skrifstofu Alþingis eru: Þjónustulund - Fagmennska - Samvinna

Upplýsingar um starfið veitir:
Helgi Bernódusson skrifstofustjóri Alþingis,
s: 563-0500.

## Getur þú selt í gegnum síma?

Líftryggingaumboð Íslands leitar af öflugum sölumanni í símsölustarf sem gengur út á að selja vátryggingar. Sendu inn umsókn á netfangið helgi@liftrygging.is og við höfum síðan samband við þig.

## Gott tekjutækifæri

**Atvinnurekstur tengdur ferðamannaiðnaði til sölu miðsvæðis í Reykjavík og háannatími framundan.**
Áhugasamir sendi nafn, kennitölu og símanúmer merkt **„Tekjutækifæri"** á hrannar@frettabladid.is

## Til sölu

### Brúðarkjólaverslun | Herrafataleiga og -sala

**Stærsta og elsta verslunin sem sérhæfir sig í sölu og leigu á fatnaði í tengslum við brúðkaup og aðra viðburði. Verslunin er ein þekktasta og elsta í sínum bransa og býður upp á fatnað frá heimsþekktum hönnuðum.**

**Hér er einstakt tækifæri fyrir aðila sem þegar eru inná svipuðum markaði eða þá sem vilja taka við rótgrónu fyrirtæki með topp vörumerki. Verslunin hefur vaxið þétt og örugglega undanfarin ár.**

**Til greina kemur að selja hluta rekstursins líkt og til dæmis herrafataleiguna -söluna.**

**Upplýsingar eru ekki gefnar upp í gegnum síma.**

**Vinsamlegast sendið fyrispurnir með nafni og síma á netfangið bjorgvin@atv.is.**

atv FASTEIGNIR & FYRIRTÆKI

**Björgvin Óskarsson**
Fyrirtækjaráðgjafi
lögg. leigumiðlari
lögg. eignaskiptal.

EFLA

NORÐURORKA

# Tilboð í byggingu hreinsistöðvar fráveitu á Akureyri

Norðurorka óskar eftir tilboðum í byggingu hreinsistöðvar fráveitu á Akureyri í Sandgerðisbót. Um er að ræða húsbyggingu, útrás og ræsi.

**Helstu magntölur eru:**

- Steypumót 4250 m²
- Steinsteypa 1000 m³
- Bendistál 110.000 kg
- Útrás 400 m
- Ræsi 200 m

Verkið skal klárast að fullu fyrir 28. febrúar 2020.

Útboðsgögn verða afhent á verkefnavef verksins frá 19. mars 2018. Til að fá aðgang að vefnum þarf að senda upplýsingar um nafn fyrirtækis, forráðamann, netfang og síma til Haraldar Jósefssonar á póstfangið: *hajo@no.is.*

Tilboðum skal skila til þjónustuanddyris Norðurorku, Rangárvöllum 2 (jarðhæð), 603 Akureyri, eigi síðar en þriðjudaginn 25. apríl 2018 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum, eða fulltrúum þeirra, sem þess óska.

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
412 6000 efla@efla.is www.efla.is

## Kópavogsskóli - kennarar fyrir skólaárið 2018-2019

**Við erum að leita að þér.**

**Við í Kópavogsskóla erum að leita að lífsglöðum og áhugasömum kennurum til að slást í okkar hóp til þátttöku í skemmtilegu skólastarfi.**

Kópavogsskóli er heildstæður grunnskóli með um 360 nemendur og 70 starfsmenn. Í skólanum er sérdeild fyrir nemendur á mið- og unglingastigi og frístundaheimili fyrir nemendur í 1. – 4. bekk. Unnið er samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og skólinn er heilsueflandi grunnskóli. Lögð er áhersla á skapandi og framsækið skólastarf og ýmis þróunarverkefni eru í gangi. Í Kópavogsskóla er allir kennarar og nemendur í 5. – 10. bekk með spjaldtölvur og mikil áhersla er lögð á einstaklingsmiðun náms og fjölbreytta kennsluhætti. Einkennisorð skólans eru vinátta, virðing, vellíðan. Góður starfsandi er í skólanum og vinnuaðstæður góðar.

**Ráðningarhlutfall og tími**

- Umsjónarkennarar á yngsta stig, 80-100% stöður, framtíðarstörf
- Smíðakennari, 100% staða, framtíðarstarf
- Dönskukennari, 100% staða, framtíðarstarf
- Tónmenntakennari, 85% starf (vegna námsleyfis skólaárið 2018-2019)
- Sérkennarar, 100% störf í sérdeild, framtíðarstörf.

Ráðningartími er frá 1. ágúst 2018.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Kennsluréttindi í grunnskóla
- Þekking og reynsla af teymiskennslu er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð þekking á upplýsingatækni og notkun rafrænna miðla í kennslu
- Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á Uppeldi til ábyrgðar
- Viðkomandi þurfa að vera sjálfstæðir og drífandi og áhugasamir fyrir þróunarstarfi

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að skila sakavottorði. Mjög viðamiklar upplýsingar um Kópavogsskóla og skólastarfið er að finna á **www.kopavogsskoli.is**.
Einungis er hægt að sækja um starfið á vef Kópavogsbæjar w**ww.kopavogur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2018**.

**SUZUKI Grand vitara.**
Árgerð 2015, ekinn 92 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.690.000.**
Rnr.107182.



**SUBARU Forester.**
Árgerð 2017, ekinn 38 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.495.000.**
Rnr.250960.



**SKODA Octavia ambition 2.0 4x4 mt.**
Árgerð 2017, ekinn 42 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 3.990.000.**
Rnr.260903.



**NISSAN X-trail plus-2.**
Árgerð 2017, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 4.890.000.**
Rnr.250975.



**NISSAN Qashqai.**
Árgerð 2017, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 3.890.000.**
Rnr.271288.



**NISSAN Note.**
Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.260726.



**MMC Pajero 32".**
Árgerð 2008, ekinn 261 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 1.990.000.**
Rnr.270933.



**BMW X5.**
Árgerð 2004, ekinn 231 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 5 gírar.
**Verð 890.000.**
Rnr.260955.

## Varahlutir

Ljósboginn ehf.

Altenatorar & Startarar



ljósboginn@ljosboginn.is
s. 553-1244

# Þjónusta

## Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum og viðhaldi á ofnakerfum. Uppl. í s. 778 1604

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Málarar

**POPETURSSON/HÚSAMÁLUN**
Þarft þú að láta mála? Inni og útimálun - fagmennska og vönduð vinnubrögð. Góð verð, uppl í S:8587531

Getum bætt við okkur inni og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Garðyrkja

**Lárkot ehf**
Sandur, mold og jarðvinna.
Mætum og gerum tilboð.
Uppl. í s. 892 2257
Geymið auglýsinguna.

Felli tré og klippi runna. Besti tíminn Halldór garðyrkjum. s:698 1215

## Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
Tímapantanir í síma 864-1273

## Húsaviðhald

**ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD**
- MÚRVINNA
- FLÍSALAGNIR
- SMÍÐAVINNA
- MÁLNINGARVINNA

Tilboð þér að kostnaðarlausu !
Uppl. í s: 788 8870 eða verk@murumogsmidum.is
Múrum og smíðum ehf

**K2**
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# GRETTISLAUG Á TILBOÐI




Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Nú er rétti tíminn til að huga að heitum potti fyrir sumarið. Þess vegna bjóðum við nú á sértilboði hina vinsælu Grettislaug með vönduðu loki.

**Grettislaug með loki á aðeins kr. 272.000**

Snorralaug · Gvendarlaug · Grettislaug · Unnarlaug · Geirslaug

**NORMX**
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

# HÚSBÍLAÆÐI !



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.990.000**
**Verð nú 4.250.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 131 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.
**Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.350.000.**




**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**
árg 2009, ekinn 127 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.
**Verð 4.990.000,**
**Tilboð 3.350.000.**




**Dacia Dokker 1.5 diesel**
árg 2016 ekinn 28 þ km 5 gíra svefnpláss fyrir 2 sólarsella og öndun á topp, klár í notkun
**Verð 1.990.000**
**Tilboð 1.700.000**




**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur. **Verð 5.590.000**
**Tilboð 4.450.000.**




**Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4
**Verð 7.990.000.**
**Tilboð 6.990.000**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600




**Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 7.490.000.**
**Tilboð 6.490.000**
Bíllinn er í Keflavík
Uppl. síma 776 7600
**Fiat Ducato 2.3 diesel**

**TOURINGCARS**
gummi@touringcars.eu

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

RE/MAX Senter

# Opið hús að Holtsvegi 8-12 sunnudaginn 18. mars. kl. 16.00-16.30

## Glæsilegar 2ja til 4ra herbergja íbúðir á einstökum stað í Urriðaholti





**Nánari upplýsingar um íbúðirnar: www.holtsvegur.is**

Upphaf FASTEIGNAFÉLAG

Framtíðin

ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Sölufulltrúi
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter

Skútuvogur 11a
104 Reykjavík
Sími: 4144700
www.remax.is



# Opið hús að Skyggnisbraut 2 og 4 sunnudaginn 18. mars. kl. 15.00-15.30

## Til sölu fullbúnar 3ja til 5 herbergja íbúðir á frábærum stað í Úlfarsárdal





Nýjar og fullbúnar íbúðir við Skyggnisbraut 4 í Úlfarsársdal. Íbúðirnar eru 3-5 herbergja. tilbúnar til afhendingar. Með hverri íbúð fylgir stæði í lokaðri bílgeymslu. Heildareignin er 5 hæðir og eru íbúðirnar mismunandi á hverri hæð. Íbúðirnar eru fullbúnar með parketi á gólfum og gardínum í gluggum. Stofurnar er opnar með eldhúsi. Úr stofunum er gengið út á svalir/garð.

Eldhúsin eru með góðu borð og skápaplássi, eldavél, ofn og háf. Flísar á milli innréttinga. Baðherbergin eru með flísum á gólfi og hluta til á veggjum, upphengdu salerni, góðri innréttingu og sturtu. Í svefnherbergjum eru fataskápar. Þvottahús með flísum á gólfum er innan hverra íbúðar. Að utan er húsið steinað og garðurinn að mestu frágenginn.

# Opið hús að Vefarastræti 32-38 sunnudaginn 18. mars. kl. 14.00-14.30

## Til sölu fullbúnar 2ja til 4ra herbergja íbúðir í nútímafjölbýli í Mosfellsbæ





## Verð frá 34.100.000 kr. til 72.400.000 kr.

Vefarastræti nr. 32-38 er 32 íbúða fjölbýlishús í Mosfellsbæ, nánar tiltekið í suðurhlíðum Helgafells, á skjólgóðum og sólríkum stað eins og flestar lóðir í hverfinu sem liggja í suður- og vesturhlíðum Helgafells. Liðlega eitt þúsund íbúðir verða í fullbyggðu hverfinu, í fjölbýli og í sérbýli. Vefarastræti 32-38 er eins og önnur fjöl- býlishús í hverfinu, skipulagt innan svokallaðs "auga" sem dregur nafn sitt af lögun svæðisins og liggur í nálægt hverfisins.

Skipulag hverfisins er nútímalegt og mjög fjölskylduvænt, með góðum grunnskóla og tveimur leikskólum sem staðsettir verða í auganu í miðju hverfisins. Lítil bílaumferð verður á svæðinu og lágur umferðarhraði. Útsýni úr íbúðum Vefarastrætis 32-38 er einstaklega fallegt, þar sem sér vel yfir Álafosskvosina til austurs, suðurs og vesturs.

**Nánari upplýsingar um íbúðirnar: www.vefarastraeti.is**

# Bestu vinkonur í vísindum

Prófessorarnir **Arna Hauksdóttir** og **Unnur Valdimarsdóttir** segja frá einstakri vináttu sinni og stóru rannsókninni Áfallasaga kvenna. Þær hittust við upphaf náms í sálfræði við Háskóla Íslands 1992 og hafa fylgst að síðan þá.



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is




Arna og Unnur hafa fylgst að síðan þær hittust í Háskóla Íslands árið 1992. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÉG VAR NÝFLUTT I BORGINA OG SPURÐI ÚT Í STRÆTISVAGNAFERÐIR OG HÚN KENNDI MÉR Á FLEIRA SEM TENGDIST MÍNU NÝJA BORGARLÍFI. ÞARNA HÓFST OKKAR VINSKAPUR SEM HEFUR STAÐIÐ ÓSLITINN UPP FRÁ ÞVÍ.**

Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við læknadeild Háskóla Íslands, stýrir viðamestu rannsókn sem gerð hefur verið hér á landi á áfallasögu kvenna. Henni við hlið við stjórn rannsóknarinnar starfar besta vinkona hennar, Arna Hauksdóttir, sem er einnig prófessor við læknadeild Háskólans.

Rannsóknir bæði Unnar og Örnu snúa að áhrifum áfalla og þungbærrar lífsreynslu á heilsufar. Þær hafa starfað saman að rannsóknum í tuttugu ár, eru bestu vinkonur og hittust eiginlega fyrir skemmtilegan misskilning þegar þær hófu nám í sálfræði við Háskóla Íslands árið 1992.

Þær bjóða upp á kaffi og kleinur á heimili Örnu í Vesturbænum. Þessa dagana undirbúa þær að senda af stað tugi þúsunda smáskilaboða á konur og bjóða þeim að taka þátt í rannsókninni á heimasíðunni www.áfallasaga.is.

**Arna:** „Við höfum verið í ströngum undirbúningi undanfarin ár fyrir þessa rannsókn. Nú geta konur frá átján ára aldri með skráð símanúmer búist við því að fá sms á næstu dögum þar sem þeim er boðið að taka þátt. Það er einfalt. Í skilaboðunum er konum boðið að taka þátt í rannsókninni og fara á heimasíðuna okkar og skrá sig þar. Það þarf þó ekki að bíða eftir skilaboðum, því allar konur frá 18 ára aldri geta nú þegar skráð sig í rannsóknina á vefsíðunni."

*Hvernig ráðleggið þið konum að bera sig að í þessu?*

**Arna:** „Ég held að það sé mjög mikilvægt þegar kona er búin að ákveða að taka þátt að ákveða að gefa sér góðan tíma. Við höfum sagt að meðaltími til að svara þessum spurningum sé um hálftími. Sumar þurfa styttri tíma, aðrar lengri. En í öllu falli er gott að gefa sér góðan tíma og setjast niður þar sem konan getur verið ein með sjálfri sér, helst án truflunar og þannig svarað spurningunum í næði. Við viljum ítreka að konur geta verið fullvissar um að þessi svör á hver fyrir sig og engan annan."

*Hvað gerið þið svo við gögnin?*

**Unnur:** „Við höfum sett okkur þrjú meginmarkmið. Í fyrsta lagi ætlum við að kortleggja algengi margvíslegra áfalla meðal kvenna á Íslandi. Það hefur í rauninni ekki verið gert áður og ekki með þeim umfangsmikla hætti eins og við erum að gera. Í spurningalistanum er meðal annars að finna langan lista af alls konar áföllum sem fólk getur lent í. Ekki bara þau áföll sem samfélagið hefur verið mest með hugann við undanfarið vegna #metoo byltingarinnar, heldur líka aðra lífsreynslu eins og erfiða fæðingarreynslu, ástvinamissi, einelti, skilnað, framhjáhöld, alls konar áföll. Við höfum flestar lent í einhverjum áföllum, stórum eða smáum. Þetta hefur ekki verið kortlagt áður með þessum hætti.

Annað markmiðið er að skilja tengsl þessara áfalla við sálræna og líkamlega heilsu. Við vitum heilmikið um áhrif áfalla á sálræna heilsu en minna um tengsl þeirra við líkamlega heilsu. Eins og áhættuna á sjálfsónæmissjúkdómum, hjartasjúkdómum, krabbameinum og fleiru.

Og svo er þriðja markmiðið, að skilja hvort erfðirnar spili þarna einhverja rullu. Hvort erfðaþættir hafi áhrif á það hvernig heilsufar þitt þróast eftir slík áföll. Það gerum við í samstarfi við Íslenska erfðagreiningu með tengingu við gögn sem eru þegar til staðar."

Í okkar fyrri rannsóknum höfum við tekið eftir að það er mjög misjafnt hvaða áhrif áföll hafa á heilsufar einstaklinga, sumir virðast jafna sig meðan aðrir missa algjörlega heilsuna. Og við vitum töluvert um umhverfisþættina. Að fjölskylda og vinir skipta miklu máli, að geta talað við einhvern. Hafa öruggan fjárhag og ýmislegt fleira. En við vitum lítið um það hvort það sem við fáum í vöggugjöf, erfðirnar, skiptir máli í þessu samhengi.

Það eru því þessar þrjár vörður sem við erum að einblína á. Síðan eru endalausir möguleikar. Þegar við héldum fjölsóttan og vel heppnaðan kynningarfund um rannsóknina um daginn þá kom til dæmis tillaga úr sal: Er hægt að skoða mismunandi algengi og áhrif áfalla eftir kynslóðum? Og við höfðum ekkert sérstaklega verið að hugleiða það en finnst það frábær hugmynd. Þetta getum við gert með þessum gögnum. Það er endalaust af verkefnum sem þessi efniviður getur skapað. Þátttaka hverrar konur getur verið mikilvæg fyrir hana sjálfa en líka gjöf sem stuðlar að almannahag."

**Arna:** „Já, einmitt í gegnum mikilvæga þekkingarsköpun til framtíðar, og þannig breytt heiminum, svo ég gerist háfleyg. Það má líka nefna að þegar kona samþykkir að taka þátt í rannsókninni þá er hún ekki bara að samþykkja að taka þátt í að svara þessum spurningalista heldur líka mögulegum eftirfylgdarrannsóknum. Á þann hátt höfum við möguleika á að fylgja betur eftir einhverjum ákveðnum þáttum í þeim spurningum sem við erum að leggja fyrir núna. Og þá höfum við möguleika á að hafa samband aftur til að rannsaka nánar eitthvað ákveðið efni. Akkúrat núna er fókusinn á áföll og sögur kvenna um áföll en þessi rannsókn gefur líka tækifæri til að rannsaka aðra þætti með."

*Hverjar eruð þið og hvernig lá leið ykkar í sálfræði?*

**Unnur:** „Ég er frá Ólafsfirði og ólst þar upp þar til ég var sextán ára. Svo fór ég í MA og kláraði þaðan stúdentspróf. Ég var á náttúrufræðibraut í MA, var með æðislegan líffræðikennara. Var búin að vera að velta þessu fyrir mér, vissi að ég vildi fara í nám sem tengdist að einhverju leyti lífeðlisfræði eða heilsufari mannsins. Ég var mikið að hugsa um að fara í læknisfræði, líffræði eða sálfræði. Ég ákvað að velja sálfræði. Ég hélt áfram að hafa þennan áhuga á lífeðlisfræðinni og tengslum tilfinninga við heilsufar og lífeðlisfræðilega þætti. Þetta er allt beint framhald af því.

Ég byrjaði svo í sálfræðinni 1992. Þar hitti ég Örnu! Ég þekkti auðvitað engan og var hálf villuráfandi um ganga háskólans. Arna hélt að ég væri önnur manneskja á kynningarfundi um námið, heilsaði mér og upp úr því fórum við að tala saman. Ég var nýflutt í borgina og spurði út í strætisvagnaferðir og hún kenndi mér á fleira sem tengdist mínu nýja borgarlífi. Þarna hófst okkar vinskapur sem hefur staðið óslitinn upp frá því."

*En þú Arna?*

**Arna:** „Ég er fædd og uppalin í Reykjavík og er Reykvíkingur í húð og hár þó að ég eigi ættir að rekja til Suðurlands í báðar ættir. Eftir MH árin ákvað ég að fara í sálfræði. Og ég var ekki jafn fókuseruð og Unnur þegar ég valdi sálfræðina. Ég var að spá í að fara í myndlistarnám, ég byrjaði á því þegar ég var stúdent að skrá mig í frönsku í háskólanum. Svo hætti ég við það og þá varð sálfræði endanlega fyrir valinu. Það var í rauninni mamma mín sem sannfærði mig um það að ég gæti það. Þetta var spurning um sjálfstraust og ég fékk þar hvatninguna sem ég þurfti á að halda."

*Þú hefur kolfallið fyrir faginu?*

„Já, ég gerði það. Ég hafði alltaf haft áhuga á andlegri líðan. Hafði lengi verið að vinna með börnum til dæmis. Ætlaði þá að leggja fyrir mig barnasálfræði en svo eftir því sem leið á námið þá opnuðust fleiri víddir. Ég man að í lok námsins þá tók ég valnámskeið í heilsusálfræði og það var það sem kveikti á þessari tengingu minni sem Unnur er að tala um. Tengsl hugar og líkama."

*Þið gerðuð saman lokaverkefnið ykkar í háskólanum og gerðuð rannsókn á krabbameinssjúkum. Þá voruð þið líka að rannsaka áhrif áfalla á heilsu? Á þessum tíma var þetta ekki mikið rætt, er það? Samspil áfalla og heilsu?*

**Arna:** „Einmitt, það er rétt. Það var til dæmis erfitt að finna eldri rannsóknir um efnið. Við héldum áfram að rannsaka áhrif áfalla á heilsufar í doktorsnáminu okkar í Svíþjóð. Við lukum báðar doktorsprófi frá Karolinska Institutet í Stokkhólmi og þó á ólíkum tímum væri vorum við með svipað rannsóknarefni á þessu sviði, Unnur var á undan og rannsakaði árhrif á heilsu meðal ekkja og svo kom ég með sambærilega rannsókn meðal ekkla. Þegar við vorum að kynna niðurstöður okkar úr doktorsverkefninu okkar á þessum tíma, þá fengum við stundum þau viðbrögð að þetta væru lítil dúlluverkefni sem væru ekki alvöru vísindi. Af því að við vorum að skoða áhrif áfalla á heilsu, þá þóttum við vera svolítið eins ➡

og spákonur, án vísinda. En þetta hefur gjörbreyst síðustu tíu ár.“

**Unnur:** „Á heimsvísu eru rannsóknir um áhrif áfalla á heilsu frekar ung vísindagrein. Frá því að við vorum í doktorsnáminu og vorum að kynna niðurstöður okkar fyrir heilbrigðisstarfsfólki, hef ég skynjað ofboðslega breytingu á hugarfari þeirra gagnvart þessum armi vísindanna, sérstaklega síðustu tíu ár, á milli þess hvernig þér líður og heilsufarsins. Og það er margt sem hefur breytt því. Rannsóknaraðferðirnar eru betri og grundvallast á lífeðlisfræði og stærri hópum. Þannig að fólk er farið að sjá að þessi tengsl eru raunveruleg. En það eru ákveðnir vendipunktar, eins og til dæmis þegar Elizabeth Blackburn fékk Nóbelsverðlaunin í læknisfræði 2009 fyrir rannsóknir sínar á litningaendum. Hún hefur síðan helgað sig að mörgu leyti áhrifum streitu og áfalla á hrörnun þessara litningaenda.

Og einmitt það, að fá svona harðkjarna vísindamanneskju á heimsmælikvarða fram á sjónarsviðið sem brennur fyrir þessum pælingum skiptir máli. Hennar atorka hefur breytt skilningi fólks og gert það móttækilegra fyrir því að líðan hefur áhrif á heilsufar. Til þess að sýna fram á tengslin, þarf mjög sterk gögn. Það höfum við Arna verið að gera síðustu tuttugu ár.“

*Þið eruð nánast alltaf saman? Í vinnunni en líka í einkalífinu?*

**Arna:** „Já, við erum mjög mikið saman í vinnunni og deilum skrifstofu. Höfum gert það í tíu ár. Við þekkjum vel tengda -og stórfjölskyldur hvor annarrar, förum í frí og upplifum mjög margt saman. Mér finnst við vera eins og aðskildar systur sem hittust þarna fyrir tilviljun í háskólanum. Svo er líka svolítið fyndið að við fæddumst nánast á sama sólarhring, sama árið. Hún fyrir norðan og ég hér í Reykjavík.“

**Unnur:** „Mér finnst ótrúleg forréttindi að fá að vinna með vinkonu minni. Akademískt starf er náttúrulega mikil vinna og krefjandi. En henni fylgir frelsi. Þú ræður hvað þú rannsakar, í hvað þú eyðir tíma þínum og þú hefur líka ákveðið frelsi með hverjum þú vinnur og eitt af því sem ég hef lært að meta í gegnum tíðina er að fá að vinna með vinum mínum. Við bætum hvor aðra upp. Erum mjög ólíkar og erum meðvitaðar um það.“

**Arna:** „Það hefur áhrif á afraksturinn. Okkur gengur betur. Svo eru samvistirnar mjög miklar. Oft erum við að spjalla um vinnuna hvert sem við förum. Í matarboðum, barnaafmæli, sundi og göngutúrum til dæmis.

*Er þetta karllægur bransi?*

**Arna:** „Já, hann hefur verið það lengi. Hér á Íslandi og alls staðar í heiminum. Í töluvert mörg ár hafa jafnmargir eða fleiri kvendoktorar útskrifast en karlar. Samt komast þær síður áfram í akademíunni, í



„Mér finnst ótrúleg forréttindi að fá að vinna með vinkonu minni, segir Unnur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ARNA ER TENGING MÍN VIÐ RAUNVERULEIKANN. MÉR HÆTTIR TIL AÐ ÚTILOKA HANN ALGJÖRLEGA ÞEGAR ÉG SEKK OF DJÚPTÍ EIGIN VERKEFNI.**

að verða dósentar og prófessorar. Þannig hefur þetta verið í mörg ár. Hlutfall kvenprófessora við háskólann er lágt og mjög mismunandi eftir deildum og það væri sannarlega takmark að sjá það aukast meira í takt við hlutfall menntunar kvenna.“

**Unnur:** „Doktorsprófið helst oft í hendur við barneignatíma kvenna. Það er álagstími. Þessi tími eftir doktorspróf er því mikill álagstími og er einnig krítískur um það hvort þú nærð spretti í þínum frama. Þess vegna er jöfn skipting foreldraorlofs svo mikilvæg. Á meðan það detta út ár vegna barneigna hjá konum þá halda karlar áfram og fá framgang.“

*Unnur, hverjir eru styrkleikar Örnu?*

„Arna er rosalega vösk og vel vakandi manneskja. Góður greinandi bæði á fólk og málefni. Hún hefur einstaklega góða tilfinningu fyrir fólki í kringum sig. Og sjálfri sér. Mér finnst hún hafa aðdáunarverða innsýn, góða sjálfsþekkingu, sem ég sakna algjörlega í eigin fari. Þetta endurspeglast bæði í einkalífi og vinnu. Fólk treystir Örnu vel. Trúir henni og treystir fyrir sínum hjartans málum.

Arna er tenging mín við raunveruleikann. Mér hættir til að útiloka hann algjörlega þegar ég sekk of djúpt í eigin verkefni. Ef ég þarf að fá að vita hvað er í gangi í kringum mig, öðru en nákvæmlega í því verkefni sem ég er að einbeita mér að, þá þarf ég ekki annað en að spyrja og leita til Örnu. Það er mér mjög mikilvægt og hjálplegt.“

*En Arna, hvað með Unni? Er hún svona utan við sig?*

„Hún er það ekki jafnoft og hún heldur. Ég myndi segja að hún sé gífurlega gáfuð manneskja, ein af okkar fremsta vísindafólki. Ég held að um það verði ekki deilt. Það er líka sjúklega gott að vinna með henni og hún er góð fyrirmynd í vísindum. En það allra besta við hana er hvað hún er gríðarlega góð vinkona.

Ef það kemur eitthvað upp á, þá kemur hún. Hún hættir ekki fyrr en hún er viss um að það sé í lagi með mig. Fylgist vel með og gætir manns. Hún passar jafn vel upp á mig og sitt fólk og er trygg sínu fólki. Hún hefur sterk tilfinningatengsl við sína nánustu sem hún vinnur vel með.“

**Unnur:** „Arna er einn mesti þjarkur sem ég þekki. Einu sinni kom hún til mín til Bretlands og hjálpaði mér að pakka saman heilli búslóð. Hún gerði það eiginlega allt alveg ein. Á meðan var ég að bara skemmta henni við verkið, sýna henni myndir og lesa upp úr bókum og gömlum bréfum. Hún er sleggja!“

*Hvaða væntingar hafið þið til verkefnisins?*

**Arna:** „Núna standa vonir okkar til þess að konur sýni rannsókninni áhuga og vilji taka þátt. Nú þegar hafa fjölmargar konur tekið þátt og við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð, jafnvel þakklæti, frá þeim sem við höfum heyrt í. En ég hef miklar væntingar. Við Unnur gerum okkur þó grein fyrir því að þetta er langtímaverkefni. Við erum rétt að byrja.“ **Unnur:** „Við viljum skapa sterka þekkingu sem hefur burði til að breyta heiminum og fyrst og fremst kemur þolendum áfalla til góða í framtíðinni. En það tekur tíma, þetta er langhlaup.“



# TVÆR NÝJAR & ÓMISSANDI!




## HOPPANDI SPENNA!

**„Spennandi, grípandi og endirinn kemur manni gjörsamlega í opna skjöldu.“**
Sunday Times

**„Tudor er snillingur í því að bregða lesandanum. Ég hoppaði svo oft upp úr stólnum að það var eins og ég sæti á kaktus.“**
The Sunday Express

★★★★★
Verdens Gang

**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-

**Krítarmaðurinn**

## NÝ BÓK FRÁ FREDRIK

**„Ljúf, sorgleg og þrungin kærleika.“**
Dagens Nyheter

**„Síður bókarinnar eru hlaðnar gleði, ást og trega.“**
The Book Reporter




**VILDARVERÐ: 3.299.-**
Verð: 3.999.-




**EFTIR SAMA HÖFUND**

**Vegurinn heim lengist með hverjum morgni**

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 18. mars eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEISLAN BYR




**499 KR/PK**




**799 KR/PK**




**299 KR/PK**




**799 KR/PK**




**1.349 KR/PK**




**299 KR/PK**




**499 KR/PK**




**1.299 KR/PK**




**1.399 KR/PK**




**1.399 KR/PK**




**1.399 KR/PK**




**1.399 KR/PK**




**1.399 KR/PK**

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR –

# JAR Í ICELAND




**499** KR/PK




**699** KR/PK




**699** KR/PK




**999** KR/PK




**999** KR/PK




**599** KR/PK




**499** KR/PK




**1.399** KR/PK




**399** KR/PK




**1.299** KR/PK




**399** KR/PK




**499** KR/PK




**499** KR/PK

Iceland

– STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is



# Leiðin til Afrin

**Vinir og félagar Hauks Hilmarssonar minnast Sahin vinar síns og segja frá hversdeginum í stríðinu, lífinu með Kúrdum í Rojava og hugsjónum sínum.**

Við bjuggum saman og við börðumst saman, það er auðvitað augljósasta ástæða þess að við Sahin urðum vinir,“ segir Nurhak, einn nánasti vinur Hauks Hilmarssonar í Sýrlandi. „En Sahin var líka þannig í sér, hann varð vinur allra hérna.“

*Sagt er að Kúrdar eigi engan vin nema fjallið. Hverjir eru það sem ferðast til Sýrlands til að gerast fjöll Kúrda?*

„Þetta er mjög blandaður hópur. Stærsti hópurinn samanstendur af pólitískum aktívistum, herskáum kommúnistum, anarkistum, femínistum og antífasistum. Fyrst voru þetta nánast eingöngu fyrrverandi hermenn en það hefur breyst töluvert á undanförnum tveimur árum. Það eru enn fyrrverandi hermenn og eitthvað um ævintýramenn, en ég myndi segja að meirihlutinn væri fólk á svipaðri bylgjulengd og Sahin,“ segir Caleb Stevens, 23 ára Bandaríkjamaður. Hann gekk til liðs við YPG um svipað leyti og Haukur eftir að hafa lokið herþjálfun hjá bandaríska hernum.

„Eins og við hin kom Sahin hingað til stuðnings og samstöðu með Rojava-byltingunni og það eru margar ástæður sem hvöttu hann og okkur öll til að taka þátt í þessu, flestar þeirra augljósar í ljósi síðustu tveggja áratuga og á hvaða leið hlutirnir hafa verið um öll Miðausturlöndin,“ segir Nurhak, einn nánasti vinur Hauks í YPG.

### Vanir menn og órólega deildin

Nurhak er enn í Sýrlandi. Slæmt samband kemur í veg fyrir símaviðtal en þrátt fyrir að netspjall þurfi að duga má vel finna eldinn í brjósti Nurhaks. Honum er mikið í mun að koma málstaðnum, sem þeir Haukur hafa barist fyrir, skýrt og vel til landa vinar síns.

Caleb virkar yfirvegaðari og jarðbundnari en Nurhak. Þeir eru jafnaldrar. Þótt margt geti skýrt hvað þeir eru ólíkir, ekki síst sú staðreynd að Caleb er kominn heim til Bandaríkjanna, burt úr stríðinu og æsingnum, gefur lýsing Calebs á skipulagi herdeilda YPG ákveðna hugmynd um þessa ólíku vini Hauks.

Þótt Caleb og Nurhak berjist báðir með YPG tilheyra þeir sinni herdeildinni hvor.

Caleb segir herdeild Hauks, International Freedom Battalion, samanstanda af vinstrisinnuðu fólki frá Tyrklandi og aktívistum allstaðar staðar að úr heiminum. Herdeild Calebs er hins vegar hefðbundnari herdeild, sem samanstendur mest af fyrrverandi hermönnum með minni áherslu á pólitíska hugmyndafræði, „þótt við værum allir mjög pólitískt þenkjandi auðvitað“.

### Komst inn í annarri tilraun

Caleb segir ferilinn inn í YPG nokkuð langan en samt furðu einfaldan. Hann leitaði að upplýsingum um samtökin og fann netfang. Í apríl í fyrra sendi Caleb tölvupóst til YPG sem hófst á þessum orðum: „Hello, I am a leftist from the United States interested in fighting for the cause in Rojava.“ Hann fékk svar um hæl með löngu umsóknareyðublaði með bæði ritgerðarspurningum og mjög ítarlegum spurningalista með almennum spurningum um menntun, fjölskylduaðstæður og 70 krossaspurningum um geðheilbrigði og persónuleikaeinkenni.

„Þessi ferill var ekki svo flókinn, en svo þarf maður að komast alla leið frá heimalandinu sínu og til Rojava og það getur verið bæði erfitt og flókið,“ segir Caleb sem flaug frá Bandaríkjunum til Jórdaníu og þaðan til Íraks þar sem hann þurfti að fara ólöglega yfir landamærin til Sýrlands.

„Á þessum tíma réðu KDP (Peshmerga) yfir landamærunum, það eru hersveitir hliðhollar svæðisstjórn Kúrda í Írak. Íröksku Kúrdarnir styðja ekki byltinguna í Rojava heldur eru þeir bandamenn Tyrkja. Þeir eru hægrisinnaðri og stjórn þeirra er nær alfarið fjármögnuð af olíuiðnaðinum. Kúrdarnir sem berjast í Rojava í Sýrlandi eru miklu vinstrisinnaðri og andvígari markaðsöflunum.“

„Við Sahin komumst yfir landamærin um svipað leyti, upp úr miðjum júlí. Mér skilst að Sahin hafi reynt einhverjum mánuðum áður að komast til Rojava, þannig að þetta var í annað skipti sem hann reyndi. Það var greinilegt að hann var staðráðinn í að gera þetta,“ segir Caleb.

Nurhak staðfestir þessa frásögn. „Jú, það er rétt, Sahin hafði einu sinni áður reynt að komast yfir frá Írak en var vísað úr landi. Hann reyndi svo fljótlega aftur og komst yfir í júlí í fyrra og þá með vini sínum frá Grikklandi,“ segir Nurhak.

### Hitti Hauk fyrst í herskólanum

Samtökin eru mun skipulagðari en ætla mætti. YPG og YPJ (kvennadeildin) eru hersveitir PVD sem er stjórnmálaafl Kúrda í Rojava. Caleb segir flokkinn sjá um allt utanumhald, skriffinnsku og skipulag fyrir hersveitirnar. Og svo er auðvitað herskóli.

„Þar hittumst við Haukur fyrst. Við vorum saman þar í viku en hann kláraði ekki þjálfunina hjá YPG heldur fór hann til annarra samtaka sem vinna með YPG og lauk þjálfun þar,“ segir Caleb.

Hann segir Hauk í rauninni hafa tilheyrt tyrkneska marxistaflokknum. Sá flokkur hafi hins vegar sent IFB, alþjóðaherdeild YPG, liðstyrk og þar hafi Haukur barist við hlið annarra aktívista, femínista og andfasista alls staðar að úr heiminum. „Haukur var þó aldrei eiginlegur félagi í flokknum, nema að nafninu til, en hann barðist við hlið dyggra félaga í honum.“

Í skóla YPG læra menn annars vegar kúrdísku og stjórnmál, meðal annars sögu vinstrihreyfingar Kúrda, og hins vegar vopnaburð og herkænsku.

Aðspurður segir Caleb skóla YPG standa í mánuð. „En ég held að námið sem Sahin fór í hafi tekið tvær til þrjár vikur.“

Nurhak segir Sahin aðeins hafa farið í gegnum tveggja vikna þjálfun. „Hann kom svo til Raqqa í ágúst. Þá var ég búinn að vera í mánuð að berjast í Raqqa.“

„Ég er stoltur af að hafa verið með Sahin í hans fyrstu hernaðaraðgerð í Raqqa. Við fórum í gegnum þetta sem tveggja manna teymi en hluti af stærra alþjóðlegu herliði og börðumst í gegnum hverja orrustu þar til við frelsuðum Raqqa. Sahin gaf mér bæði orku og sjálfsöryggi til að fara í gegnum þetta og varð seinna liðsforingi og það sem meira er, mjög góður vinur minn,“ skrifaði Nurhak til minningar um Hauk á Facebook-síðu sína eftir að honum bárust fréttir af falli Hauks.

### Hafa heyrt um Bónusfánann

Caleb hitti Sahin aftur í baráttunni við ISIS um Raqqa. „Ég var náttúrulega ekki í sömu herdeild og Sahin en deildirnar okkar höfðu stöðu hlið við hlið á víglínunni í Raqqa og við heimsóttum þá oft.“

*Eru menn bara að skreppa í heimsóknir í miðju stríði?*

Caleb segir oft ótrúlega mikið um bið og aðgerðaleysi. „Oft vorum við bara að vakta byggingar, ef ske kynni að ISIS-maður færði sig eða byrjaði að skjóta. Jafnvel á sjálfri víglínunni, vorum kannski í bardaga í 10 prósent tímans. Stundum vorum við að sækja og taka stærra landsvæði fá ISIS og þá gátum við tekið tólf tíma í að færa okkur varlega stað úr stað, eyða jarðsprengjum og vara okkur á vígamönnum ISIS. Öðrum stundum vorum við bara að halda stöðum, vera á verði og berjast ef ISIS-menn færðu sig úr stað eða réðust að okkur. Og bardagarnir sjálfir geta tekið allt frá örfáum mínútum upp í klukkutíma í senn.“



### Halda enn í vonina

Þótt talsmenn IFB fullyrði að Haukur sé látinn hafa nánustu ættingjar hans ekki enn fengið örugga staðfestingu þess að hann hafi fallið og hafa ekki rætt við eða fengið öruggar heimildir frá vitnum, enda þótt fullyrt hafi verið að vitni hafi verið að falli hans. Hvorki Caleb né Nurhak gátu vísað á aðra sem voru vitni að falli Hauks. Eva Hauksdóttir, móðir Hauks, hefur bent á að upplýsingar um fall hans hafi verið misvísandi. Fyrst átti hann að hafa lent í skothríð en nú er því haldið fram að um árás úr lofti hafi verið að ræða. Eva spurði áleitinnar spurningar í tilkynningu til fjölmiðla í gær. „Ef var enginn vafi á falli hans, af hverju var þá leitað að honum í öllum sjúkrabúðum?“ spyr Eva og óttast um son sinn sem gæti legið einhvers staðar særður en lifandi.

## Tyrkir nálægt sigri í Afrin en ekki á heimleið

Tyrkir réðust inn í Afrin-hérað Sýrlands þann 20. janúar síðastliðinn. Að sögn Tyrkja snýst aðgerðin, sem kallast Ólífugrein, um að uppræta starfsemi „hryðjuverkamannanna“ í YPG, hersveitum Kúrda, en Afrin-hérað á landamæri að Tyrklandi. Auk þess er sjónum beint að sýrlensku uppreisnarmönnunum í SDF.

Tyrkir telja YPG vera hernaðararm hins útlæga Verkamannaflokks Kúrda (PKK). Tyrkir hafa barist við PKK í suðaustur- og austurhluta Tyrklands undanfarna áratugi og hafa tugir þúsunda týnt lífi í þeim átökum. Atlantshafsbandalagið, Bandaríkin og Evrópusambandið hafa skilgreint PKK sem hryðjuverkasamtök en hafa þó ekki, öfugt við Tyrki, fullyrt að PKK tengist YPG.

**Mikið mannfall**

Hingað til hafa um 230 almennir borgarar fallið í átökunum í Afrin samkvæmt bresku eftirlitssamtökunum Syrian Observatory for Human Rights. Þá hafa tyrkneskir miðlar greint frá því að sjö hafi farist í árásum YPG Tyrklandsmegin við landamærin. Samkvæmt sömu samtökum hafa um 500 hermenn úr hvoru liði fallið í átökunum.

Kostnaðurinn af Ólífugreininni hefur þó ekki einvörðungu falist í mannfalli. Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, hefur ítrekað hótað því að mótmæli gegn aðgerðum Tyrklandshers í Afrin verði ekki liðin. Við þær hótanir hafa Tyrkir staðið en nærri þúsund manns hafa verið handtekin fyrir gagnrýni sína. Þá hafa ýmsir stjórnmálamenn stjórnarandstöðu, meðal annars Kúrdar, verið handteknir.

**Sókn Tyrkja þung**

Tyrkir hafa nú umkringt Kúrda í Afrin. Þeir hafa sölsað undir sig stóran hluta héraðsins á skömmum tíma. Búast má við því að sóknin haldi áfram, jafnvel eftir að Tyrkir ná öllu héraðinu ef svo skyldi fara.

Einungis fjórum dögum eftir að innrásin hófst sagði Erdogan frá því að Tyrkir myndu sækja í austur, að bænum Manbij, þegar sigur ynnist í Afrin. Þar hafa Kúrdar hreiðrað um sig. Kúrdar eru þó ekki einir í Manbij en nokkur fjöldi bandarískra hermanna er í bænum. Tyrkir eru bandamenn Bandaríkjamanna á vettvangi Atlantshafsbandalagsins.

**Erdogan kokhraustur**

Erdogan var harðorður í garð Evrópuþingsins á föstudaginn. Hafði þingið, sem Tyrkir eiga ekki fulltrúa á enda ekki aðildarríki ESB, þá kallað eftir því að Tyrkir yfirgæfu Afrin tafarlaust.

„Við munum einungis fara frá Afrin þegar verkefni okkar er lokið,“ sagði Tyrklandsforseti og bætti við: „Hei, Evrópuþing, hvað eruð þið að gera? Þið ættuð að vera hreinskilin. Evrópusambandið hefur ekkert að segja okkur um þetta mál. Yfirlýsingar ykkar fara inn um annað eyrað og út um hitt.“

Skaut forsetinn jafnframt á Evrópusambandið og spurði að hve miklu leyti ESB-ríki hefðu deilt þeirri byrði Tyrkja að þurfa að hýsa 3,5 milljónir sýrlenskra flóttamanna.

Í sömu ræðu, sem Erdogan flutti í höfuðborginni Ankara, sagði hann að almennum borgurum í Afrin yrði hleypt út úr Afrin-borg í gegnum fyrir fram skipulagða flóttaleið. Um 700.000 manns búa í borginni.

„Við munum sjá um allt. Rétt í þessu eru fyrstu almennu borgararnir að fara út úr Afrin á farartækjum sínum um þessa tilteknu flóttaleið,“ sagði Erdogan. Í umfjöllun Telegraph sagði að á meðan Erdogan hélt ræðu sína hafi Tyrkir verið að skjóta á eina veginn út úr Afrin-borg sem lá inn á yfirráðasvæði YPG. Tyrkjaher væri sem sagt að umkringja borgina.

**Vatn af skornum skammti**

Sameinuðu þjóðirnar greindu frá því á miðvikudag að rennandi vatn hafi ekki verið aðgengilegt í Afrin í viku. Tyrkjum hafi tekist að umkringja Kúrda í Afrin-borg, höfuðstað héraðsins, og þeir undirbúi stórsókn.

Skorið var á vatnsbirgðir Kúrda þegar Tyrkir og arabískir bandamenn þeirra tóku stíflu og vatnsból af YPG í Afrin.

„Verkamenn á svæðinu geta ekki dælt vatni úr stíflunni. Það er búið að loka fyrir vatnið,“ sagði í yfirlýsingu frá erindreka SÞ.

„Það hefur verið lokað algjörlega fyrir vatnið af því að tyrkneski herinn stýrir svæðinu. Almennir borgarar þurfa að reiða sig á gamla brunna til að fá vatn og það er ódrykkjarhæft, því miður,“ sagði Birusk Hasaka, talsmaður YPG í Afrin, sama dag. – þea



Haukur með Rustum, öðrum nánum vini, nokkrum dögum eftir að YPG frelsaði borgina Raqqa úr höndum ISIS manna. (Úr safni Nurhak)

VIÐ ERUM EIGINLEGA ALVEG MIÐUR OKKAR. AUK ÞESS AÐ MISSA SAHIN HÖFUM VIÐ MISST FLEIRI VINI OG NÚNA ERUM VIÐ AÐ MISSA AFRIN.



Það fer furðu mikill tími í bið og aðgerðaleysi í stríði. Þá var hægt að grípa í önnur verk í bækistöðvunum. (Úr safni Nurhaks)

Í hléum sátu menn og skröfuðu. Mest um stjórnmál. Aðspurður segir Caleb það hafa komið sér á óvart hvað Haukur hafði mikið látið að sér kveða í heimalandi sínu. „Hann talaði ekki mikið um það sjálfur og stærði sig aldrei af neinu,“ segir Caleb og kímir þegar Bónusfánann ber á góma. Þeir hafa heyrt um það, félagarnir, en Haukur gerði ekki mikið úr því eða öðrum aðgerðum sínum heima á Íslandi að sögn Calebs. „Hann var mjög hógvær manneskja og allir elskuðu hann í Rojava.“

Nurhak hefur líka heyrt söguna af Bónusfánanum en hafði ekki hugmynd um að gjörningurinn hefði vakið jafn mikla athygli á Íslandi og raun bar vitni. „Hann sagði alls ekki frá því þannig. Hann var mjög hógvær um öll sín verk.“

**Bera ekki persónuauðkenni**

*Eru liðsmenn YPG á einhvern hátt merktir, eða bera þeir einhver persónuauðkenni?*

„Við skildum yfirleitt öll persónuskilríki eftir hjá fólki sem við treystum þegar við vorum á leiðinni á víglínuna,“ segir Caleb og telur ólíklegt að Haukur hafi haft einhver skilríki eða persónuauðkenni á sér í bardögum í Afrin.

Einn náinna vina Calebs féll við svipaðar kringumstæður og Haukur. „Þeir hafa ekki getað sótt líkið. Það er ekki öruggt. Þegar við vorum að berjast við ISIS í Raqqa voru lík félaga okkar sem féllu sótt og við grófum þá með athöfn.“

**Sorgin og sektarkenndin**

Caleb hefur misst tvo nána vini og þekkt fleiri sem hafa fallið í stríðinu.

*Er öðruvísi að missa náinn vin undir þessum kringumstæðum en öðrum?*

„Ég held að maður slökkvi á hluta af sjálfum sér á meðan maður er þarna. Það er stríð og það eru allir meðvitaðir um áhættuna sem þeir eru að taka. Þannig að á meðan maður er að berjast í Rojava þá er markmiðið alveg skýrt. Ef einhver fellur þá er það sorglegt en það verða allir að halda áfram. Ég held að þetta sé miklu erfiðara þegar maður er kominn aftur heim og allt í einu er ekkert sérstaklega aðkallandi í lífi manns og þá fer maður að hugsa um allar þessar manneskjur og hvað maður hefði getað gert til að halda þeim öruggum.“

*Hefurðu samviskubit?*

„Já, algjörlega og á alls konar sviðum. Það er til hugtak á ensku sem lýsir þessu. „Survivors guilt,“ þegar manni líður eins og maður hefði átt að deyja í staðinn fyrir félaga sinn eða maður hefði átt að deyja með honum. Maður hefur samviskubit yfir því að vera sá sem lifði af.“

Hljóðið í Nurhak er heldur ekki gott. „Við hörfuðum frá Afrin fyrir nokkrum dögum. Sumir neituðu að koma með og ætla að berjast meðan þeir draga andann,“ segir Nurhak. Hann segir erfitt að lifa með því að hafa yfirgefið borgina og þá félaga sem eftir urðu. „Við þurfum að lifa með því að hafa hörfað, til að lifa og geta barist áfram.“ Baráttuandinn er enn fyrir hendi en andlega hliðin er ekki góð.

„Við erum eiginlega alveg miður okkar, auk þess að missa Hauk höfum við misst fleiri vini og erum að missa Afrin,“ segir Nurhak en herðir upp hugann og bætir við: „En við erum staðráðin í að helga líf okkar þessari byltingu fyrir Rojava og Kúrdistan og baráttu gegn fasisma um allan heim. Við ætlum ekki að láta allar fórnir Kúrda í baráttunni við ISIS og líf þeirra sem fórnuðu sér verða til einskis.“

**Margir segja engum hvert förinni er heitið**

Eva Hauksdóttir, móðir Hauks, hafði ekki heyrt frá syni sínum lengi þegar fregnir bárust af falli hans í Sýrlandi.

*Er algengt að þeir sem fara segi engum frá?*

„Af þeim sem ég þekki best hafði kannski helmingurinn rætt þá hugmynd að fara til Sýrlands að berjast við vini og fjölskyldu en hinn helmingurinn farið þá leið sem Sahin fór og láta þá engan vita fyrr en allt er yfirstaðið. Sumir koma sér á staðinn fyrst og segja svo fjölskyldunni frá þegar þeir eru komnir hingað.“ Sjálfur sagði Caleb frá því í ítarlegu viðtali við Chicago Tribune að hann hefði rætt málið ítarlega við móður sína. Hún var eðlilega mjög efins um uppátækið en kynnti sér málstað og hugmyndaheim Kúrdanna sem varð til þess að hún skildi son sinn betur og fann að þetta var einlægur ásetningur hans. Og Caleb fékk móður sína á sitt band.

*Nú berast stöðugt fréttir af mjög hörðum árásum Tyrkja á Afrin og Kúrdar eru að hörfa. Hvaða væntingar hefurðu fyrir hönd Kúrdanna á svæðinu?*

„Ég held að Kúrdar séu mjög raunsæir. Það er ekki þeirra helsta markmið að mynda eigið ríki heldur að hafa fulla sjálfstjórn innan Sýrlands og ég held að það séu ágætar líkur á að það geti orðið. Stjórnvöld í Sýrlandi vinna í rauninni með YPG með það að markmiði að koma í veg fyrir að Tyrkir komist yfir meira af sýrlensku landsvæði, sem er góðs viti held ég. Þannig að ef Tyrkjavandinn leysist þá ættu sýrlensk stjórnvöld og YPG að geta náð sameiginlegum skilningi,“ segir Caleb.

Meira um líf Hauks Hilmarssonar má finna í Fréttablaðinu Plús sem er PDF útgáfa blaðsins á frettabladid.is eða í appi Fréttablaðsins.



Borgin Afrin er rústir einar eftir tíðar loftárásir Tyrkja. MYND ÚR SAFNI CALEBS.



Haukur með vinum sínum um það leyti sem þeir eru að frelsa borgina Raqqa úr höndum ISIS manna. Nurhak greip í nikkuna af því tilefni og allir voru kátir á góðu augnabliki. Á myndinni eru líka félagar þeirra úr hersveitum Kúrda (SDF). Myndin er úr safni Nurhaks.

# Lífið í Afrin

Kúrdar eru rómaðir fyrir matargerðarlist. *Hvernig er matur í stríði og hvar sofa stríðsmenn?*

„Í Raqqa þar sem við börðumst við ISIS vorum við með aðalbækistöðvar og svefnstaði í útjöðrum borgarinnar og aðrar bækistöðvar við víglínuna. Svo fluttum við okkur á milli sitt á hvað. Þeim sem voru á víglínunni var þá sendur matur og vatn. Þeir sendu okkur brauð, ost, tómata og gúrkur til dæmis. Svo fengum við máltíðir í aðalbækistöðvunum, kjúkling og hrísgrjón og búlgúr.

Í Afrin hins vegar snýr þetta öfugt,“ segir Caleb sem á vini sem enn eru að berjast í Afrin. „Þar er verið að verja borgina og aðalbækistöðvar í miðju hennar og varnarstöðvar á útjöðrunum og þá eru vistir fluttar frá miðri borginni til þeirra sem gæta borgarmarkanna.

Þegar ég var skotinn vorum við að berjast meðfram ánni Efrat og þá höfðum í raun engar bækistöðvar heldur þurftum við að bera allt með okkur og fluttum okkur stöðugt frá einni byggingu til annarrar.“

*Hvernig ferðuðust þið um?*

„Það var auðvitað mjög misjafnt. Þegar við vorum að sækja vorum við keyrðir mjög nálægt víglínunni og gengum svo það sem eftir var nætur frá einni vígstöð til annarrar. En svo var bara allur gangur á þessu. Sums staðar er heldur ekki hægt að komast á bíl.

Mér skilst að í Afrin þar sem Sahin féll, hafi þeir þurft að leynast og færa sig mjög gætilega úr einum stað í annan vegna bæði dróna og herflugvéla Tyrkjanna.“



Caleb særðist illa eftir skot í kálfa og þurfti að fara heim fyrr hann vildi.




Hin agaða sveit Calebs sem barðist með sveit Hauks til sigurs í Raqqa.

## Úr minningarorðum Nurhaks til Sahin

You told me you were tired of Iceland's same repetitive nature and informed me on how much you loved the raw sights of a battle scarred environment and how much you admired the Kurdish people and their way of living. You came to Kurdistan with an astaunding past of activism, which few of us were aware of in the first months getting to know you better. Discovering after you bravely sacrificed your life for the resistance of Afrin and the revolution of Rojava, we learned that the vastness of your deeds were way more impactful and heroic than we ever thought you hinted on. This humble characteristic was one of the great parts of you that drove us to looking up to you so much. Remembering when we were together on your first operation in Raqqa, which eventually became a very exhausting and tough three day mission, clearing our way through streets and buildings full of mines, while being under sniper, mortar and anti-aircraftgun fire, I can not forget your energy that drove yourself and us other comrades through the fighting. You were bound on staying focused at all times and it seemed like we had a longlife combat veteran along our side. When we finally secured our mission object, a big building layed with over 20 mines, we went on to defend that same point and attacked the fascist enemies from there for over 2 weeks. You celebrated the liberation of Raqqa with us in on the rooftop of that building. These moments I will forever keep carrying in my heart, as I still can see that unique big smile on your face when the news reached us Raqqa had been freed from daesh (isis).




Şahin, Haukur Hilmarsson we all lost a part of ourselves when faith decided you were not meant to be among us any longer. We will keep fighting for the ideals and principles you fought for, in honor of you and all others who sacrificed their lives in effort to free all peoples from tyranny and corruption. Your death will not be in vain. - Nurhak

## Minningarorð Rustem um Sahin

Haukur Hilmarsson (Ş.Şahin) was a good friend and comrade of all the internationals who met him. Kind, funny and disciplined, as commander in the International Freedom Battalion he took in all opinions, shared memories and told stories as well as securing the readiness and abilities of the tabur. Both as commander and friend,

Şahin was loyal, trustworthy and a person you could count on in any situation. As few he was a true revolutionary, if not in words then truly in deeds. His life and sacrifice will never be forgotten. Wherever the struggle continues Şahin is there with us, and through us he shall be victorious. Here are a few stories from some of the comrades who fought and lived alongside him. After the liberation of Raqqa a peaceful, relaxed period began; people began going back to Europe and America or leaving the tabur to do civil work in Rojava. Şahin was one of the few people that stayed behind. He made sure the survival and fitness of the tabur through organising political education and making sure we all did sports (on Christmas he even organized "Juletide stretches").

Şahin was the one who stopped us from reading fiction novels or obscure political theory, and made us read and discuss collectivly Che Guevaras' writings on Guerilla warfare. Şahin would often come up when I was on guard duty and we would talk for two hours straight about everything big and small; our families and girlfriends, our homes, the war and our futures. The last time I saw him was when we crossed the border into Afrin. Being smuggled through regime territory was some of the most stressful hours I have ever experienced, but Şahin was there beside me making stupid faces and telling jokes and making sure I was calm.

After waiting some hours in Aleppo Şahin was put into a different truck and driven away. Some hours passed and I too was put into a truck, hidden under bags and people. After a stressfull drive, my heart stopping at every checkpoint, I finally made it across the border. I entered the gates of the first YPG point and there came Şahin running towards me with the biggest smile I have ever seen. Pure happiness shining from both eyes. That is how I will always remember him. I see his smiling face everytime I hear his name. - Rustem

# Hvernig minnumst við Stephens Hawking?

Stephen Hawking er allur. Þessi einstaki vísindamaður varpaði ljósi á öfgafyllstu fyrirbæri alheimsins um leið og hann sýndi fram á hvers mannsandinn er megnugur.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanhreinn@frettabladid.is

## Hvað býr í hjarta svarthola?

Árið 1969 setti Hawking fram kenningu sýna um sérstöðupunktinn, sem er óendanlega þéttur „punktur“ sem segja má að rifi efni alheimsins í sundur og myndi svarthol.

Kenninguna setti Hawking fram á sama tíma og eðlisfræðingar voru enn að kljást við þær flóknu spurningar sem kenning Alberts Einstein um almennt afstæði skildi eftir sig. Áður en Hawking kom til sögunnar var sérstöðupunkturinn aðeins afstrakt fyrirbæri. Hawking sýndi fram á stærðfræðina sem býr að baki þessu undarlega fyrirbæri.



## Stutt saga tímans

Eitt af merkustu afrekum Hawkings hafði í raun lítið að gera með stærðfræði og beina fræðilega eðlisfræði eða alheimsfræði. Árið 1988 gaf hann út bók fyrir almenna lesendur, A Brief History of Time eða Stutt saga tímans. Bókin naut gríðarlegra vinsælda og skaut Hawking upp á stjörnuhimininn.

Í bókinni miðlar Hawking með einstakri lagni sinni sýn á alheiminn og gerir flóknar hugmyndir og kenningar um alheiminn, uppruna hans og fleira, aðgengilegar öllum. Hawking varð vísindamiðlari heillar kynslóðar.






Proc. Roy. Soc. Lond. A. 314, 529–548 (1970)
Printed in Great Britain

The singularities of gravitational collapse and cosmology

By S. W. Hawking
Institute of Theoretical Astronomy, University of Cambridge

and R. Penrose
Department of Mathematics, Birkbeck College, London

(Communicated by H. Bondi, F.R.S.—Received 30 April 1969)

A new theorem on space-time singularities is presented which largely incorporates and generalizes the previously known results. The theorem implies that space-time singularities are to be expected if either the universe is spatially closed or there is an 'object' undergoing relativistic gravitational collapse (existence of a trapped surface) or there is a point p whose past null cone encounters sufficient matter that the divergence of the null rays through p changes sign somewhere to the past of p (i.e. there is a minimum apparent solid angle, as viewed from p for small objects of given size). The theorem applies if the following four physical assumptions are made: (i) Einstein's equations hold (with zero or negative cosmological constant), (ii) the energy density is nowhere less than minus each principal pressure nor less than minus the sum of the three principal pressures (the 'energy condition'), (iii) there are no closed timelike curves, (iv) every timelike or null geodesic enters a region where the curvature is not specially aligned with the geodesic. (This last condition would hold in any sufficiently general physically realistic model.) In common with earlier results, timelike or null geodesic incompleteness is used here as the indication of the presence of space-time singularities. No assumption concerning existence of a global Cauchy hypersurface is required for the present theorem.

1. Introduction

An important feature of gravitation, for very large concentrations of mass, is that it is essentially *unstable*. This is due, in the first instance, to its $r^{-2}$ attractive character. But, in addition, when general relativity begins to play a significant role, other instabilities may also arise (cf. Chandrasekhar 1964). The instability of gravitation is not manifest under normal conditions owing to the extreme smallness of the gravitational constant. The pull of gravity is readily counteracted by other forces. However, this instability *does* play an important dynamical role when large enough concentrations of mass are present. In particular, as the work of Chandrasekhar (1935) showed, a star of mass greater than about 1.3 times that of the Sun, which has exhausted its resources of thermal and nuclear energy, cannot sustain itself against its own gravitational pull, so a *gravitational collapse* ensues. It has sometimes been suggested also that, on a somewhat larger scale, some form of gravitational collapse may be taking place in quasars, or perhaps in the centres of (some?) galaxies. Finally, on the scale of the universe as a whole, this instability shows up again in those models for which the expansion eventually reverses, and the entire universe becomes involved in a gravitational collapse. In the reverse direction in time there is also the 'big bang' initial phase which is common

## Upphaf alls

Út frá kenningunni um sérstöðupunktinn dró Hawking þá ályktun að slíkt fyrirbæri hafi verið til staðar við upphaf alheimsins. Á ákveðnum tímapunkti utan tíma var allt efni alheimsins, allt sem í honum er, þjappað saman í sérstöðupunkt sem sprakk og ól af sér alheiminn. Þetta var miklihvellur.

## Svarthol eru ekki svört

Tómarúm alheimsins er í raun ekki tómt, að minnsta kosti ekki í skilningi skammtafræðinnar þar sem agnarsmáar eindir spretta fram í gríð og erg. Þegar þetta gerist í jaðri svarthols getur par einda klofnað, önnur fellur ofan í svartholið á meðan hin sleppur í formi geislunar.

Þessi geislun er í dag kölluð Hawking-geislun. Kenning Hawkings sameinar eiginlega almennu afstæðiskenninguna, sem lýsir öllum stærri fyrirbærum í alheiminum, og skammtafræði, sem lýsir því agnarsmáa. Svarthol eru í raun ekki svört, þau eru gosbrunnar geislunar.



## Svarthol tifandi tímasprengjur

Í kenningunni um Hawking-geislun blasir við sú staðreynd að eindir sem falla ofan í svarthol hafa neikvæðan massa. Því verður svartholið með tímanum minna og minna, þangað til það hverfur. Þetta tekur langan tíma, milljarða ára í raun. En þegar svarthol hverfa, þá gera þau það í stórkostlegri sprengingu sem er á við sprengikraft milljóna kjarnorkusprengja.





## Afrek mannsandans

Áskoranir og sigrar einkenndu ævi Hawkings. Ungur að árum greindist hann með ALS-taugahrörnunarsjúkdóminn. Hann var sagður eiga tvö ár eftur ólifuð. Hawking lifði í fjörutíu ár en á þeim tíma versnaði líkamlegt ástand hans mikið, þangað til að hann gat aðeins hreyft annað augað og einn fingur.

Hawking tókst að varpa ljósi á einhver flóknustu fyrirbæri alheimsins án þess að geta hreyft sig eða talað. Hugsunin ein var að verki. Hann sýndi fram á það hvers mannsandinn er megnugur.

» UNGUR AÐ ÁRUM GREINDIST HANN MEÐ ALS-TAUGAHRÖRNUNARSJÚKDÓMINN.





FULLT AF NÝJUM VÖRUM

RISA
LAGERSALA
40-90%
AF ÖLLUM VÖRUM
7. MARS - 17. MARS

CINTAMANI
OUTLET
AUSTURHRAUN 3, GARÐABÆ
BANKASTRÆTI 7, REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
17. MARS 2018 LAUGARDAGUR

## Merkisatburðir

**1610** Geirþrúðarbylur geisar. Mikið illviðri stóð í einn dag og urðu tugir manna úti, aðallega í Borgarfirði og í Miðfirði.

**1757** Undir Eyjafjöllum farast 42 menn af þremur skipum frá Vestmannaeyjum.

**1865** Eldingu lýstur niður í bæinn Auðnir á Vatnsleysuströnd og verður þremur mönnum að bana. Margir brenndust mjög illa.

**1965** Leikfélag Reykjavíkur hefur sýningar á farsanum Þjófar, lík og falar konur eftir Dario Fo, en hann varð eitt af vinsælustu leikritum þeirra.

**1988** Fyrsta íslenska glasabarnið fæðist, tólf marka drengur.

**2008** Gengisvísitala íslensku krónunnar fellur um 6,97%. Var það mesta lækkun hennar á einum degi fram að því.

# Fyrsta glasabarnið leit dagsins ljós fyrir 30 árum

**Á þessum degi fyrir þrjátíu árum fæddist fyrsta íslenska glasabarnið. Tíu árum fyrr, eða fyrir fjörutíu árum, fæddist fyrsta glasabarn heimsins í Bretlandi sem var algjör bylting.**




Á þessum degi fyrir þrjátíu árum gerðist sá merkisatburður að fyrsta íslenska glasabarnið leit dagsins ljós. Um var að ræða tólf marka dreng sem tekinn var með keisaraskurði. Blaðamaður DV mætti upp á fæðingardeild, ásamt blaðamönnum frá flestum fjölmiðlum landsins á þessum tíma, til að berja barnið augum, foreldrunum vafalaust til mikillar skemmtunar. Móðirin tjáði blaðamanni við það tilefni að þetta hefði verið ótrúleg upplifun og ekki síst vegna dvalarinnar á Bourn Hall sjúkrahúsinu á Englandi, en þangað leitaði móðirin í aðgerðina. Hinn frægi Steptoe læknir, sá sem fyrstur framkvæmdi glasafrjóvgun í heiminum, sá auðvitað um aðgerðina.

„Steptoe læknir á myndir af öllum þeim börnum sem hann hefur hjálpað í heiminn á þennan hátt og er einn veggur í skrifstofu hans þakinn þeim myndum,“ sagði Halldóra Björnsdóttir, móðirin, við blaðamann DV árið 1988.

Tíu árum áður, fjörutíu árum frá því í dag, fæddist fyrsta glasabarn heimsins, hún Louise Brown. Hún eignaðist svo sjálf sitt fyrsta barn árið 2007.

Glasafrjóvgun var auðvitað mikil bylting þegar hún kom fram í kringum 1978. Þó hefur aðferðin hlotið nokkra gagnrýni og orðið völd að miklum læknamistökum – fóstur hafa ruglast á tilraunastofum eins og hjá konu einni í Kaliforníu sem fæddi son sem reyndist „í eigu“ annars pars. Einnig eru til mál þar

> **Steptoe læknir á myndir af öllum þeim börnum sem hann hefur hjálpað í heiminn á þennan hátt og er einn veggur í skrifstofu hans þakinn þeim myndum.**

sem fósturvísar para hafa verið teknir viljandi og notaðir til að frjóvga aðrar konur, af einhverri ástæðu.

Glasafrjóvgun fer annars þannig fram að kona sprautar sig með lyfi sem slekkur á hormónastarfsemi líkamans. Um er að ræða 2-3 vikna ferli sem einkenni breytingaskeiðsins geta fylgt. Þá er konan sprautuð með öðru lyfi sem hvetur eggjastokkana til að þroska mörg eggbú. Þegar eggbú konunnar hafa þroskast nægilega er hún kölluð inn í eggheimtu þar sem eggin eru tekin með lítilli aðgerð. Á þessum tímapunkti kemur glasið til sögunnar en egginu og sæði eiginmanns eða sæðisgjafa er blandað í tilraunaglasi þar sem náttúruleg frjóvgun fer fram. Eftir það er fósturvísinum komið fyrir í legi konunnar og hún fer heim og tekur því rólega þangað til vitað er hvort hún er þunguð.

stefanthor@frettabladid.is

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gísli Steinar Jóhannesson**
skipstjóri, frá Gauksstöðum í Garði,

sem lést 11. mars verður jarðsunginn frá Neskirkju, miðvikudaginn 21. mars klukkan 13.

**Sigríður Skúladóttir**
**Helga Gísladóttir** **Eiríkur Sigurðsson**
**Gísli Steinar Gíslason** **Inga Rós Aðalheiðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðný Sæmundsdóttir**

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, fimmtudaginn 15. mars. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 21. mars klukkan 15.00.

**Margrét Teitsdóttir** **Jón Ásgeir Eyjólfsson**
**Magnús Teitsson** **Erla S. Ragnarsdóttir**
**Oddný Teitsdóttir** **Ari Freyr Steinþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




ÚTFARARSTOFA ÚFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

---



✝

Mín ástkæra móðir, amma, systir og mágkona,

**Guðrún Hrólfsdóttir**
er látin.

Hún verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju þriðjudaginn 20. mars klukkan 16:00.

**Halldóra Magnea Fylling**
**barnabörn,**
**systkyni og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Okkar ástkæri faðir, afi og langafi,

**Lars Eiríkur Björk**
ljósmyndari,

lést þann 5. mars á Vífilsstöðum. Kveðjuathöfn fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 21. mars kl. 13.00.

**Einar Ívar Eiríksson** **Björk Þorsteinsdóttir**
**Astrid Björk Eiríksdóttir** **Einar Jónasson**
**afabörn og langafabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma

**Dýrleif Jónsdóttir**
áður til heimilis að Lindasíðu 2, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð þann 5. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**María Danielsdóttir**
**Númi Friðriksson**
**Oddný Friðriksdóttir** **Sverrir Pálmason**
**Sæmundur Friðriksson** **Hulda Friðjónsdóttir**
**Magnea Friðriksdóttir**
**Þórey Friðriksdóttir** **Gunnar Torfason**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Daníel Þórir Oddsson**

lést í Brákarhlíð, Borgarnesi, mánudaginn 12. mars síðastliðinn.

Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna, mánudaginn 19. mars frá Borgarneskirkju. Þeim sem vilja minnast hans, er bent á Hollvinasamtök Brákarhlíðar, sjá heimasíðu: www.brakarhlid.is

**Ólöf Ísleifsdóttir**
**Guðrún E. Daníelsdóttir** **Jón Kristinn Jakobsson**
**Daníel Andri Jónsson**
**Ólöf Kristín Jónsdóttir** **Guðmundur B. Kristbjörnsson**
**Jón Anton Guðmundsson**



Elsku pabbi okkar, sonur og bróðir,

**Björgúlfur Ólafsson**

rithöfundur og leiðsögumaður,

sem lést á Landspítalanum 9. mars sl. verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 20. mars kl. 15.

**Margrét Birta Björgúlfsdóttir**
**Ólafur Björgúlfsson**
**Teitur Björgúlfsson**
**Ólafur Björgúlfsson**
**Kristín Ólafsdóttir** **Örn Svavarsson**
**Bergljót Ólafsdóttir** **Arnar Stefánsson**

---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Ólafar S. Magnúsdóttur**

dvalarheimilinu Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Höfða á Akranesi fyrir góða umönnun.

**Ingibjörg J. Ingólfsdóttir** **Hreinn Björnsson**
**Magnús F. Ingólfsson** **Hlíf Björnsdóttir**
**Kristrún Halla Ingólfsdóttir** **Daníel R. Elíasson**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur faðir minn, afi og langafi,

**Sigurgeir Þorkelsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. mars. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug.

**Nína Berglind Sigurgeirsdóttir**
**Perla Ósk Young** **Elvar Einir Oddsson**
**Sigurbjörg Björgvinsdóttir**
**Ásgeir Fannar Björgvinsson**
**Mikael Hannes Elvarsson Young**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Helga Guðbjörg Brynjólfsdóttir**

Víðilundi 10 b, Akureyri,

lést á sjúkrahúsinu á Akureyri þriðjudaginn 6. mars. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 22. mars kl. 13.30.

**Laufey Einarsdóttir** **Guðmundur Sigurðsson**
**Hulda Einarsdóttir** **Jóhann Steinar Jónsson**
**Hallfríður Einarsdóttir** **Jónas Sigurjónsson**
**Birgir Einarsson** **Ragnheiður Steingrímsdóttir**
**Anna Einarsdóttir** **Arinbjörn Kúld**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---



Hjartans þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**Magnúsínu Bjarnadóttur**

Stórholti 26.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns, 2. hæð D, fyrir einstaka umönnun og alúð. Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Sólrún og Heiða Ragnarsdætur**

---



Ástkæra móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Stefánsdóttir**

Grandavegi 47, 107 Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans, fimmtudaginn 8. mars. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Stefán Oddsson** **Nína Margrét Arinbjarnar**
**Sigurbergur M. Ólafsson** **Ragnhildur Bergþórsdóttir**
**Sigríður Vigdís Ólafsdóttir** **Hafþór Halldórsson**
**Kristján Gunnar Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Ástkær, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Árdís Sigurðardóttir**

lést 25. febrúar síðastliðinn. Útförin fór fram frá Hvammstangakirkju 9. mars í kyrrþey, að ósk hinnar látnu.

**Vilborg Valdimarsdóttir**
**Hólmfríður Bára Bjarnadóttir**
**Ingi Hjörtur Bjarnason**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Huldu Jónasdóttur**

**Edda Þórsdóttir** **Stefán Þór Felixson**
**Sif Þórsdóttir** **Trausti Elísson**
**Elís Þór Traustason og Þórhildur Anna Traustadóttir**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Hermannsson**

fyrrverandi ráðherra og bankastjóri,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 23. mars kl. 13.00.

**Bryndís Sverrisdóttir** **Guðni A. Jóhannesson**
**Kristján Sverrisson** **Erna Svala Ragnarsdóttir**
**Margrét Kr. Sverrisdóttir** **Pétur S. Hilmarsson**
**Ragnhildur Sverrisdóttir** **Hanna Katrín Friðriksson**
**Ásthildur Sverrisdóttir** **Matthías Sveinsson**
**Greta Lind Kristjánsdóttir**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, tengdasonur, tengdafaðir, bróðir og mágur,

**Valtýr Georgsson**

Foldahrauni 1, Vestmannaeyjum

lést aðfaranótt laugardagsins 10. mars. Útför hans fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 24. mars kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en vilji fólk minnast hans vinsamlega látið líknarfélög í Vestmannaeyjum njóta þess.

**Sigríður Guðbrandsdóttir**
**Sindri Valtýsson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Reynir Valtýsson**
**Georg Sigurðsson**
**Sigurfinna Pálmarsdóttir**
**Sigurður Georgsson** **Elínborg Óskarsdóttir**
**Guðni Georgsson** **Vigdís Rafnsdóttir**
**Jóhann Brandur Georgsson** **Ragna Birgisdóttir**
**og aðrir aðstandendur .**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Kr. Ingadóttir**

Byggðarhorni,

er látin. Hún lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. mars sl. í faðmi fjölskyldunnar.

Útförin fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 23. mars kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styrkja Einstök börn.

**Gísli Geirsson**
**Baldvin Ingi Gíslason** **Jóhanna Þorvaldsdóttir**
**Bára Kristbjörg Gísladóttir** **Ágúst Ármann Sæmundsson**
**Sigurjón Ingi Gíslason** **Erna Sólveig Júlíusdóttir**
**Ingi Magnús Gíslason** **Bergþóra Björk Guðmundsd.**
**Sigríður Ruth Gísladóttir** **Kristján Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma,

**María Hólm Jóelsdóttir**

Grenivöllum 16, Akureyri,

lést á öldrunarheimilinu Hlíð laugardaginn 10. mars. Útför hennar fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristbjörg Auður Eiðsdóttir** **Sigurður Sigurbergsson**
**Geir Sigurður Björnsson, Sigurberg Eiður Sigurðsson**

---



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**Helga Svana Björnsdóttir**

Hrafnistu, Boðaþingi, áður Fellsmúla 14,

lést á heimili sínu 11. mars sl. Útför hennar fer fram frá Breiðholtskirkju föstudaginn 23. mars kl. 13. Starfsfólki Spóalundar, Boðaþingi, þökkum við umhyggju og alúð á liðnum árum.

**Hólmfríður Ingvarsdóttir**
**Stefán Vagnsson** **Guðveig S. Búadóttir**
**Hreinn Vagnsson** **Guðrún Sverrisdóttir**
**Birgir Vagnsson** **Kristín Kristinsdóttir**
**Gunnar Vagnsson** **Elísabet Sigurbjörnsdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



Hugheilar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ólafíu Aradóttur**

Skógarbraut 3a, Ísafirði.

**Jón Guðni Kristinsson** **Ragnheiður Gunnarsdóttir**
**Halldóra Kristinsdóttir** **Baldur Þórir Jónasson**
**Hugrún Kristinsdóttir** **Gunnar Gaukur Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnheiður Björnsdóttir**

(Radda frá Vífilsstöðum) áður til heimilis í Ytri-Njarðvík,

lést á Sólvangi í Hafnarfirði 5. mars.

Útför verður frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, mánudaginn 19. mars, klukkan 13.00. Færum starfsfólki Sólvangs innilegar þakkir fyrir alúð og umönnun. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sigurður Þorleifsson**
**Björn Vífill Þorleifsson** **Nanna Soffía Jónsdóttir**
**Sigurgeir Þorleifsson** **Þóra Harðardóttir**
**Guðrún Þorleifsdóttir** **Johan Thulin Johansen**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þóra Blöndal**

Efstaleiti 14, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 28. febrúar sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. mars kl. 11.00.

**Kjartan Blöndal**
**Svanhildur Blöndal** **Júlíus Vífill Ingvarsson**
**Ragnar Halldór Blöndal** **Ari Blöndal Eggertsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,

**Friðbjörn Heiðar Friðbjarnarson**

Byggðarholti 22, Mosfellsbæ,

lést á Landspítala í Fossvogi laugardaginn 3. mars. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jórunn J. Þórðardóttir**
**Unnar Már og fjölskylda**
**Friðbjörn og fjölskylda**
**Gyða Ólafía og fjölskylda**
**Aðalheiður Árnadóttir**

---



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Ámundi Sveinsson**

vélstjóri, Dalbraut 20, áður Kleppsvegi 16,

lést 10. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram.

**Sigurður Ámundason** **Svanhildur Pálmadóttir**
**Sigurbjörg J. Ámundadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**SKATTFRAMTAL**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| V | E | R | K | F | A | L | L | A | | Ú | | Ö | | | E | I | T | I | L |
| E | | Y | | E | | Y | | R | É | T | T | S | Ý | N | I | | Ó | | Í |
| T | A | Ð | F | L | Ö | G | U | M | | H | | K | | | K | Í | M | U | M |
| R | | B | | L | | A | | B | A | R | Þ | J | Ó | N | A | | I | | Ó |
| A | F | R | E | I | Ð | S | L | A | | Ó | | U | | | R | | N | | N |
| R | | U | | D | | K | | U | P | P | S | V | E | I | F | N | U | N | A |
| K | Y | N | B | Ó | T | A | | G | | U | | A | | | A | | | Ó | |
| V | | N | | M | | R | | A | U | Ð | S | T | É | T | T | I | N | N | I |
| Í | S | I | L | A | G | Ð | A | N | | U | | N | | Ý | | S | | A | |
| Ð | | N | | N | | I | | N | A | M | M | I | G | R | Í | S | I | N | N |
| I | N | N | L | A | G | Ð | R | A | R | | E | | Ö | | S | | | D | |
| | O | | Ó | | R | | A | | F | A | R | A | N | D | S | A | L | I | |
| Þ | R | Á | Ð | L | A | U | S | A | R | | K | | G | | P | | A | | S |
| | N | | A | | F | | S | | Á | Æ | T | L | U | N | A | R | B | Á | T |
| S | A | U | R | D | A | L | S | I | N | S | | | L | | N | | B | | Á |
| | V | | Ö | | R | | K | | | I | N | N | E | Y | G | Ð | A | | L |
| L | A | U | N | A | Þ | R | E | P | I | N | | | I | | A | | K | | M |
| | N | | G | | Ö | | L | | | G | R | Ó | Ð | U | R | H | Ú | S | A |
| Ó | D | Ó | L | E | G | | L | Æ | S | I | | | I | | | | T | | N |
| | A | | A | | N | | A | | | N | Á | G | R | A | N | N | A | N | N |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist kavíar norðursins (14).
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. mars næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „17. mars".




FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Óvelkomni maðurinn** eftir **Jónínu Leósdóttur** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Páll Helgason, 101 Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

## LÁRÉTT

**1** Meðferðarúrræðum sjálfrennireiðar skal aðeins beitt í viðeigandi mannvirkjum (9)
**10** Leggur í leiðangur eftir nauðsynjum (12)
**11** Unnt er að bæta gengi sem semur dómsorðið (9)
**13** Varpa þeirri stærstu og duglegustu fyrir borð (12)
**14** Sé að hún er með skítugan sóla; er hún blönk? (9)
**15** Þessi aðkomumaður er ekkert á förum (12)
**16** Vinsæll stampur endar sem geymsla eftirsóttra plagga (9)
**17** Dauði brjálseminnar var afleiðing ákveðinnar hegðunar (10)
**18** Les aðalgreinina um heimili trega (9)
**21** Grefur allt sem vex um völlinn græna (12)
**27** Launa sprikl með hækkun fastra greiðslna (8)
**30** Heyri að nöðrurnar niði málin öll (13)
**31** Hafa risavaxin tekið fyrsta skrefið í efsta flokkinn? (8)
**33** Þá segir dívan: Fasistar! Það er rugl að þeir hvetji til rannsókna! (13)
**34** Teória um drykkju sem haldið er á lofti í mínum skóla (8)
**35** Um ferjur kerruhestsins (13)
**38** Kyrrsetti klukku með þar til gerðri keðju (7)
**40** Fjársjóður drekanna og súðanna sem fluttu hann (12)
**41** Sá sem fékk rósir var umflotinn eggjarauðum (9)
**42** Ung ávarpa handverksmann og hugtakahönnuð (10)

## LÓÐRÉTT

**1** Lærðir um stofn fyrir efri ár – þau eru tryggð með leirtaui! (11)
**2** Dvergvaxin vilja pressu – en þó ekki mikla (11)
**3** Tel bursta blaða vera sem sælindýr (9)
**4** Svið ákveðinna bylgja leiða mig til hinna myrku tímabila (10)
**5** Tímarit fyrir grunnhyggna töffara og áhugafólk um einstaka hluta heilans (10)
**6** Gróp varpar ljósi á þær sem eru öðrum lævísari (10)
**7** Hvenær hljópst þú síðast um klettaveggi í Eyjum? (10)
**8** Rós Leifs leiddi til ánauðar og uppnáms (8)
**9** Vindgangsmöstur ergja loðdýrin (10)
**12** Sé trjónu tækla mælieiningarnar (7)
**19** Afslöppuð en þó æst í enn meiri slökun (9)
**20** Hvað með Njörð P. – er hann frá Stakksfirði eða Borgarfirði eystra? (8)
**22** Drepa á dembu með vatnsheldri flík (7)
**23** Er kvöld líður að lokum læðast lúmskar næturstundir aftan að manni (11)
**24** Torfa mun stífla göng svona fjölbýlishúsa (11)
**25** Óttar kou vinur ringlaðs þorpara (7)
**26** Búnar til í brengluðum runna (5)
**28** Um risa sem býr við tröllaslóðir (10)
**29** Suddi fyrir góðan gæja frá Hlíðarenda (10)
**32** Maður í bíltúr lendir í slysi (8)
**36** Galin eru góð í að leysa úr flækjum (5)
**37** Hvað ætli þau geri úr þessu hugarástandi? (5)
**39** Getur ekki setið kyrr þegar þau riða til falls (4)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 5 | | 3 |
| | 2 | | 7 | 3 | | | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | | | | 3 | 4 | 1 | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 6 | 8 | |
| | 5 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| 7 | | | 6 | | | 8 | | 2 |
| | | 8 | | 5 | | 1 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | 1 | | | 3 |
| 8 | | | | 9 | | 7 | | 2 |
| | | 5 | | | 4 | 6 | | |
| 5 | | | 3 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | 4 | | | 3 | 7 | |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 1 | | |
| | 7 | 8 | 1 | | | | | |
| 6 | | | | 7 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 5 | 9 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| | | 5 | 6 | | | | | 7 |
| | | 2 | | | 6 | | 1 | |
| 1 | | 9 | | 2 | | | 7 | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 9 | | 8 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 1 | 7 | 2 | 5 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 2 | 4 | 9 | 1 | 6 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 3 | 4 | 2 | 1 | 8 |
| 5 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 6 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 9 | 3 | 8 | 7 |
| 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 2 | 8 | 4 | 3 |
| 9 | 3 | 8 | 6 | 4 | 5 | 1 | 7 | 2 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 9 | 5 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 | 7 | 2 | 4 |
| 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 9 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 2 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 | 6 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 7 | 8 |
| 7 | 5 | 8 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 9 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 3 | 5 | 9 | 7 |
| 3 | 7 | 1 | 9 | 4 | 5 | 8 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 4 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 1 | 3 | 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 2 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 7 | 1 | 3 | 5 |
| 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 2 | 3 |
| 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 8 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 3 | 7 | 9 | 5 | 2 | 1 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 |

## Skák Gunnar Björnsson



Neistadt átti leik gegn Gerbulin árið 1946.

**Hvítur á leik**

**1. Dg7! Hxg7 2. hxg7.** Áskorendamótið er í fullum gangi en teflt er í Berlín. Caruana var efstur eftir fimm umferðir. Í dag: Íslandsmót barnaskólasveita í Rimaskóla.

**www.skak.is:** Áskorendamótið

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

## Gervisagnir geta reynst hættulegar

Þegar Íslendingar unnu Pólverja í úrslitaleik um heimsmeistaratitilinn 1991 í Yokohama græddu Íslendingar 11 impa á þessu spili þar sem gervisagnir komu við sögu. Pólverjarnir voru með flókið gervisagnakerfi og höfnuðu í 3 gröndum á suðurhöndina. Opnun þeirra kom í veg fyrir að austur (Örn Arnþórsson) gæti komið inn á spaðalit sinn – sem var lykillinn fyrir sögnum á hinu borðinu. Vestur var gjafari og allir utan hættu. Eftir pass Guðlaugs R. Jóhannssonar í vestur opnaði Pólverjinn Balicki á norðurhöndina á einum ♠* sem sýndi 7-12 punkta og 0-2 ♠ eða 6 ♠ eða fleiri. Þeir melduðu án afskipta Íslendinga, Zmudsinski gaf spurnarsögnina 2 ♣ og Balicki sagði 3 ♣ sem sýndi hámark og 5+ ♣. Þá kom spurnarsögnin 3 ♦ og Balicki sagði 3 ♠ sem sýndi 2 ♠ og engan hliðarlit. Þá lauk sögnum í 3 gröndum sem Zmudsinski valdi. Sagnir gengu á annan veg þar sem Íslendingar sátu NS (Þorlákur-Guðmundur Páll):

**Norður**
♠ 82
♥ K96
♦ DG10
♣ ÁG875

**Vestur**
♠ 97
♥ 7532
♦ K65
♣ K1032

**Austur**
♠ KG654
♥ DG10
♦ 3
♣ D964

**Suður**
♠ ÁD103
♥ Á84
♦ Á98742
♣ -

Þorlákur opnaði á eðlilegu laufi í norðurhöndina og Pólverjinn Szymanovski kom inn á 1 ♠ á hönd austurs. Guðmundur Páll gaf eðlilegu kröfusögnina 2 ♦ á suðurhöndina og heyrði Þorlák gefa stuðningsögnina 3 ♦. Guðmundur Páll var ekkert að hika við sagnir og stökk beina leið í 6 ♦ með líklegar spaðasvíningar á hendi sinni. Þrjú grönd unnust slétt eftir hjartaútspil en 6 tíglar voru auðveldir til vinnings eftir spaðasögn austurs.


KRÓNAN
Gestus pönnukökumix
199 kr. pk.
First Price múslí, 1 kg
279 kr. pk.
Jarðarber Driscolls 454 g
699 kr. pk.
Ódýrt
Gestus grísk jógúrt, 1 l
699 kr. stk.
Gæðabakstur Crossant
109 kr. stk.
LÚXUS BRÖNS
FYRIR 4
ALLT ÞETTA UNDIR 1000 KR. Á MANN
*Heildarverð 3835 kr. Miðað við 400 g pakka af beikoni
Happy Day mangó og appelsínu safi
199 kr. stk.
Krónu beikon
1719 kr. kg
Gul melóna
199 kr. kg
Stjörnu egg, 6 stk.
369 kr. pk.
Gestus bakaðar baunir
69 kr. stk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 18. mars. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRAKKAR

Leikurinn

## Skemmtilegir leikir

Á Leikjavefnum (www.leikjavefurinn.is) má finna safn ýmissa leikja fyrir alla fjölskylduna sem börn og fullorðnir hafa farið í um áraraðir. Þar er leikjum meðal annars skipt upp í hreyfileiki, orðaleikir eru í flokknum Mál og hugsun og hópleikir á borð við apaleikinn, jörð, loft, eld og vatn, fallin spýta, hákarlatjörn og blindi indíánahöfðinginn.



TEIKNING EFTIR
Gunnþóru Rós

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| N | A | T | S | J | D | U | Ð | M | U | P | H | E | Y | X | N | P | Á | L | I | É | X |
| M | Ó | S | F | Æ | Ð | Á | X | N | Ý | V | E | E | Á | H | E | K | L | A | A | Ö | I |
| E | Æ | í | A | Á | U | Þ | H | A | B | N | N | Ö | D | Æ | V | U | A | V | Ó | F | H |
| Ö | I | Ú | Þ | T | O | Ý | D | J | D | Ú | G | Ð | V | X | K | É | H | T | N | B | Ö |
| R | Þ | P | S | Ó | Æ | G | G | F | N | í | I | A | í | Ö | R | V | R | U | L | H | O |
| Æ | T | X | E | É | O | L | X | R | U | Y | L | U | J | T | Ý | K | M | A | Á | A | J |
| F | E | L | B | B | T | í | í | I | Í | T | L | S | Ö | Ö | S | Y | R | K | B | É | K |
| A | H | J | B | D | R | E | U | í | í | M | L | Þ | Æ | S | U | A | D | A | E | B | É |
| J | í | Y | Æ | Ð | U | H | V | L | K | L | S | K | Þ | T | V | U | L | A | F | U | R |
| Ö | I | J | Þ | K | A | Ð | G | K | E | F | S | V | Ý | Ó | Í | Ó | A | B | M | L | N |
| K | P | M | K | V | E | R | K | F | J | Ö | L | L | Ö | D | K | J | A | Ó | O | Ú | A |
| U | U | T | H | Æ | Ö | N | Æ | E | I | L | A | O | V | T | K | H | I | Y | B | J | Ú |
| L | Á | X | Ð | P | F | N | í | L | E | Ó | D | N | í | S | N | X | K | Æ | Ö | É | X |
| L | Ö | M | F | Ý | S | M | S | D | B | Á | R | Ð | A | R | B | U | N | G | A | X | Y |
| V | M | N | V | Ó | Y | T | M | E | M | V | í | O | Y | F | D | I | T | D | í | Á | Y |
| R | N | N | E | Ó | Ö | J | S | Y | M | G | N | Ó | V | E | E | J | E | H | G | E | Æ |
| E | Y | J | A | F | J | A | L | L | A | J | Ö | K | U | L | L | Ð | I | J | I | J | H |

### Lausn á gátunni

Öræfajökull, Askja, Bárðarbunga, Eldey, Eyjafjallajökull, Grímsvötn, Hekla, Hengill, Katla, Krafla, Krýsuvík, Kverkfjöll og Snæfellsjökull

## Konráð og félagar á ferð og flugi

293

„Allt í lagi,“ sagði Kata. „Svo við ætlum að ferðast um landið?“ Róbert sperrti sig. „Hvaða leið sem er, ég þekki fjöllin eins og handarbakið á mér.“ „Heyrðu mig nú,“ sagði Kata byrst. „Ég er sko alls ekki að fara að klöngrast yfir fjöll og firnindi. Við keyrum og komum við í öllum bæjum þar sem eru sjoppur.“ Róbert var ekki hress með þetta. „Ég er líka viss um að þú gætir ekki nefnt þrettán eldfjöll á landinu þótt þú ættir lífið að leysa,“ bætti hún við ákveðin. Róbert rétti úr sér rogginn: „Treystu mér, ég þekki þetta allt.“ Kata ranghvolfdi í sér augunum. Hún taldi sig nú vita betur.



Getur þú hjálpað Róberti að finna þrettán eldfjöll í þessu stafarugli? Athugið að nöfnin geta verið skrifuð bæði lóðrétt, lárétt og á ská.




# Skemmtilegast að syngja og dansa

**Nafn:** Ragnheiður Björt Þórarinsdóttir
**Aldur:** 9 ára
**Skóli:** Langholtsskóli
**Áhugamál:** Að dansa og syngja er það skemmtilegasta sem ég geri. Ég er að æfa dans í JSB.
**Uppáhaldsfag:** Enska út af því að þá get ég talað fleiri tungumál og átt möguleikann á því að kynnast fleira fólki.
**Ferðalög:** Mér finnst gaman að ferðast og fór síðast til Þýskalands með mömmu minni.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frímínútum?** Vera með vinkonum mínum og vinum.

**Hvaða útileikir finnst þér skemmtilegir?** Þógó er langskemmtilegasti útileikurinn.



Ragnheiður Björt Þórarinsdóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

**Hvað finnst þér best að borða?** Sushi!

**Hvað gerir þú um helgar?** Bara hef það kósí.

**Áttu þér uppáhaldskvikmynd?** Já, ég held að uppáhaldskvikmyndin sé Star Wars.

**Áttu gæludýr?** Nei, en ég myndi vilja það, annaðhvort kött eða hund.

**Hvað gætir þú hugsað þér að verða þegar þú ert orðin stór?** Ég held að ég vilji verða rappari.

**Uppáhaldsbók?** Já, Engin venjuleg Valdís.

# GLAMOUR

# ÁSKRIFTARTILBOÐ

5 tölublöð af Glamour, send heim að dyrum + EGF Serum frá Bioeffect

## AÐEINS 9.990 kr.

Heildarverðmæti pakkans er 19.900 kr.







EGF serum húðdroparnir frá Bioeffect eru margverðlaunuð vara sem hefur farið sigurför um heiminn. Öflugt og hreint serum sem eykur kollagen- og elastínmyndun húðarinnar, auk þess að draga úr hrukkum, gefur henni meiri raka og eykur þykkt hennar.

* Aðeins takmarkað magn í boði
– fyrstir koma, fyrstir fá!

## Þrjár auðveldar leiðir til að skrá sig í áskrift

1. Farðu inn á Glamour.is og skráðu þig í áskrift
2. Hringdu í síma: 512 5550
3. Sendu okkur tölvupóst á glamour@glamour.is

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á SAMFÉLAGSMIÐLUNUM

Facebook – Glamour Iceland
Instagram @glamouriceland #glamouriceland
Twitter - GlamourIceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Austan og suðaustan 8-18 m/s, hvassast syðst. Rigning SA-lands, en annars úrkomulítið og víða bjart veður fyrir norðan. Heldur hægari á morgun og rigning með köflum sunnan til en áfram bjart norðan til. Hiti 3 til 10 stig, en víða næturfrost í innsveitum.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. -3° | Oslo -3° | Stokkhólmur -3° | Gautaborg -2° | Helsinki -3° | Þórshöfn 4° | Nuuk -6° |
| London 1° | Amsterdam -1° | París 8° | Berlín -2° | Madríd 4° | Brussel 0° | Róm 12° |
| Boston -6° | New York -3° | Orlando 11° | Moskva -11° | Singapúr 28° | Tókýó 5° | Sydney 22° |







## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↖8 | 5° ↑7 | 6° ↗7 | 5° ←11 | 4° →1 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗13 | 3° ↗12 | 4° ↗8 | 1° ↖5 | 2° ↗8 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↗7 | 3° ↗10 | 4° ↗7 | 3° ↑3 | 2° →5 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↑3 | 3° ↗4 | 3° ↑6 | 2° ↗2 | 2° ↓2 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↑2 | 4° ↗3 | 3° ↑2 | 5° ←7 | 3° ↓9 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Nístandi fagurt tímamótaverk



**KVIKMYNDIR**

**Andið eðlilega**

★★★★☆

**Leikstjóri:** Ísold Uggadóttir
**Aðalhlutverk:** Kristín Þóra Haraldsdóttir, Babetida Sadjo, Patrik Nökkvi Pétursson

**NIÐURSTAÐA:** Ísold segir mikla og áhrifaríka sögu á töfrandi hátt og lætur engan ósnortinn. Andið eðlilega er krefjandi, nístandi fögur mynd sem á erindi við alla. Út um allan heim. Lengri útgáfu af dómnum má finna á www.frettabladid.is undir Lífið.

Samkvæmt þeim fræðum sem ég hef helst stúderað er smásagan vandmeðfarnara og flóknara form en skáldsagan enda kúnst að segja mikið með fáum orðum á enn færri blaðsíðum. Sömu lögmál hljóta að gilda um stuttmyndir og kvikmyndir í fullri lengd. Ísold Uggadóttir hefur með nokkrum stuttmyndum á síðasta rúma áratug fest sig í fremstu röð leikstjóra sem leggja til atlögu við þetta krefjandi form.

Ísold er búin að slípa stíl sinn vel með stuttmyndunum og segir hér mikla sögu á 95 mínútum með engum óþarfa útúrdúrum eða málalengingum. Það sem er ósagt og liggur í undirtextanum segir allt sem segja þarf.

Andið eðlilega er risastór mynd, alíslensk, en samt svo alþjóðleg, og tekur á viðkvæmum hitamálum; fátækt og ömurlegum aðstæðum hælisleitenda og fólks á flótta. Handrit Ísoldar segir mannlega og nístandi fallega samtímasögu af slíku ofurnæmi og alúð að mann setur beinlínis hljóðan.

Ung einstæð móðir er að bugast á baslinu. Á endalausum hrakhólum með syni sínum skrimtir hún við illan leik frá degi til dags. Tilviljun ræður því að leiðir hennar og flóttakonu frá Afríku skarast. Kynni ungu móðurinnar við aðra móður sem er aðskilin frá barni sínu og hefur lifað í stöðugum lífsháska og á flótta hefur varanleg áhrif á báðar konurnar.

Ólíkt því sem stundað er í lágkúrulegri umræðunni á Íslandi er þessum konum, mæðrum, ekki stillt upp sem andstæðupari. Lífshamingja annarrar veltur ekki á því að hinni sé útskúfað. Andið eðlilega er mynd sem reynir virkilega á áhorfandann, gerir kröfur til hans, og ef hann gefur sig frásagnarlist Ísoldar á vald uppsker hann ríkulega. Yfirgefur kvikmyndahúsið vonandi aðeins betri manneskja en hann var þegar hann settist í myrkrið.

Mest mæðir á Kristínu Þóru Haraldsdóttur í hlutverki ungu móðurinnar og hún er hreint út sagt meiriháttar. Hún nær taki á manni strax í upphafssenunni og sleppir aldrei. Babetida Sadjo gefur henni ekkert eftir og Patrik Nökkvi Pétursson er dásamlegur í hlutverki sonarins.

Ég minnist þess ekki áður að hafa fellt tár á íslenskri kvikmynd og þau meira að segja allnokkur. Brjóstvitið segir mér því að Andið eðlilega er besta kvikmynd sem ég hef séð. Tímamótaverk.

**Þórarinn Þórarinsson**





LANGTÍMASAMBAND **Á LEIGUMARKAÐI**

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

www.heimavellir.is

HEIMA VELLIR ÖRUGGLEIGA



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Svarið er fólgið í því að fólk felur í sér sinn tíma

**Í dag verður opnuð í galleríi Kling og Bang í Marshallhúsinu sýning á verkum listakonunnar Elizabeth Peyton. Hún er heimskunn fyrir portrett af fjölskyldu jafnt sem frægum, samtímafólki og andlitum sögunnar.**

Bandaríska listakonan Elizabeth Peyton hefur notið heimsfrægðar frá því um miðjan tíunda áratuginn en hún opnar einkasýningu í galleríi Kling og Bang í Marshallhúsinu í dag. Þekktust er hún fyrir portrettmyndir sínar sem eru oft af fjölskyldumeðlimum, vinum og kunningjum en einnig þekktum andlitum á borð við bresku konungsfjölskylduna, listhlaupara, poppstjörnu, þekkt andlit úr mannkynssögunni og þannig mætti áfram telja.



Ragnar Kjartansson, Elizabeth Peyton og Ingibjörg Sigurjónsdóttir tóku stutta hvíld frá uppsetningu til þess að spjalla um hana og listina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Markús og Wagner

Listakonan Ingibjörg Sigurjónsdóttir hefur haft veg og vanda af því að fá Elizabeth Peyton til þess að sýna í Kling og Bang en Ragnar Kjartansson, eiginmaður Ingibjargar, hefur einnig verið þeim innan handar. Þau voru öll í óðaönn við að hengja upp sýninguna þegar blaðamann bar að garði en þrátt fyrir annir gáfu þau sér stund til þess að tylla sér í gluggasyllu og spjalla. Sýningin ber yfirskriftina The Universe of the World-Breath. Þessi orð eru sótt í verk þýsku skáldkonunnar Mathilde Wesendonck og tónskáldsins Richards Wagner, sótt í óperuna Tristan og Ísold.

En hvað skyldi það vera sem dregur Elizabeth Peyton að tónlist og hugarheimi Richards Wagner? „Það var reyndar aldrei ætlunin að Wagner yrði viðfangið enda er hann það í raun ekki, en ég bað Markús Þór Andrésson sýningarstjóra að skrifa fyrir þessa sýningu og merkilegt nokk, þá mætti hann með ritgerð um Tristan og Ísold,“ segir listakonan, hlær og hugsar sig um góða stund. „En ég held að það sem heillar mig sé hvernig Wagner nær að tjá tilfinningar án orða. Það heillar mig og ég tengi við það vegna þess að ég vil að mín verk séu annað og meira en lýsingar. Þess vegna hlusta ég á þessa tónlist og hún hjálpar mér til þess að finna leiðir að því að stækka mín eigin verk – minn eigin heim.“

### Fólk felur í sér sinn tíma

Ragnar hafði haft á orði að eitt af því sem heilli við verk hennar sé hvernig heimurinn og eitt andartak séu undir í einni og sömu andránni. Elizabeth Peyton tekur undir þetta og segist leiða hugann að því hversu magnað það er að það sem gerist í andartakinu, hér og nú, endurómi út í alheiminn. „Þannig getur það verið með stórar hugmyndir, þær geta ómað frá eldhúsborðinu eða náð þangað, þetta vinnur í báðar áttir. Eins og að draga að sér andann í alheiminum eins og hjá Wagner, en sú hugsun var líka tilviljun – hugsun sem kom með Markúsi til mín,“ segir hún og hlær glaðlega. Ragnar bendir á að kvöldið áður hafi þau líka farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands og þar hafi einmitt Wagner verið á efnisskránni. „Þetta er allt endurómun á þessu eina og sama ástarævintýri, eins og Wagners og Mathilde Wesendonck og Tristans og Ísoldar,“ segir Elizabeth spsok.

En hvað skyldi hafa dregið hana að því að mála andlit? Hvers vegna varð portrettið fyrir valinu? „Ég veit það ekki. Ég hef alltaf verið heilluð af því að gera myndir af fólki. Þegar ég var barn þá var ég alltaf að teikna myndir af listhlaupurum og ég geri það enn vegna þess að það heillar mig. Eftir því sem maður eldist þá fer fólk að spyrja hvers vegna og þá fór ég að vera meðvitaðri. Ég held að svarið sé fólgið í því að fólk felur í sér sinn tíma. Í andlitinu, í hreyfingunum og öllu sem einkennir okkur. Það sést af því að það er þarna og er mótað af tímanum – lífinu. Fyrir mig eru þetta því ákveðin viðbrögð, að sækja það sem er þarna nú þegar og framkalla það.

### The Universe of the World-Breath

**Á sýningunni verða níu verk unnin á árunum 2017 og 2018: tvö einþrykk, ein teikning með litblýanti og pastel, ein æting, ein vatnslitamynd, tvö olíumálverk, ein æting með mjúkgrunni og tvær dúkristur.**

**Allar myndirnar nema ein sýna fólk. Þetta eru myndir af vinum; Bella D'arcangelo 8 ára, Kristian Emdal og Antoine Wagner; sjálfsmynd af listamanninum; tvær myndir af japanska listhlauparanum á skautum Yuzuru Hanyu; teikning sem gerð er eftir portretti Michelangelo af Andrea Quaratesi; sena af Fríðu að falla í fang Dýrsins úr kvikmynd Jean Cocteau La Belle et la Bête og eitt málverk af blómum.**

**Ýmist sat fólkið fyrir hjá listamanninum, og/eða verkin voru sköpuð upp úr ljósmyndum listamannsins eða fundnum ljósmyndum, kvikmyndum og eftir minni.**

### Treysti innsæinu

Aðspurð um það hvernig hún hafi ákveðið hvaða verk hún tæki með fyrir þessa sýningu segir Elizabeth að það sé erfitt að svara því. „Ég hef komið hingað oft áður og ég kom sérstaklega til þess að skoða þetta rými en svo ákvað ég að treysta því að þetta ætti við hér og nú. Þetta er ekki merkilegt svar en svona var þetta.“ Ingibjörg tekur undir þetta og segir að það hafi einmitt verið mikilvægt að treysta þessu innsæi. „Þannig náði hún að skapa þessari sýningu rétta andrúmsloftið,“ bætir hún við og svo gleyma þau sér við að velta því fyrir sér hvernig myndirnar á sýningunni tengjast saman. „Þetta er listin í andartakinu eins og listhlauparinn sem hún málar og það gengur upp,“ bætir Ragnar við. „Hún málar bæði það sem er í andartakinu og það sem er goðsögulegt og lifir um alla tíð. Það er svo heillandi.“

Ingibjörg tekur undir þetta og minnir á hversu stolt og glöð þau í Kling og Bang séu að fá þessa sýningu hingað handa Íslendingum. „Þetta er draumur sem við höfum beðið um að rættist í nokkur ár og nú er loksins komið að því. Takk, Elizabeth.“



BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
The Florida Project ........ 17:45
The Shape Of Water ........ 17:30, 22:15
Loveless ........ 17:30
Fantastic Woman ........ 20:00
Women Of Mafia ENG SUB ........ 20:00, 22:30
Spoor ........ 20:00
Three Billboards Outside Ebbing Missouri ........ 22:30


# Í allri þessari tónlist er sterkur þjóðlagastrengur

**Píanóleikarinn og tónlistarfræðingurinn Dzintra Erliaha og sellóleikarinn Emma Aleksandra Bandeniece halda tónleika í Hannesarholti í dag þar sem þær kynna tónlist heimalands síns fyrir Íslendingum.**

Dzintra Erliha, píanóleikari og tónlistarfræðingur, er stödd á landinu þessa dagana ásamt sellóleikaranum Emmu Aleksöndru Bandeniece í tilefni af 100 ára afmæli sjálfstæðis Lettlands. Báðar eru þær vel þekktar í heimalandinu og víðar en Dzintra Erliha flutti í gær tónleikafyrirlestur í flyglasal Listaháskóla Íslands og í dag klukkan 15 verða þær með tónleika í Hannesarholti. Þó að erindi þeirra sé fyrst og fremst að kynna kammertónlist heimalandsins segir Erliha aðspurð að náttúran dragi hana alltaf til Íslands. „Ég elska íslenska náttúru og er alltaf svo spennt að skoða landið í hvert sinn sem ég kem hingað. Og svo er það líka fólkið sem dregur mig hingað sem tónlistarkonu vegna þess að mér finnst Íslendingar njóta tónlistar svo innilega. Ég finn hvernig Íslendingar hlusta á tónleikum og skynja hjá þeim hvernig þeir njóta tónlistarinnar. Þess vegna finnst mér alltaf alveg sérstaklega gott og skemmtilegt að spila hérna.“

